



Sögubrot síðustu aldar

Menningarsaga uppsveita Árnessýslu

Einstaklingsverkefni A
Nr. 05.67.20
Hagnýt Menningarmiðlun
Leiðbeinandi: Örn Hrafnkelsson

Skúli Sæland

Ljósmynd á forsíðu:

Heyskapur á Miðhúsum 1964. Margrét með Ingunni ársgamalli og Helgu tveggja ára lengst til vinstri. Arnór átta ára með hundinn Snata í miðju og lengst til hægri er Sighvatur að gera upp reipi sem notað var til að draga fúlguna að fjárhúshlöðunni. Tíkin Týra flaðrar upp um hann. (Sighvatur Arnórsson, ljósmyndari ókunnur)¹

¹ Skúli Sæland, *Mannlíf í Biskupstungum*, 2. útgáfa, (Skálholtsstaður, 2008), mynd 16.

1 Úrdráttur

Þetta verkefni lýsir aðferðum við skráningu og kynningu á menningarsögu uppsveita Árnassýslu á 20. öld. Sveitarfélög uppsveitanna eru Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur og hafa þau haft náið samstarf síðustu áratuginu og er verkefnið unnið í samstarfi við þau.

Þessari skýrslu er ætlað að marka ramma utan um vefsíðuna *Sögubrot síðustu alda* þar sem fjallað verður um menningarsögu uppsveita Árnassýslu á 20. öld. Mörkuð er stefna umfjöllunar um menningarsögu svæðisins og gefin dæmi um slíka umfjöllun. Menningarfulltrúar sveitarfélaga uppsveitanna geta síðan nýtt sér þessa skýrslu og markmið verkefnisins til að velja aðila og umfjöllunarefni til bæta efni inn á vefsvæðið. Með því að mynda safn ítarlegra upplýsinga um menningarsögu svæðisins skapar *Sögubrot síðustu alda* frjóan jarðveg sem einstaklingar innan sveitanna geta nýtt sér við frumkvöðlaverkefni á sviði menningartengdar ferðaþjónustu. Þeir geta fundið efni sem tengist verkefnum sínum og hvert þeir geta leitað frekar eftir upplýsingum.

Hér er menningaráætlun menntamálaráðuneytis lýst og hvernig Menningarráð Suðurlands og sveitarfélög uppsveita Árnassýslu hafa staðið að því að framfylgja þeim. Kynnt er hvernig hvert og eitt sveitarfélag uppsveitanna hefur mótað menningaráætlanir sínar. Til samanburðar er lítið til Bretlands þar sem stjórn Verkamannaflokksins hefur fylgt mjög áhugaverðri menningaráætlun sem felst í því að dreifa umsjón menningarverkefna út til sveitarfélaganna.

Lagðar eru línurnar hvernig sveitarfélögin geta framfylgt metnaðarfullri menningarsögulegri áætlun á sem víðtækastan og fjölbreyttastan máta. Hvernig þau geta mótað sér menningaráætlun sem hentar þeim ýmist í sitt hvoru lagi eða sameiginlega.

Sýnt er fram á hvernig hægt er með litlum tilkostnaði að kynna menningu og sögu uppsveita Árnassýslu með því að nýta menningarstarfsemi sem fyrir er og gögn safna. Kynntur er gangabanki sem unninn hefur verið upp úr skráningum opinberra safna sýslunnar. Bent er á leiðir til kynningar og varðveislu á menningarsögu uppsveitanna og hvernig hægt er að gera það með sem minnstum tilkostnaði.

Efni úr upptökusafni Stofnunar Árna Magnússonar er kynnt, leiðir til að fjalla um sögu sveitarfélaganna sem gefur skemmtilega innsýn í samfélagið í pistlum sem fjalla um allt frá einstaklingum til uppsveitanna í heild. Myndbandsupptökur, gagnabanki safna í sýslunni svo eitthvað sé nefnt.

Efnisyfirlit

1	Údráttur.....	3
	Inngangur.....	7
2	Pátttakendur.....	9
3	Forsendur.....	10
	3.1 Markmið.....	10
	3.2 Uppsveitir Árnassýslu.....	11
	3.3 Menning.....	12
	3.4 Markhópur.....	12
4	Menning – leiðir til skilgreiningar.....	13
	4.1 Hvað er menning?.....	13
	4.2 Menningararfurinn.....	14
	4.3 Menningarsvæðið uppsveitir Árnassýslu.....	16
5	Menningarstefna ríkis og sveitarfélaga.....	18
	5.1 Stefna ráðuneyta ríkisins í menningarmálum.....	18
	5.2 Samstarf sunnlenskra sveitarfélaga í menningarmálum.....	22
	5.3 Menningarmálanefndir í uppsveitum Árnassýslu.....	26
	5.4 Stefnumótun ríkis og sveitarfélaga í Bretlandi.....	28
	5.5 Mat á stefnumótun opinberra aðila.....	30
6	Menningartengd atvinnuuppbygging.....	32
	6.1 Menningar- og sögutengd ferðaþjónusta.....	32
	6.1.1 Gæði og gestrisni.....	39
	6.2 Menningarsetur.....	43
	6.3 Listahátíðir og aðrir viðburðir.....	44
	6.4 Fræðsla og samstarf við skóla.....	45
	6.5 Uppbygging menningarþjónustu í uppsveitunum.....	46
7	Aðferðafræði.....	47
	7.1 Menningarsaga uppsveita Árnassýslu.....	47
	7.1.1 Þjóðfræðigrunnur Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi [SÁM].....	47
	7.1.2 Kvikmyndir.....	48
	7.1.3 Textaleg umfjöllun.....	48
	7.1.4 Málþing, viðburðir og aðrar upptakomur.....	49
	7.1.5 Vefdagbækur, fréttasvæði og fleiri vefviðmót.....	49
	7.1.6 Menningarsögulegur gagnabanki.....	50
8	Menningarsaga uppsveita Árnassýslu.....	52
	8.1 Einstaklingar.....	52
	8.2 Félög.....	53
	8.3 Búseta.....	54
	8.4 Mannvirki.....	54
	8.5 Grunnstofnanir samfélagsins.....	54
	8.6 Önnur menningarmálefni.....	55
	8.6.1 Ljósmyndir.....	55
	8.6.2 Viðurkenningar.....	55
	8.6.3 List.....	55
	8.6.4 Munnlegur menningararfur.....	55
	8.6.5 Lifandi myndir.....	56
9	Lokaorð.....	57
10	Viðaukar.....	59
	10.1 Flokkun starfsstétta.....	60
	10.2 Persónuvernd.....	61
	10.3 Ráðgjafar.....	64

10.4	Drög að Staðardagskrá 21 í Hrunamannahreppi.....	65
10.5	Landnámsdagur 2008 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.....	67
10.6	Úthlutunarreglur vegna styrkveitinga til listnáms og listtengdra viðburða í Bláskógabyggð.....	68
10.7	Erindisbréf Æskulýðs- og menningarmálanefndar Bláskógabyggðar.....	70
10.8	Einstaklingar sem fjallað er um.....	72
10.8.1	Stjórnsýsla.....	72
	Skúli Gunnlaugsson, Bræðratungu.....	72
	Jörundur Brynjólfsson alþingismaður, Skálholti.....	72
10.8.2	Kennimenn.....	72
	sr. Guðmundur Óli Ólafsson, Skálholti.....	72
	Sigurlaug Erlendsdóttir, Torfastöðum.....	72
10.8.3	Heilsugæsla.....	72
	Skúli Árnason læknir, Skálholti.....	72
	Þórdís Símonardóttir ljósmóðir.....	73
10.8.4	Vinnufólk.....	73
	Rannveig Ólafsdóttir, Drumboddsstöðum.....	73
	Jón Halldórsson, Stóra-Fljótí.....	73
10.8.5	Kennsla.....	73
	Stefán Sigurðsson.....	73
	Anna Magnúsdóttir prestsfrú, Skálholti.....	73
10.8.6	Bændur og bústýrur.....	73
	Sigríður Tómasdóttir, Brattholti.....	73
	Þorsteinn Sigurðsson, Vatnsleysu.....	73
10.8.7	Handverksmenn.....	73
	Þórdís Egilsdóttir frá Kjóstöðum.....	74
	Egill Þórðarson, Kjóstöðum.....	74
10.8.8	Hugverksmenn.....	74
	Hannes Þorsteinsson frá Brú.....	74
	Guðríður Þórarinsdóttir, Drumboddsstöðum.....	74
10.8.9	Ýmis störf.....	74
	Sigurður Greipsson, Haukadal.....	74
	Vilborg Bjarnadóttir, rjómabússtýra.....	74
10.8.10	Störf þrátt fyrir líkamlegar og félagslegar skörður.....	74
	Steinunn Egilsdóttir, Spóastöðum.....	74
	Hallgrímur Halldórsson.....	75
10.9	Dæmi um umfjöllun um einstakling.....	76
10.10	Þjóðfræðisafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.....	79
10.10.1	Varðveisla og flokkun.....	79
10.10.2	Viðtöl er snerta Biskupstungur.....	80
10.11	Eyrún Ingadóttir: „Laugarvatn: Draumaland listamanna!“.....	92
10.12	Starfslýsing ferðamálafulltrúa uppsveita Árnessýslu.....	96
10.13	Gagnalýsing menningarsögulegs gagnabanka.....	97
10.14	Sundurgreining trúfélaga.....	98
10.14.1	Prestaköll.....	98
10.14.2	Sóknir.....	98
10.14.3	Kirkjur.....	98
10.15	Grunnstofnanir sveitarfélaganna.....	99
10.15.1	Hreppsnefndir.....	99
10.15.2	Löggæsla.....	99
10.15.3	Tryggingar.....	99

Sögubrot síðustu aldar

10.15.4 Dýralæknar.....	99
10.15.5 Heilsugæsla.....	99
10.15.6 Vatnsveitur.....	99
10.15.7 Rafmagn.....	100
10.15.8 Póstur og sími.....	100
10.15.9 Skóli.....	101
10.15.10 Samgöngur.....	101
10.16 Dæmi um heimildaljósmynd.....	103
11 Heimildaskrá.....	104

Inngangur

Allir þurfa að þekkja sitt heimasvæði og menningu. Auðugt menningarlíf endurspeglar frjó samskipti, líf og tilveru. Menningin auðgar ekki aðeins líkama og sál heldur einnig pyngjuna. Sönglíf, menningartengd ferðaþjónusta, menntun, fræðistörf, sýningar og íþróttastarfsemi er hluti kraftmikils menningarlífs sem eykur vellíðan og velmegun íbúa í hverju sveitarfélagi. Sveitarfélög gætu styrkt innviði samfélagsins með uppbyggingu vefsvæðis þar sem menning og saga uppsveita Árnassýslu er kynnt.

Það hefur færst í vöxt að matreiða menningu fyrir ferðamenn og litíð er til þess sem vaxtarbrodds í atvinnustarfsemi víða um land. Rannsóknir hafa sýnt að

[á] stað þar sem heimamenn hafa lagt grunn að varðveislu menningararfs og hafa virkt menningarframboð sem þjónar jafnt heimafólki sem gestum má búast við öflugri sjálfsmýnd heimamanna sem aftur er auðlind fyrir þann stækkandi hóp fólks sem stundar menningarferðalög og kalla mætti menningarferðalanga.²

Markmið verkefnisins *Sögubrot síðustu aldar. Menningarsaga uppsveita Árnassýslu [Ssa]* er að kynna menningarsögu uppsveita Árnassýslu á 20. öld. *Sögubrot síðustu alda* gera notendum kleift að kynna á einum stað efni um persónur, félög, atvik og fleira í sögu og menningarlífi uppsveitanna. Menningarsögu svæðisins er lýst frá hinu smæsta til hins víðtækasta á sameiginlegu vefsvæði sveitarfélaga í uppsveitum Árnassýslu, www.sveitir.is.³

Lagður er fram rökstuðningur fyrir því hvers vegna öflug menningarsöguleg vefsíða styrkir innviði og menningarstarf sveitarfélaganna í uppsveitum Árnassýslu. Er þá bæði átt við einstaklinga og sveitarfélög. Sett er fram rökstudd hugmynd um uppbyggingu vefsvæðisins með þeim hætti að menningarfulltrúar sveitarfélaganna geti nýtt sér vefsíðuna með einföldum og skilvirkum hætti á komandi árum.

Sýnt verður með dæmum hvernig ritaður texti, hljóðskrár og lifandi myndir geta kynnt menningu og sögu svæðisins með áhrifaríkum og einföldum hætti. Unnar verða greinar sem eru 500-1000 orð hver auk þess sem birtar verða ljósmyndir ásamt mynd- og hljóðskeiðum.

Áhugamenn um sögu og menningu uppsveitanna, nemendur og kennarar, fræði- sem og ferðamenn ásamt menningarfulltrúum sveitarfélaganna munu geta nýtt sér Ssa afskaplega vel. Jafnvel enn fleiri er fram í sækir.

Til kynningar á skýrslunni byrja ég á að greina frá þátttakendum og hverjar helstu forsendur hennar eru. Fyrst af öllu er að átta sig á hvað felst í uppsveitum Árnassýslu og hvers vegna þau eru viðfangsefni þessarar kynningar. Því næst fjalla ég um markmið skýrslunnar, hvernig hægt er að nálgast hugtakið menning sem að mörgu leyti er afskaplega loðið og erfitt viðfangs og hver markhópur verkefnisins er. Einnig verður fjallað ítarlega um hugtökin menningu og menningararf og hvað felst í slíkum hugtökum. Að þessu búnu er farið stuttlega yfir menningarstefnu ríkis og sveitarfélaga. Hún er borin saman við svipaða stefnumótun í Bretlandi og að lokum er starfsemi menningarnefnda í sveitarfélögum uppsveita Árnassýslu skoðuð.

Menningarstarfsemi er samtvinnuð atvinnulífi og félagsstarfi. Við beinum því sjónum okkar að menningartengdri atvinnustarfsemi eftir að hafa skoðað menningarstefnu menningarfulltrúa sveitarfélaganna. Þar er að stærstum hluta skoðaðir möguleikar og framkvæmd á menningartengdri ferðaþjónustu. Þetta er tiltölulega ný atvinnugrein en gefur mikil fyrirheit um uppbyggingu nýrrar atvinnustarfsemi. Verða tvær rannsóknir skoðaðar í þeirri umfjöllun sem unnar hafa verið á menningartengdri ferðaþjónustu. Annars vegar í uppsveitum Árnassýslu og hins vegar í Eyjafirði. Báðum rannsóknunum var fylgt eftir með vönduðum skýrslum sem byggt verður nokkuð á í þessari skýrslu. Til

²Guðrún Helgadóttir, Edward H. Huijbens og Kristín Sóley Björnsdóttir, *Menningartengd ferðaþjónusta í Eyjafirði* FMSÍ-S-02-2007 (Ferðamálasetur Íslands, 2007), bls. 20.

³„Sveitir. Upplýsingavefur uppsveita Árnassýslu,“ www.sveitir.is, sótt 15 september, 2007.

viðbótar umfjöllun um ferðaþjónustuna verður sjónum líka beint að lista- og menningarsetrum, listahátíðum og ýmsum öðrum viðburðum auk fyrirspurnar viðmóti þar sem leitast er við að svara fróðleiksfúsum. Í lok kaflans verður svo sjónum aftur beint að skýrslunni um ferðaþjónustu í uppsveitunum og hvað skýrsluhöfundar hennar lögðu til við sveitarfélögin að þau skyldu gera til að bæta ferðaþjónustu á svæðinu.

Eftir að hafa beint sjónum okkar að skilgreiningum, stefnumörkun og aðkomu sveitarfélaga og tengslum við atvinnulíf er rétt að skoða uppbyggingu vefsvæðis *Ssa*. Sjá hvernig hægt er með mismunandi framsetningu að setja fram efni og umfjöllun um menningu þannig að það þjóni hagsmunum einstaklinga, fyrirtækja og sveitarfélaga.

Byrjað er á kynningu á því hvernig reynt verður að nálgast menningarsögu svæðisins með *Ssa*. Til eru vel unnin verkefni um menningu og sögu svæðisins svo sem samantekt Elínar Kristbjargar Guðbrandsdóttur yfir þjóðsögur sem tengjast Árnassýslu.⁴ Mikilvægt er að safna þessum upplýsingum saman og vekja athygli á þeim. Sýndar verða mismunandi aðferðir og gefin dæmi um hverja fyrir sig. Hér er helst að nefna gagnagrunn sem unninn var upp úr rafrænni gagnaskrá Bygðasafns Árnesinga og Héraðsskjalasafns Árnesinga. Þá er gerð tilraun til að kortleggja samfélagið í uppsveitunum. Unnin var skrá og valdir einstaklingar sem „dæmigerðir“ aðilar fyrir sinn hóp innan samfélagsins. Ritaðar voru stuttar greinar um nokkra slíka og má þannig nálgast ólíka flóru mannlífsins í sveitunum, allt frá vel efnuðum stórbændum til ölmusumanna sem flökkuðu milli bæja. Einnig eru skoðaðar fleiri aðferðir við kortlagningu og umfjöllun um samfélag uppsveitanna. Af aðferðum og mismunandi nálgunum ber helst að nefna tal og myndir, bæði ljósmyndir og lifandi myndir. Sýnd verða dæmi og þar sem slíkt rúmast ekki innan skýrslu sem þessarar (lifandi myndir og tal eru skýrasta dæmið um takmarkanir textans) þá verður vísað til uppsetningu þeirra á vefsíðu *Ssa*.

Þá er mál að linni og niðurstöður skýrslunnar kynntar. Í lokin eru viðaukar með aukaefni.

⁴ Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir, „Skrá yfir þjóðsögur og sagnir í Árnassýslu : skrásettar/útgefnar 1890-1960.“ B.A. - ritgerð í bókasafns- og upplýsingafræði nr. 2040. Leiðbeinandi Stefánía Júlíusdóttir, febrúar 2003.

2 Þátttakendur

Samstarfsaðilar að þessu verkefni eru Skúli Sæland, sagnfræðingur, og Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi uppsveita Árnæssýslu fyrir hönd sveitarfélaga Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Söfn og setur innan sýslunnar hafa veitt aðstoð eða verið jákvæð í garð verkefnisins og ber helst að nefna: Byggðasafn Árnesinga, Héraðsskjalasafn Árnesinga, Minjasafnið að Gröf og Listasafn Árnesinga. Þá hefur Sögufélag Árnesinga sömuleiðis veitt stuðning við vinnu verkefnisins.

Verkefnið hefur notið stuðnings menntamálaráðuneytis og Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands og ber að þakka auðsýnda velvild.

Þessi skýrsla er unnin sem fimm eininga einstaklingsverkefni í Hagnýtri menningarmiðlun í Sagnfræði- og fornleifafræðiskor Háskóla Íslands. Leiðbeinandi er Örn Hrafnkelsson forstöðumaður Handritadeildar Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.

Að auki hafa fjölmargir veitt aðstoð og yfirlestur en ekki dugir að nefna þá alla hér en þeim er þakkað fyrir auðsýnda velvild.

Verkefni sem þetta hefur sér ávallt upphaf og þar verður að marka sér forsendur og ramma til að vinna innan. Því er rétt að kynna helstu forsendur *Ssá* áður en farið er út í nánari vinnu með aðferðafræði verkefnisins.

3 Forsendur

Þegar einstaklingur tekur upp skýrslu sem þessa eða opnar vefsvæði á borð við www.sveitir.is hlýtur viðkomandi að velta fyrir sér meðvitað eða ómeðvitað hvað uppsveitir Árnassýslu eru eiginlega. Það er tiltölulega einfalt að marka svæðið út frá landfræðilegum útlínunum. Eða er það? Við nánari skoðun renna á mann tvær grímur því að útlínur svæðisins hafa verið á nokkru reiki.

Fyrst er að skoða markmið *Ssa* og í kjölfarið útskýra hvað uppsveitir Árnassýslu eru og hvers vegna þær eru grundvöllur þessarar vinnu. Að landfræðilegum og stjórnunarlegum mörkum uppsveitanna slepptum er skoðað hvað menning er. Svo að ekki sé minnst á hvað einkennir menningu í uppsveitum Árnassýslu. Að þessum grundvallarspurningum svöruðum er fjallað um hvaða markhópi *Ssa* þjónar hvað best og hverjum verkefnið kunni að nýtast í framtíðinni.

3.1 Markmið

Meginmarkmið verkefnisins er í grunninn tvíþætt. Fyrst og fremst er *Ssa* ætlað að vera tæki sem sveitarfélögin geta nýtt samhliða starfi menningarfulltrúa sinna eða af þeim sjálfum til að koma áherslum í menningarmálum til skila. Hins vegar er markmiðið að móta *Ssa* með þeim hætti að stöðugt verði hægt að byggja við vefsvæðið og bæta við menningarsögulegu efni. Þannig safnist smám saman upp mikið magn verðmætra upplýsinga sem verði fjölsótt af aðilum sem munu geta nýtt þær sér til gagns og ánægju.

Markmið *Ssa* eru sem hér segir:

1. Veita sveitarstjórnnum uppsveitanna hjálpartæki og aðferðir til að móta og hrinda menningarstefnu sinni í framkvæmd.
 - a) Með því að draga fram meginlínur menningarsögu sveitarfélaganna í sarp *Ssa* verður sveitarstjórnunum og menningarfulltrúum þeirra auðveldara að velja sér stefnu og markmið og hlúa að menningarlandslagi sveitanna.
 - b) Eitt mikilvægasta starf sveitarfélaganna er að hlúa að atvinnustarfsemi innan viðkomandi sveitarfélags. Menningartend ferðapjónusta hverju nafni sem hún nefnist þarfnast góðs aðgengis að upplýsingum. Starfsemin þar líka að geta miðlað upplýsingum um menningu og ferðapjónustu. Hér getur *Ssa* nýst afskaplega vel.
 - c) Sjálfsmynd íbúa sveitarfélaga er bæði vannýtt auðlind og oft er fólk ekki nógu meðvitað um menningu sína og sögu og verðmæti sem felast í sameiginlegri menningarsögu. Með því að takast á við „ímyndarsköpun“ og „skapa“ eða „upplýsa“ heimamenn um hver „uppsveitapersónan“ í raun er og hvað býr að baki henni þá geta menningarfulltrúar sveitarfélaganna styrkt sjálfsmynd samfélagsins og einstaklinga þess.
 - d) Gera notendum *Ssa* kleift að eiga samskipti við umsjónaraðila vefsvæðisins. Spyrja hann og menningarfulltrúa sveitarfélaganna spurninga og fá svar á vettvangi vefsíðunnar.
2. Upplýsingasarpur *Ssa* getur orðið mikil auðlegð þegar í hann taka að safnast upplýsingar í formi texta, mynda, hljóðs og kvikmynda. Með því að hafa efnið á einföldu, vel skráðu og aðgengilegu formi þá næst eftirfarandi:
 - a) Stuttar kynningar á úrvali þátta sem tengjast uppsveitum Árnassýslu sem miða að því að veita notanda innsýn í líf, atburði og menningu í uppsveitunum. Kynningarnar verður á formi texta, hljóðs og mynda. Hér er ekki markmiðið að skrifa sögu svæðisins heldur bera víða niður og sýna góðan þverskurð af samfélaginu.

- b) Gera almennum notanda kleift að finna á vefsvæði sveitarfélaga uppsveita Árnessýslu, www.sveitir.is, hvort og þá hvar upplýsingar eru varðveittar um tiltekna einstaklinga, muni, byggðir eða atburði í menningarsögu svæðisins á 20. öld. Þetta er sérstaklega hentugt með því að birta upplýsingar upp úr rafrænum gagnagrunnum opinberra safna á borð við Héraðskjalasafn Árnesinga og Byggðasafn Árnesinga.
- c) Kennarar hafa mikinn hug á að láta nemendur sína vinna verkefni sem tengist heimabyggðinni og um leið að nýta sér efni sem aðgengilegt er á veraldarvefnum. Slíkar aðferðir hafa reynst vel og nægir að vísa til Vísindavefs Háskóla Íslands í því sambandi.
- d) Nemendur leita mikið á netinu að efni fyrir skólaverkefni sín. Þeir setja einnig fram spurningar þar sem þeir vonast eftir svörum sem geta nýst þeim við vinnu sína samanber reynslu Vísindavefsins.
- e) Viðmót svipað og því sem notað er á Vísindavef Háskóla Íslands þar sem notendur *Ssa* geta sent inn spurningar og leitað upplýsinga. Umsjónaraðili *Ssa* leysir svo annaðhvort úr fyrirspurnum eða fær einhverjum öðrum slíkt verkefni í hendur. Svörin safnast svo upp í gagnabanka *Ssa* líkt og sjá má gert með góðum árangri á Vísindavefnum.

Vefsíðan mun innihalda fjölbætt efni þar sem menningu svæðisins á síðustu öld verður gerð skil. Mikilvægt er að innan hennar sé efni sem teljast má til menningar og að það sé ekki bara um „gamalt“ og „sögulegt“ efni heldur líka um efni sem tengist nútímanum og snertir þannig sögu og menningu samfélagsins í uppsveitum Árnessýslu í dag.

Ég hef ítrekað minnst á uppsveitir Árnessýslu, sögu þess og menninguna þar. En er hægt að tala um slíkt svæði, sérstaka sögu þess og menningu? Við skulum nú líta nánar á þetta skilgreiningaratriði.

3.2 Uppsveitir Árnessýslu

Nauðsynlegt er að átta sig á því hvað mismunandi sveitarfélög uppsveita Árnessýslu eiga sameiginlegt og hvers vegna svona verkefni nær yfir þetta svæði. Heitið uppsveitahreppar hefur öðlast sess sem svæðisbundin eining yfir þessi sveitarfélög í daglegu tali. Við skulum byrja á því að líta til landfræðilegra og stjórnunarlegra þátta þess. Við þurfum að skoða þessa skilgreiningu m.a. út frá stærð og legu gömlu hreppanna áður en þeir tóku að sameinast um aldamótin síðustu. Í sameiningarferlinu sem þá gekk yfir sameinuðust Skeiða- og Gnúpverjahreppar annars vegar og Grímsnes- og Grafningshreppar hins vegar í samnefnd sveitarfélög. Bláskógabyggð varð aftur á móti til úr Biskupstunga-, Laugardals- og Þingvallahreppum.

Þegar talað er um uppsveitir Árnessýslu er átt við nyrstu eða efstu hreppa sýslunnar. Allt frá Þingvöllum að Þjórsá. Að baki liggur skýr landfræðileg afmörkun. Það má því segja að óbyggðir afréttarins takmarki uppsveitirnar að norðan. Austan til markar Þjórsá mörk svæðisins og vestan til hálendið við Ingólfsfjall, Hengil og Mosfellsheiði. Þannig eru vestri, nyrðri og eystri mörk svæðisins nokkuð skýr. Syðri mörk uppsveitanna markast af Þjórsá frá austri og Hvítá og Ingólfsfjalli í vestri. Á milli stórfliótanna Hvítár og Þjórsár er mjó landræma sem myndar ekki skýr landfræðileg mörk en þar er styst á milli ána.

Sveitarfélögin í uppsveitum Árnessýslu hafa átt mjög náið samstarf um árabíl. Formlegt samstarf þeirra telst hefjast með stofnun stjórnarnefndar aukalæknishéraðs fyrir Árnessýslu 1921 sem var skipuð oddvitum hlutaðeigandi hreppa.⁵ Sú nefnd hefur átt reglulegt samstarf æ síðan og hefur starfsvettvangur hennar víkkað umtalsvert. Nágrannahrepparnir höfðu áður átt náið samstarf sín á milli um viss málefni en þetta

⁵ Bjarni Harðarson, „Laugarás í Biskupstungum,“ *Árnesingur*, 3 (1994), 165-79 (bls. 171)

samstarf tengdi þá meir formlega inn á við sem svæðisbundin eining. Aukalæknishéraðið var þó breytanleg stærð því Þingvalla- og Grafningshreppar voru til skiptis utan læknishéraðsins.⁶ Með sameiningu Biskupstungna-, Laugardals- og Þingvallahreppa í Bláskógabyggð og Grafnings- og Grímsneshreppa í Grímsnes- og Grafningshrepp bættust þeir báðir við sveitarfélögin sem teljast til uppsveitahreppanna. Til viðbótar þessu hófu hrepparnir síðar náið samstarf um dýralækni fyrir uppsveitirnar, byggingafulltrúa, ferðamálafulltrúa, félagsmálastjóra og skipulagsfulltrúa.

Vissulega hafa sveitarfélögin átt náið samstarf við hreppa utan uppsveitarinnar. Má sem dæmi nefna Skeiðahrepp sem hefur um langt skeið starfrækt Afréttarmálafélag Flóa- og Skeiða í samstarfi við hreppa í Flóanum. Stjórnsýslulega hefur þó samstarfið verið nánast á milli uppsveitasveitarfélaganna. Grafningshreppur hefur helst skorið sig úr meðal annars vegna þess að afréttur þeirra liggur sunnarlega í Árnessýslu og þar hefur ekki verið þéttbýliskjarni.

Þegar við höfum nú áréttað hugtakið uppsveitir er áriðandi að átta sig á því hvað menning er. Þetta er loðið hugtak sem fræðimenn hafa lengi glímt við og því er þörf á að fastnegla viðmið okkar. Ekki síst hvað getur talist uppsveitamening.

3.3 Menning

Hugtakið menning er flókið og hefur tekið stöðugum breytingum í árána rás. Hér verður það skilgreint vítt sem „*allt það sem hlutaðeigandi telur vera menningu.*“⁷ Þetta felur í sér varðveislu og miðlun hluta, síða, sagna og kunnáttu svo eitthvað sé nefnt.

Þó þessi skilgreining sé svo víð að hún getur náð yfir nánast hvað sem er hefur hún þann kost að þeir sem hafa umsjón með *Ssa* í framtíðinni geta lagað verkefnið að sínum þörfum. Menningarfulltrúar og –nefndir sveitarfélaga uppsveita Árnessýslu geta því nýtt sér vefsvæði *Ssa* samkvæmt sameiginlegum áherslum sveitarfélaganna eða áherslum innan hvers sveitarfélags fyrir sig. Sömuleiðis hefur þetta þann kost að víkka út notendahóp *Ssa* og stöðugt fleiri munu geta fundið eitthvað við sitt hæfi innan *Ssa*.

Nánari umfjöllun um skilgreiningu á menningu er að finna í kafla 4

3.4 Markhópur

Markhópur *Ssa* eru ferðamenn, fræðimenn, kennarar, nemendur og aðrir er hafa áhuga á menningarsögu uppsveitanna. Verkefnið er líka hugsað til þess að styrkja innviði samfélagsins því með því verður íbúum og brottfluttum kleift að afla sér upplýsinga með auðveldum hætti hvert þeir geta snúið sér við öflun heimilda um atriði sem snerta heimahagana. *Ssa* gagnast menningarfulltrúum sveitarfélaganna sem tæki til að móta menningarstefnu og beina rannsóknum og umfjöllun um menningarsögu svæðisins í ákv. farveg. Síðast en ekki síst þá getur *Ssa* orðið mikilvægur hluti af atvinnuskapandi starfsemi og uppbyggingu menningarferðaþjónustu.

⁶Bjarni Harðarson, „Laugarás í Biskupstungum,“ *Árnesingur*, 3 (1994), 165-79 (bls. bls. 170.)

⁷ „culture is what counts as culture for those who participate in it.“ Colin Mercer, *Towards Cultural Citizenship: Tools for Cultural Policy and Development* (Hedemora: The Bank of Sweden Tercentenary Foundation og Gidlunds förlag, 2002), (bls. bls. 174.)

4 Menning – leiðir til skilgreiningar

Í forsendunum hér að framan setti ég einfaldlega fram þá einföldu skilgreiningu að allt sem fólk teldi vera menning væri menning. Þetta er allt mjög opið en þýðir þó ekki endilega að reikniaðgerðin $2+2=4$ teljist vera menning einfaldlega af því að ég kys að kalla það svo. Skoðum helstu nálganir fræðimanna á hugtakinu menning til að átta okkur betur á því afhverju svo víðtæk skilgreining er notuð.

Við látum þó ekki alveg staðar numið við skilgreiningu menningar. Hugtakið menningararfur hefur verið mikið notað undanfarið. Með því að átta sig á því hvað menningararfur er áttum við okkur betur á því hvaða hlutverki *Ssa* getur þjónað við miðlun efnis frá eldri tímum, sögu og menningu áfram til notenda.

4.1 Hvað er menning?

Skilgreining á því hvað er menning hefur tekið miklum breytingum í gegnum tíðina. Því er það að bæði vegna þessara breytinga og hve víðfem blæbrigði menningar geta orðið að menning er skilgreind afskaplega vítt í *Ssa*. Að skilgreina menningu sem allt sem viðkomandi telja vera menningu líkist því sem kallað hefur verið mannfræðileg skilgreining frekar en listræn eða fagurfræðileg skilgreining á menningu.

Það kann að hljóma furdulegt að fræðiheimurinn skuli ekki hafa getað komið sér saman um skilgreiningu á menningarhugtakinu. Í raun er það svo að fundist hafa um 160 skilgreiningar á því hvað menning er!⁸ Þó er það svo að greina má nokkur meginstef innan hinna ýmsu fræðasviða. Almennt má segja að fræðaheimurinn leggi annaðhvort mjög víðtæka merkingu í menningu sem öll manna verk svo sem í skilgreiningu Colins Mercers sem við höfum gert að okkar. Hins vegar hafa margir þrengt menningarskilgreininguna niður með nánari skilyrðingum í ýmis tiltölulega þröng og oft staðbundin svið mannglegra athafna.⁹

Af stóru almennu skilgreiningunum gætir jafnvel deildra meininga á því hvort menning sé jákvæð, að hún manni og bæti, líkt og Páll Skúlason heimspekingur telur. Hvort hún er hlutlaus eða jafnvel neikvæð því hún ali á kjarnhyggni í formi heimóttarskapar og þjóðrengu sem valdi átökum.¹⁰

Dr. Guðrún Helgadóttir, dr. Edward H. Huijbens og Kristín Sóley Björnsdóttir unnu ákaflega merka rannsókn á menningartengdri ferðaþjónustu í Eyjafirði. Til að geta tekist á við verkefnið urðu þau fyrst að skilgreina menningu með tilliti til þarfar rannsóknarinnar. Þau ákváðu að afmarka hugtakið með því að

nota þá vinnuskilgreiningu sem tíðkast í atvinnugreininni menning og stoðkerfi hins opinbera, hvort sem er ríkis eða sveitarfélaga [svo] Þannig einskorðum við menningarhugtakið við starfsemi menningarstofnana og – fyrirtækja, sem sérhæfa sig í að koma til skila menningarstarfi og menningararfi svæðisins fremur en t.d. athafnir daglegs lífs, síði og hefðir, sem þó eru líka menning.¹¹

Þetta er ákaflega skýr og hentug afmörkun þegar bregða þarf mælistiku á menninguna. En er hún jafn þægileg þegar við viljum bæði geta miðlað menningu og tekist á við samfélag sem er sibreytilegt og mun breytast mikið á komandi árum? Svo að ekki sé minnst á að þarfir, áherslur og markmið umsjónaraðila og eigenda *Ssa* kunna að breytast

⁸Guðrún Helgadóttir, Edward H. Huijbens og Kristín Sóley Björnsdóttir, *Menningartengd ferðaþjónusta í Eyjafirði* FMSÍ-S-02-2007 (Ferðamálasetur Íslands, 2007), (bls. bls. 4.) Sjá einnig tilvísuð rit.

⁹Guðrún Helgadóttir, Edward H. Huijbens og Kristín Sóley Björnsdóttir, *Menningartengd ferðaþjónusta í Eyjafirði* FMSÍ-S-02-2007 (Ferðamálasetur Íslands, 2007), (bls. bls. 4.)

¹⁰Guðrún Helgadóttir, Edward H. Huijbens og Kristín Sóley Björnsdóttir, *Menningartengd ferðaþjónusta í Eyjafirði* FMSÍ-S-02-2007 (Ferðamálasetur Íslands, 2007), (bls. bls. 4.)

¹¹Guðrún Helgadóttir, Edward H. Huijbens og Kristín Sóley Björnsdóttir, *Menningartengd ferðaþjónusta í Eyjafirði* FMSÍ-S-02-2007 (Ferðamálasetur Íslands, 2007), (bls. bls. 6.)

á komandi árum. Því er það að vegna þess að þar sem *Ssa* þarf að geta snert kviku samfélagsins með miðlun sinni, spurningum og svörum viðvíkjandi menningarsögu svæðisins verðum við að líta til almennari og víðtækari skilgreiningar á menningu.

Sú skilgreining sem hentar markmiði *Ssa* best er því sú að

menning er allt það sem hlutadeigandi telur vera menningu. Þetta *getur* verið það að njóta listar eða ganga niður götu, sitja í almenningsgarði, borða í veitingahúsi, taka þátt í trúarathöfn, fylgjast með fólki við vinnu o.s.frv.¹²

Með því að líta til menningar sem „öll mannanna verk“ þá er tekið tillit til menningarlegs fjölbreytileika. Með því að nálgast orðræðuna um það á bæði jákvæðan og neikvæðan máta endurspeglum við í raun hve fjölbreytt og flókin veröldin er. Á tímum aukinnar hnattvæðingar og áhrifa frá kvikmyndaborginni Hollywood þá skreppur heimurinn saman en um leið eru smærri staðir á borð við uppsveitir Árnessýslu í kröftugri leit að eigin menningu og sínum sérkennum.

Menning er þannig fjölbreytt og alltumlykjandi en um leið lagskipt þar sem innan og milli menningahópa, sem stöðugt myndast og hverfa, ríkja tengsl sem byggja bæði á mismun og einingu, breytileika og stöðlun.¹³

Fjölbreytni menningar, það er að segja afurðar hennar og misvísandi skilgreiningar, kann að valda áhyggjum þegar marka skal stefnu eða mæla árangur slíkrar menningarstefnu. Því er þó einmitt ekki svo farið því „fjölbreytileiki afurða mannsandans er ekki til marks um sundrunu menningarsköpunar heldur þvert í móti nærir og styrkir það ferli.“¹⁴ Þá má líka benda á að margvíslegar afurðir menningar sem þóttu á sínum tíma óskapnaður og úrkynjun hafa síðar fest sig í sessi sem mikilvægur þáttur í íslensku menningarlífi svo sem framúrstefnan.¹⁵ Það er því mikilvægt að skilgreining á menningu sé opin svo hægt sé að fanga sem flest viðföng hennar og að tæki á borð við *Ssa* geti nýst menningarfulltrúum sveitarfélaganna við markmiðssetningu sína. Það er ekki síður mikilvægt svo að hægt sé að þjóna sem fjölbreyttustum hópi notenda.

Já. Svo mörg voru þau orð. En hvaða málalenging er það þá að ætla sér að skoða líka hugtakið menningararf? Er þetta ekki allt sama tóbakið?

Það er hér mikilvægur munur á. Þó hann sé kannski bara fræðilegur. Með því að líta yfir þessi hugtök má skerpa á tækjunum sem *Ssa* hefur til umráða við miðlun menningarinnar um komandi ár.

4.2 Menningararfurinn

Gott er að hefja þessa umfjöllun um menningararf á því að skoða alþjóðlegar skuldbindingar og skilgreiningar á hvað felist í hugtakinu.

Samþykktar hafa verið alþjóðlegar skuldbindingar til varðveislu menningararfs. Fyrst hugmyndirnar lutu að verndun mannvirkja á tímum stríðsátaka samanber samþykkt UNESCO, Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, frá 1954. Þessi samþykkt var síðar rækilega endurskoðuð og 1972 voru bæði náttúru- og menningarminjar felldar undir skilgreiningu menningararfs. Á grundvelli þessarar samþykktar starfar UNESCO í dag og

¹² „culture is what counts as culture for those who participate in it. This can mean contemplating an art object and it can mean strolling down the street, sitting in a park, eating at a restaurant, performing religious devotions, watching people at work and so on.“ Colin Mercer, *Towards Cultural Citizenship: Tools for Cultural Policy and Development* (Hedemora: The Bank of Sweden Tercentenary Foundation og Gidlunds förlag, 2002), (bls. bls. 174.)

¹³ Guðrún Helgadóttir, Edward H. Huijbens og Kristín Sóley Björnsdóttir, *Menningartengd ferðapjónusta í Eyjafirði* FMSÍ-S-02-2007 (Ferðamálasetur Íslands, 2007), (bls. bls. 5.)

¹⁴ „the diversity of the products of the human spirit does not impair the unity of its productive process, but rather sustains and confirms it.“ Ernst Cassirer, *The Philosophy of Symbolic Forms. Language* (New Haven & London: Yale University Press, 1965), (bls. bls. 114.)

¹⁵ Sjá t.d. Benedikt Hjartarson. Benedikt Hjartarson, „Af úrkynjun, brautryðjendum, vanskapnaði, vitum og sjáendum. Um upphaf framúrstefnu á Íslandi,“ *Ritid*, 1 (2006), 79-119.

heimsminjanefndin ICOMOS (e. *International Council on Monuments and Sites*), sem meðal annars hefur unnið að samþykktum um menningartengda ferðaþjónustu. Í stefnumótun samtakanna er að finna alþjóðlega sáttmálann um menningartengda ferðaþjónustu (e. *International Cultural Tourism Charter*) frá 1999 þar sem fram kemur skilgreining á menningararfri:

Menningararfur er þar skilgreindur sem landslag, sögustaðir, staðir og manngert umhverfi sem og líffræðilegur fjölbreytileiki, sem hefur tengsl við menningarhefðir fortíðar og nútíðar, þekkingu og reynsluheim. Menningararfur er þannig bæði áþreifanlegur í byggingum, menningarlandslagi, listaverkum og náttúruminum; og hinsvegar óáþreifanlegur sem siðir, trúarbrögð, hátíðir og athafnir daglegs lífs (Timothy og Boyd, 2003).¹⁶

ICOMOS telur það vera lykilatriði í sjálfsmynd þjóðar að varðveita menningararfinn auk þess sem upplifun hans er dýrmæt persónuleg reynsla. Hann er verðmætur því hann skapar bæði atvinnu og tekjur og er raunar ómetanlegar.¹⁷

Hver er þá nákvæmlega munurinn á menningu og menningararfi? Viðskeytið –arfur bendir til þess að hér sé um að ræða menning sem erfist eða er afhent í gegnum millilið til dagsins í dag. Menningararfur er hins vegar ekki fortíð heldur er hann túlkun okkar á fortíðinni. Það sem við kjósum að varðveita og halda á lofti. Fortíðin verður þannig ávallt látin þjóna þörfum samtímans og þar af leiðir að hún verður „auðlind sem verðmæti eru unnin úr.“¹⁸

Menningararfur birtist fyrst og fremst í þjóðtrú, minjum og sögu, það er sögum, munnmælum, trú, byggingum og varðveittum munum.¹⁹ Hlutverk menningarstofnana er að varðveita og miðla menningararfinum. Að efla nýsköpun, endurskoða og endurvinna hann og beita stöðugt nýrri söguskoðun á hann.²⁰

Menningararfur er með öðrum orðum efniviðurinn sem við tökum og vinnum fyrir samtíma okkar. Hráefnið sækjum við til fortíðar.

Vinnslan er öll á forsendum nútíðar sem fær auk þess „bjagaða“ mynd fortíðar til að vinna úr. Úrvinnslan byggir á heimsmynd og gildismati samtíðarinnar, túlkunin og miðlunin mótast af tækni og samskiptamáta samtíðarinnar. Það er því í raun misskilningur að við séum að varðveita hið liðna, það er strangt til tekið ekki hægt því liðin tíð er liðin tíð, minjar eru alltaf í núinu.²¹

Þessi skilningur á menningararfi gerir það að verkum að menningararfur hentar ávallt þörfum samtímans EF gætt er vandlega að markmiðssetningu, miðlun og úrvinnslu eldri menningarsögulegra minja út frá þörfum samtímans. Það verður líka að gæta að því að endurvinna ekki eldri hugmyndir, heimildir og menningu um of. Þá getur myndast ákveðin þjögung á framsetningu menningararfs þar sem stöðugt er valið efni til framsetningar úr stöðugt afmarkaðari og endurunnum safnhaug minja.

¹⁶Guðrún Helgadóttir, Edward H. Huijbens og Kristín Sóley Björnsdóttir, *Menningartengd ferðaþjónusta í Eyjafirði* FMSÍ-S-02-2007 (Ferðamálasetur Íslands, 2007), (bls. bls. 7.) Sjá einnig tilvitn. rit.

¹⁷Guðrún Helgadóttir, Edward H. Huijbens og Kristín Sóley Björnsdóttir, *Menningartengd ferðaþjónusta í Eyjafirði* FMSÍ-S-02-2007 (Ferðamálasetur Íslands, 2007), (bls. bls. 7.) Sjá einnig tilvitn. rit.

¹⁸Guðrún Helgadóttir, Edward H. Huijbens og Kristín Sóley Björnsdóttir, *Menningartengd ferðaþjónusta í Eyjafirði* FMSÍ-S-02-2007 (Ferðamálasetur Íslands, 2007), (bls. bls. 6.) Sjá einnig tilvitn. rit.

¹⁹Guðrún Helgadóttir, Edward H. Huijbens og Kristín Sóley Björnsdóttir, *Menningartengd ferðaþjónusta í Eyjafirði* FMSÍ-S-02-2007 (Ferðamálasetur Íslands, 2007), (bls. bls. 27.)

²⁰Guðrún Helgadóttir, Edward H. Huijbens og Kristín Sóley Björnsdóttir, *Menningartengd ferðaþjónusta í Eyjafirði* FMSÍ-S-02-2007 (Ferðamálasetur Íslands, 2007), (bls. 7-8.)

²¹Guðrún Helgadóttir, Edward H. Huijbens og Kristín Sóley Björnsdóttir, *Menningartengd ferðaþjónusta í Eyjafirði* FMSÍ-S-02-2007 (Ferðamálasetur Íslands, 2007), (bls. 6-7.) Sjá einnig tilvitn. rit.

4.3 Menningarsvæðið uppsveitir Árnassýslu

Við erum ekki bara að skoða menningu heldur einnig svæðisbundna menningu. Hvað er það sem einkennir menningu uppsveita Árnassýslu og hvaða andstæður blasa við þeim sem lítur yfir menningarlandslag svæðisins? Er einsleitni svæðisbundinnar menningar af hinu góða eða er einmitt ástæða til að vekja athygli á fjölbreytni menningarsögu uppsveitanna? Þetta eru spurningar sem hljóta að brenna á vörum þeirra aðila sem vinna að stefnumótun menningaráætlana í sveitarfélögum uppsveita Árnassýslu.²²

Svæðisbundin menning er svo að segja jafn snúid hugtak og menning sem við tókumst á við hér að ofan. Til þess að skilgreina menningu svæðisbundið þarf fyrst að skilgreina svæðið og síðan menningu þess. Það þarf líka að átta sig á samspili svæðisbundnu menningarinnar og „hinnar menningarinnar“ – hvort sem átt er við menningu í nærliggjandi svæðum eða heimsins alls. Síðast en ekki síst þarf að átta sig á áhrifum og menningarlegum samskiptum sem verða á milli heimamanna og utanaðkomandi.

Staðir og svæði eru landfræðileg hugtök sem skilgreinst hafa í gegnum söguna og mótast af mismunandi tíðaranda, hugmyndafræði, stjórnskipan o.fl. en besta dæmið þar um er skipan Þjóðríkja í dag. Stöðum og svæðum heimsins fylgir þannig ekki endilega einsleit menning. Þannig verður til hugtakið menningarsvæði sem er til oft þvert á afmörkun annarra svæða sem skilgreind eru með öðrum hætti.²³

Af þessu má sjá að þótt uppsveitir Árnassýslu séu vel skilgreind landfræðileg og stjórnsýsluleg eining þá er varla hægt að segja það um menningarlega sérstöðu þess. Samgöngur hafa verið greiðar við aðra landshluta og því hafa menningarleg áhrif flætt greiðlega til og frá svæðinu. Það er þó ekki þar með sagt að menningarsaga svæðisins sé nákvæmlega sú sama og annarsstaðar. Ef nánar er að gáð má sjá sérkenni sem skera sig úr menningarlandslagi Þjóðarinnar. Fyrsti íþróttaskóli Þjóðarinnar í einkaeigu var reistur í Haukadal, þéttbýlismyndun í nágrenni vatnsvirkjana orsökðu meðal annars fyrsta þéttbýli uppsveitanna, og náttúru- og menningarperlur allrar Þjóðarinnar eru við Þingvelli, Skálholt, Gullfoss og Geysi. Þessi atriði eru aðeins brot af þeim menningarlegu verðmætum sem setja mark sitt á uppsveitirnar og skera sig að miklu leyti frá menningu annarra landshluta.

Samfélag þarf á sjálfsvitund að halda. Það þarf að vera meðvitað um menningu sína og sögu til að geta tekið við ferðamönnum sem koma til að skoða menningu og sögu svæðisins. Samanber að „til þess að staður geti umbreytt sér í áfangastað sem er sjálfbær og sjálfum sér samkvæmur þarf ákveðna meðvitund og/eða sjálfsvitund samfélagsins til að mæta glápi. Þessi sjálfsvitund er grunnurinn að stöðu og ímynd staðarins sem áfangastaðar ...“²⁴

Markaðssetning ferðaþjónustu og annarra aðila er freistandi fyrir samfélög sem þarfnast aukinnar atvinnu og aðstreymsis fjármagns. Það ber þó að varast gylliboð markaðssetningar. Markaðssetning byggir gjarnan á einföldun, fullyrðingum og áróðri. Það er ekkert slæmt um það að segja í sjálfu sér en hún getur skaðað sjálfsmýnd uppsveitafólks ef ekki er farið að með gát. „Ást heimamanna á sínum heimahögum er auðvitað jákvæð, en þegar ástin er blind getur hún leitt markaðssetningu áfangastaðar í

²² Um mælanleika menningu og gerð menningaráætlana hefur þó nokkuð verið ritað en þar sem það er utan umfjöllunarefnis þessarar greinargerðar verður látið duga að vísa til tilvitnaðs rits. Colin Mercer, *Towards Cultural Citizenship: Tools for Cultural Policy and Development* (Hedemora: The Bank of Sweden Tercentenary Foundation og Gidlunds förlag, 2002), (bls. 167-77.) Sérstaklega kaflann "Making It Walk and Talk: Cultural Mapping and Cultural Planning."

²³ Guðrún Helgadóttir, Edward H. Huijbens og Kristín Sóley Björnsdóttir, *Menningartengd ferðaþjónusta í Eyjafirði* FMSÍ-S-02-2007 (Ferðamálasetur Íslands, 2007), (bls. bls. 24.) Sjá einnig tilvitn. rit.

²⁴ Guðrún Helgadóttir, Edward H. Huijbens og Kristín Sóley Björnsdóttir, *Menningartengd ferðaþjónusta í Eyjafirði* FMSÍ-S-02-2007 (Ferðamálasetur Íslands, 2007), (bls. bls. 6.)

ógöngur.²⁵ Ímyndarsköpun menningar í uppsveitunum verður að byggja á veruleika sem er til staðar eða á menningararfi samfélagsins. Þetta er bara unnt að gera svo vel sé með nánú samstarfi sveitarfélaga og fulltrúa þeirra við einstaklinga, fyrirtæki, stofnanir og félög.

Þetta beinir sjónum okkar að því hvernig sveitarfélög uppsveitanna taka á menningarsögulegum málum sínum. Fyrst þurfum við þó að skoða hvernig stefnumörkun ríkis og sveitarfélaga er í málaflokknum.

²⁵Guðrún Helgadóttir, Edward H. Huijbens og Kristín Sóley Björnsdóttir, *Menningartengd ferðaþjónusta í Eyjafirði* FMSÍ-S-02-2007 (Ferðamálaásetur Íslands, 2007), (bls. bls. 24.) Sjá einnig tilvitn. rit.

5 Menningarstefna ríkis og sveitarfélaga

Það væri mikil einföldun að segja að ríkið og alþingi hafi ekki gefið uppbyggingu menningar á landsbyggðinni gaum fyrir en nú á síðustu árum. Hins vegar er það svo að með umræðu um menningartúrisma og tilkomu veraldarvefsins breyttist sýn yfirvalda á menningarmálum til sveita. Til að átta sig á því með hvaða hætti sveitarfélög uppsveita Árnassýslu hafa tekist á við menningarmálin er rétt að byrja á því að skoða þá stefnu og lagaramma sem alþingi og ríki hafa sett sveitarfélögunum.

5.1 Stefna ráðuneyta ríkisins í menningarmálum

Erfið skilgreining á því hvað sé menning og hvað fellur undir þann málaflokk gerir það að verkum að ekkert eitt ráðuneyti er alfarið ábyrgt fyrir stjórn menningarmála þó vissulega falli flestöll menningarmálefni undir menntamálaráðuneytið. Innan þess er skrifstofa menningarmála sem fer með umsjón samnefnds málaflokks. Sá hluti menningar sem er til umfjöllunar í skýrslu skrifstofu menningarmála eru listir í hefðbundnum skilningi, svo sem tónlist, leiklist, bókmenntir og kvikmyndir, fjölmiðlar, varðveisla og miðlun menningararfsins, íþróttir og æskulýðsstarfsemi. Tekið er fram að í umfjöllun skýrslunnar sé ekki fjallað um mikilvæga þætti menningar á borð við trúfélög, þar á meðal þjóðkirkjuna.²⁶ Hér á eftir verður aðallega byggt á útgefnum skýrslum ráðuneyta og starfshópa á vegum þeirra í umfjöllun um stefnu og úrlausnir menningarmála. Hér er margt og mikið tínt til og að mörgu leyti er þetta fróðleg lesning.

Sveitarstjórnarmenn samþykktu á 16. landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga 24. – 25. ágúst 1998 að stjórn sambandsins tæki upp viðræður við ríkisvaldið, samtök listamanna og hagsmunaaðila um það hvernig mætti auðvelda og fjölga heimsóknnum listamanna til einstakra byggðarlaga. Tilgangurinn var að auka fjölbreytni menningarlífs í landinu og styðja byggðarlögin og listamennina sjálfa.²⁷ Ljóst er af umfjöllun sveitarstjórnarmanna að þeir eru hér að skilgreina menningu sem svokallaða hámenningu sem snýr aðallega að listamönnum og „hefðbundinni“ list.

Alþingi samþykkti 3. mars 1999 stefnu um byggðamál fram til 2001. Markmiðið var að treysta búsetu á landsbyggðinni. Lögð var áhersla á nýsköpun og fjölbreytni atvinnulífs auk eflingar menntunar, þekkingar og menningar. Einnig var kveðið á um aukið fé til hverskonar menningarstarfsemi. Í kjölfarið leitaði menntamálaráðherra til stjórnar Bygðastofnunar með bréfi 18. maí 1999 sem féllst á „að gera með skipulögðu starfi á landsbyggðinni list og menningu að einum af grundvallarþáttum í byggðamálum.“

Þetta sama ár ræddi stórn Sambands íslenskra sveitarfélaga við menntamálaráðherra og óskaði eftir því að skipaður yrði samstarfshópur um eflingu menningarlífs á landsbyggðinni.²⁸ Ráðherra brást vel við erindi stjórnarinnar og skipaði slíkan samstarfshóp hinn 14. febrúar 2000. Hópurinn leitaði víða samstarfs og var mjög vel tekið. Almenn og góð samstaða var um að efla þyrfti menningarstarf á landsbyggðinni. Þrátt fyrir áherslur sveitarstjórnarmanna á listamenningu þá túlkaði samstarfshópurinn menningu vítt og nýtti sér tillögur samráðsaðila við vinnslu skýrslu sinnar. Forgangsraðaði síðan og vann frekar úr þeim tillögum sem bárust.²⁹

²⁶ „Menning. Listir. Menningararfur. Útvarp. Málrækt. Íþróttir. Æskulýðsmál,“ bls. 5. Sótt 19. maí 2008.

²⁷ „Ályktanir XVI. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga 1998.“ *Vefsíða Sambands íslenskra sveitarfélaga*, (Sótt 25. september 2008)

²⁸ *Skýrsla samstarfshóps um menningarmál á landsbyggðinni* Menntamálaráðuneytið : Skýrslur og álitserðir (Menntamálaráðuneytið, 2000), (Bl. 6.)

²⁹ Nefndarmenn voru Karitas H. Gunnarsdóttir, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, formaður, Gísli Sverrir Árnason, forseti bæjarstjórnar Hornafjarðar, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og dr. Guðrún Helgadóttir, menningarráðgjafi, tilnefnd af Bygðastofnun. *Skýrsla samstarfshóps um menningarmál á landsbyggðinni* Menntamálaráðuneytið : Skýrslur og álitserðir (Menntamálaráðuneytið, 2000), (bls. 5.)

Samstarfshópurinn sendi öllum sveitarstjórnnum bréf þar sem óskað var svars við spurningunni: Hvað er að ykkar álit brýnast að gera til að efla menningarstarf á landsbyggðinni? Síðan fundaði hópurinn með aðilum menningarstarfs og sveitarstjórna víða um land. Því miður barst einungis svar frá Laugardalshreppi af sveitarfélögum uppsveita Árnessýslu og engin sveitarstjórnanna sá sér fært um að senda fulltrúa á samráðsfund með hópunum.³⁰

Starfshópurinn skilaði af sér skýrslu þar sem hann lagði til fjölda úrbóta og tillagna. Hluti þeirra snerta hugmyndafræði *Ssa* og koma þær helstu hér:

- Gerð langtímaáætlana er meðal brýnustu verkefna á sviði menningarmála. Forsenda fyrir markvissu starfi er að skýr stefna sé til staðar og nægar upplýsingar um starfsemina liggi fyrir. Menningarmál eru hluti af lögbundnum skyldum sveitarfélaga og því ber þeim að móta stefnu í þeim málaflokkum.³¹
- Samningar milli menntamálaráðuneytis og sveitarfélaga eru ákjósanleg leið í stefnumörkun og fjármögnun menningarstarfs til lengri tíma lítið og skapa festu sem eflir menningarstarfið.³²
- Mikilvægt er að afla og gera sem aðgengilegastar tölfræðilegar upplýsingar um menningarstarf í landinu.³³
- Gera þarf sérstakt átak til að virkja fjarskipti og gagnaflutninga í þágu menningarstofnuna og menningarlífs. Með þessum hætti er best tryggður jafn aðgangur að innlendum sem erlendum gagnasöfnum óháð búsetu. Brýnt er líka að auðvelda aðgengi að upplýsingum um menningarmál. „Brýnt er að afla og gera aðgengilegar, t.d. með gagnagrunni, upplýsingar um eignarhald og ástand aðstöðu til menningarstarfs á landsbyggðinni. Slíkur gagnagrunnur nýtist m.a. við markaðssetningu menningarstarfs og vegna áætlanagerðar í menningarmálum.“³⁴
- Við val fjölskyldna á búsetu ræður framboð á menningu og afþreyingu fyrir börn og unglinga miklu. Menningarstarf hefur forvarnagildi og því er mikilvægt að tryggja fjölbreytni og stöðugt framboð menningarstarfs og listmenntunar, sem höfðar til barna og ungmenna í hverju byggðarlagi.³⁵
- Þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 1999–2001 kveður á um fjölgun starfa á landsbyggðinni, meðal annars með því að nýta upplýsingatæknina. Á sviði menningarmála eru mörg tækifæri og nauðsynlegt er því að fjölga starfsmönnum í menningarstofnunum á landsbyggðinni vegna aðkallandi verkefna við varðveislu menningararfs og uppbyggingu menningarstarfsemi, þörf fyrir upplýsingar og fræðslu meðal annars vegna ferðaþjónustu. Mikið verk er óunnið við að gera menningararfinn aðgengilegan með upplýsingatækninni. Mikilvægt er að „sveitarfélög ráði starfsfólk á sviði menningarmála. Stór hluti menningarstarfsemi á landsbyggðinni er borinn uppi af áhugafólki sem þarf að sinna öllu í senn: listsköpun, kynningu, fjármögnun og skipulagningu menningarviðburða. Til þess að hið mikilvæga framlag áhugafólks nýtist sem best þurfa sveitarfélög að styðja það.“³⁶

³⁰ *Skýrsla samstarfshóps um menningarmál á landsbyggðinni* Menntamálaráðuneytið : Skýrslur og álitserðir (Menntamálaráðuneytið, 2000), (Bls. 7, fylgiskjal 2, bls. 33-35 og fylgiskjal 3, bls. 36.)

³¹ *Skýrsla samstarfshóps um menningarmál á landsbyggðinni* Menntamálaráðuneytið : Skýrslur og álitserðir (Menntamálaráðuneytið, 2000), (bls. 8.)

³² *Skýrsla samstarfshóps um menningarmál á landsbyggðinni* Menntamálaráðuneytið : Skýrslur og álitserðir (Menntamálaráðuneytið, 2000), (bls. 9.)

³³ *Skýrsla samstarfshóps um menningarmál á landsbyggðinni* Menntamálaráðuneytið : Skýrslur og álitserðir (Menntamálaráðuneytið, 2000), (bls. 9.)

³⁴ *Skýrsla samstarfshóps um menningarmál á landsbyggðinni* Menntamálaráðuneytið : Skýrslur og álitserðir (Menntamálaráðuneytið, 2000), (bls. 9.)

³⁵ *Skýrsla samstarfshóps um menningarmál á landsbyggðinni* Menntamálaráðuneytið : Skýrslur og álitserðir (Menntamálaráðuneytið, 2000), (bls. 10.)

- Það hefur gefist vel þar sem menningarfulltrúar sveitarfélaga og starfsmenn menningarmiðstöðva og fræðasetra hafa starfað sem bakhjarlar menningarstarfs við skipulagningu, kynningu og fjármögnun menningarverkefna. Lagt er til að sveitarfélög ráði menningarfulltrúa til starfa sem bakhjarl menningarstarfs í viðkomandi sveitarfélagi eða sameinist um slíkan starfsmann.³⁷
- Hvatt er til þess að sveitarfélög taki upp stöðu bæjarlistamanna sem viðurkenningu fyrir störf á sviði listgreina. Þetta er góð hvatning og veitir listafólki tækifæri á að keppa á víðari vettvangi svo sem um launastyrki listamanna.³⁸
- Ferðamenn gera sér væntingar um að kynnast sögu og menningu þjóðarinnar og einstakra byggðarlaga nánar en raunin verður. Grundvöllur menningartengdrar ferðaþjónustu er skráning menningarminja og rannsóknir á sögu hvers byggðalags. Lagðar voru eftirfarandi tillögur fram:
 - Lagt er til að veittir verði sérstakir verkefnastyrkir til að gera söguna aðgengilegri fyrir heimamenn og ferðafólk.
 - Ráðgjöf um menningararf og kynningu hans standi til boða þeim aðilum sem hyggja á uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu.
 - Hvatt er til þess að þegar veittir eru opinberir styrkir til menningarmála verði haft í huga að sem mest af menningarefni verði gert aðgengilegt ferðafólki þar sem það á við.
 - Stuðlað verði að því að sérstök viðurkenning verði veitt þeim stofnunum og öðrum viðkomustöðum sem veiti aðgang að þjóðararfi og menningu Íslendinga á faglegan og fullnægjandi hátt.
 - Hvatt er til að söfn og fræðasetur sem vinna að kynningu á sérstöðu í menningu og náttúrufari landsins og einstakra byggðarlaga hljóti sérstakan stuðning.³⁹
- Lítil samvinna og skortur á samstöðu vegna menningarmála á landsbyggðinni er víða til vandræða. Athugasemdir á borð við þessar; „Við stöndum ekki saman, við tökum ekki tillit til hvers annars í starfinu“ og „Hér er alltof mikill hrepparígur“ komu oft fram. Því er mikilvægt að styrkja þá uppbyggingu og samstarf sem fyrir er og stendur sum staðar á gömlum merg.⁴⁰
- Smæð eininga er oft til vandræða og því er mikilvægt að búa til vinnustaði í menningarmálum.⁴¹
- Það er mikilvægt fyrir svæði að skilgreina og vinna með menningarlega sérstöðu sína. „Við verðum að styrkja ræturnar heima fyrir til að öðlast sjálfstraust og fá tilfinningu fyrir því að við höfum eitthvað að segja í hinu stærra samhengi, eða þess vegna í „heimspörpinu““ var ábending sem kom frá Bandalagi íslenskra listamanna og starfshópurinn gerði að sinni.⁴²

³⁶ Skýrsla samstarfsbóps um menningarmál á landsbyggðinni Menntamálaráðuneytið : Skýrslur og álitserðir (Menntamálaráðuneytið, 2000), (bls. 16-17.)

³⁷ Skýrsla samstarfsbóps um menningarmál á landsbyggðinni Menntamálaráðuneytið : Skýrslur og álitserðir (Menntamálaráðuneytið, 2000), (bls. 17.)

³⁸ Skýrsla samstarfsbóps um menningarmál á landsbyggðinni Menntamálaráðuneytið : Skýrslur og álitserðir (Menntamálaráðuneytið, 2000), (bls. 17.)

³⁹ Skýrsla samstarfsbóps um menningarmál á landsbyggðinni Menntamálaráðuneytið : Skýrslur og álitserðir (Menntamálaráðuneytið, 2000), (bls. 18-19.)

⁴⁰ Skýrsla samstarfsbóps um menningarmál á landsbyggðinni Menntamálaráðuneytið : Skýrslur og álitserðir (Menntamálaráðuneytið, 2000), (bls. 20.)

⁴¹ Skýrsla samstarfsbóps um menningarmál á landsbyggðinni Menntamálaráðuneytið : Skýrslur og álitserðir (Menntamálaráðuneytið, 2000), (bls. 21.)

⁴² Skýrsla samstarfsbóps um menningarmál á landsbyggðinni Menntamálaráðuneytið : Skýrslur og álitserðir (Menntamálaráðuneytið, 2000), (bls. 22.)

- Menningarverkefni smita útfrá sér, hafa margfeldis og nýsköpunaráhrif. Varðveisla og kynning menningarminja og listviðburða gefur landsbyggðinni tækifæri í menningartengdri ferðaþjónustu.⁴³
- Ljóst var af umræðunni að þó áhugastarfið sé lífæð menningarlífs á landsbyggðinni er til staðar „mýtan um að listafólk vinni bara af áhuga og að allt menningarstarf á landsbyggðinni sé unnið af áhugafólki“. Þessi staðalmynd stendur þróunarstarfi fyrir þrifum. Almenn samstaða var um að það vantar fleira lista- og fræðifólk til starfa vegna aðkallandi verkefna. Starfsumhverfi listafólks getur verið erfitt á landsbyggðinni.⁴⁴
- Víða kom fram að aðkallandi er að gera átak í verndun menningarminja, kynningu þeirra og aðgengi almennings að þeim. „Upplýsingar um þjóðhætti að tynast á næstu 10 árum – s.s. gönguleiðir, vinnubrögð. ...“⁴⁵

Það getur verið erfitt að meta hve mikil áhrif þessi skýrsla hafði á stefnumótun ríkis og sveitarfélaga en hún sýnir vel hvað málefni og áherslur brunnu á sveitarfulltrúum og menningarfulltrúum í viðræðum við starfshópinn. Ráðamenn hafa sýnt menningarferðaþjónustu aukna athygli síðustu ár. Þannig renna umtalsverðir fjármunir á fjárlögum ársins 2003 til uppbyggingar safna og sýninga sem beinlínis er ætlað að efla ferðaþjónustu, einkum á landsbyggðinni, og auk þess hafa samgönguráðuneytið og iðnaðarráðuneytið ákveðið að leggja verulegt fé í eflingu ferðaþjónustu á landsbyggðinni, einkum til menningarferðaþjónustu. Aukin framlög renna einnig til fornleifarannsókna og verður spennandi að sjá hvernig tekst að þróa menningarferðaþjónustu á Íslandi næsta áratuginn.⁴⁶

Ef lítið er í skýrslu menntamálaráðuneytis frá 2007 kemur fram að að frátöldum rekstri nokkurra veigamikilla stofnana ... lýtur hlutverk ríkisins á þessu sviði einkum að því að búa í haginn fyrir starf sem aðrir eiga frumkvæði að og stuðla að því eftir föngum að slíkt frumkvæði fái notið sín. Samningar menntamálaráðuneytis við sveitarfélög um menningarmál eru í þeim anda og hafa einnig að markmiði að styrkja stöðir menningarstarfs um allt land.⁴⁷

Ennfremur kemur fram að með samningum ríkis við sveitarfélögin er verið að beina stuðningi þess í einn farveg og auka áhrif sveitarfélaga á forgangsröðun menningarverkefna.⁴⁸ Í skýrslu menntamálaráðuneytisins sem útgefin er 2005 kemur fram að það hefur líka styrkt sveitarfélög til að koma upp menningarhúsum á fimm stöðum á landinu, á Akureyri, Ísafirði, Sauðárkróki, Austurlandi og í Vestmannaeyjum. Tilgangurinn er að bæta aðstöðu til lista- og menningarstarfsemi en hlutverk þessara húsa hefur verið skilgreint í samvinnu við sveitarfélög á viðkomandi stöðum. Þau skulu vera miðstöðvar menningar hvert á sínu landsvæði og eiga að bjóða upp á góða aðstöðu til flutnings tónlistar, sviðslista, myndlistar og fyrir safnastarf.⁴⁹ Sjálfseignarstofnun var stofnuð formlega 1. október 2008 um rekstur menningarhúsins Hofs⁵⁰ á Akureyri samkvæmt samningi við Akureyrarbæ. Var þetta fyrirkomulag haft á þar sem Akureyrarbær vildi skapa húsinu sjálfstæða ímynd og tryggja að ólík sjónarmið gætu

⁴³ *Skýrsla samstarfsbóps um menningarmál á landsbyggðinni* Menntamálaráðuneytið : Skýrslur og álitserðir (Menntamálaráðuneytið, 2000), (bls. 24.)

⁴⁴ *Skýrsla samstarfsbóps um menningarmál á landsbyggðinni* Menntamálaráðuneytið : Skýrslur og álitserðir (Menntamálaráðuneytið, 2000), (bls. 24-25.)

⁴⁵ *Skýrsla samstarfsbóps um menningarmál á landsbyggðinni* Menntamálaráðuneytið : Skýrslur og álitserðir (Menntamálaráðuneytið, 2000), (bls. 25.)

⁴⁶ Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnumótun og aðgerðir í ferðamálaum í uppsveitum Árnesjýslu 2004-2008* (2003), (bls. 15.)

⁴⁷ „Menning. Listir. Menningararfur. Útvarp. Málrækt. Íþróttir. Æskulýðsmál.“ 2007

⁴⁸ „Menning. Listir. Menningararfur. Útvarp. Málrækt. Íþróttir. Æskulýðsmál.“ 2007, (bls. 20.)

⁴⁹ „Menntamálaráðuneytið. Menning, menntun, vísindi.“ *Rit 19*, maí 2005 19, 2008, (bls. 20.), sótt 19. maí 2008.

⁵⁰ „Hof menningarhús“ Sótt 3. október 2008.

komið fram hvað varðar reksturinn. Áætlað er að framkvæmdum við menningarhúsið Hof ljúki í júní 2009 og að húsið verði formlega opnað þann 29. ágúst.⁵¹

Það skiptir sveitarfélög miklu máli að auka fjölbreytileika atvinnulífs í sinni heimabyggð. Fjölbreytt atvinnulíf opnar tækifæri fyrir ungt vel menntað fólk. Vinna þess eykur lífsgæði og því fjölbreyttari sem störfín eru því fjölbreyttari þjónusta er hægt að fá á viðkomandi svæði. Fjölbreytt störf og þjónusta laðar að menntað ungt fólk og þannig myndast hringferli sem styður sjálft sig. Þar af leiðir að lífsgæði svæðisins verða enn meiri.⁵²

Áhersla á svæðisbunda menningu er ekki bara að aukast innan lands heldur einnig á milli þjóðríkja. Í vefriti ráðuneytisins fyrir á þessu ári kemur fram að á fundi norræna menningarráðherra sem haldinn var í Stokkhólmi 6. maí síðast liðinn samþykktu ráðherrarnir að leggja fram sameiginlega aðgerðaáætlun til að efla skapandi starf og alþjóðlega umræðu. Markmiðið er að norræn menningarsamvinna verði meira áberandi og voru ráðherrarnir sammála um að menning og listir eigi að verða snar þáttur í að efla samkeppnishæfni Norðurlanda og gera þau sýnilegri á alþjóðavettvangi. Annars vegar var lögð áhersla á að leita eftir samstarfi við viðskipta- og atvinnumálaráðherra landanna við að efla skapandi iðnað. Hins vegar að efla samskipti ólíkra menningarheima. Markmiðið er að ýta undir þróun menningar- og atvinnulífs með auknum menningarsamskiptum milli svæða og landa auk þess að markaðssetja Norðurlöndin sem skapandi svæði.⁵³

Fulltrúar menntamála-, fjármála- og samgönguráðuneyta og Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga skrifuðu undir samning um samstarf ríkis og sveitarfélaga á Suðurlandi um menningarmál á Suðurlandi í maí 2007. Á meðal markmiða samningsins kemur fram að stefnt sé „að því að tryggja sem best frumkvæði og áhrif sveitarfélaganna við forgangsroðun verkefna og auka samstarf þeirra við framkvæmd og stefnumótun menningarmála í landsfjórðungnum.“ Sem hluti af samningnum stofnuðu sveitarfélögin á Suðurlandi (það er Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Skaftárhreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ölfus og Vestmannaeyjabær) Menningarráð Suðurlands sem er samstarfsvettvangur þeirra fyrir menningarmál.⁵⁴

Af þessu sést hvað mikilvægi menningar er að aukast og horft er í æ ríkari mæli til þess að skapa sér ímynd með skapandi menningu og tengja hana við atvinnulíf og viðskipti. Stefna menntamálaráðuneytisins er að vinna betur með sveitarfélögum og tryggja þeim áhrif og möguleika á frumkvæði við mótun eigin menningarstefnu heima í héraði. Við skulum því skoða menningarstarf Menningarráðs Suðurlands nánar.

5.2 Samstarf sunnlenskra sveitarfélaga í menningarmálum

Menningarráð Suðurlands er sjálfstætt ráð sveitarfélaganna. Hlutverk þess er að standa fyrir öflugri þróunarstarfi í menningarmálum, hvetja til samstarfs og faglegra vinnubragða og stuðla að almennri vitund og þekkingu um málaflokkinn. Menningarráð Suðurlands úthlutar fjármagni til menningarverkefna á Suðurlandi ... og hefur eftirlit með framkvæmd þess samnings.⁵⁵

⁵¹ „Sjálfséignarstofnun stofnuð um Hof,“ *mbl.is*, 1 október 2008

⁵² *Fólk og fyrirtæki. Um búsetu og starfskilyrði á landsbyggðinni.* (Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og Bygðarannsóknastofnun, 2003), (bls. 79-82.)

⁵³ „Blásið til sóknar á sviði menningarmála til að efla samkeppnishæfni Norðurlandanna á heimsvísu.“ *Vefrit menntamálaráðuneytis. mnn.is*, 2008, sótt 21. maí 2008.

⁵⁴ „Samningur um samstarf ríkis og sveitarfélaga á Suðurlandi um menningarmál á Suðurlandi.“ maí 2007 21, 2008, sótt 21. maí 2008.

⁵⁵ „Samstarfssamningur sveitarfélaga á Suðurlandi um menningarmál.“ maí 2007 20, 2008, sótt 20. maí 2008.

Undirbúningshópur var falið að vinna að stofnun Menningarráðsins. Við mótun menningarstefnu þess er tekið fram að ekki er verið að koma á miðstýringu í þessum málafokki eða að draga úr frumkvæði einstakra sveitarfélaga, félagasamtaka og einstaklinga. Miklu frekar er um að ræða „að koma á skipulögðum vinnubrögðum, að leggja ákveðnar línur um þá þætti þar sem samstarf og samnýting kraftanna er nauðsynleg og til að styrkja stöðu Suðurlands á sviði menningarmála.“⁵⁶

Við mótun stefnu í menningarmálum setti undirbúningshópurinn sér meðal annars eftirfarandi markmið:

- Að líta á Suðurland sem eitt menningarsvæði þar sem ríki, sveitarfélög, menningarstofnanir, félagasamtök og einstaklingar vinni saman að öflugum og fjölbreyttu menningarstarfi á Suðurlandi.
- Að hvetja til samstarfs á sviði menningar þar sem dregin eru fram einkenni Suðurlands og um leið eftt innra menningarstarf svæðisins.
- Að stuðla að aukinni ánægju Sunnlendinga með búsetuskilyrði sín með því að leggja grunn að auknu framboði og fjölbreytni menningarstarfs.
- Að leggja áherslu á samvinnu á milli byggðarlaga.
- Að greina í samvinnu við íbúa á Suðurlandi forgangsverkefni í menningarmálum með það að markmiði að móta stefnu er verði til eflingar menningarstarfsemi á Suðurlandi.
- Að stuðla að frekari tengingu menningar og skóla.⁵⁷

Á meðal niðurstaðna undirbúningshópsins mátti sjá eftirfarandi:

- Sveitarstjórnir viðurkenni menningarmál sem eitt af mikilvægum verkefnum sveitarfélagsins og geri ráð fyrir málaflokknum í starfs- og fjárhagsáætlunum og annarri skipulagsvinnu.
- Skilgreint verði menningarsögulegt gildi og sérkenni sveitarfélaga og svæða á Suðurlandi.
- Fornleifaskráning fari fram í öllum sveitarfélögum. Þá verði aukin áhersla lögð á rannsóknir og varðveislu menningarminja og þær gerðar sýnilegri. Samstarf safna og safnafólks á Suðurlandi verði eftt. Stuðlað verði að því að koma á fót stöðu minjavarðar á Suðurlandi.
- Unnið verði að því skipulega að íbúar Suðurlands sækja menningarviðburði meir á milli byggðarlaga og líti á sig sem hluta af stærri heild.
- Þróað verði og byggt upp metnaðarfullt starf er taki mið af menningu og áhugamálum ungs fólks. Lögð verði áhersla á að efla samhug og samstöðu með ungu fólki á Suðurlandi. Hvatt er til þess að koma á fót eins víða og kostur er aðstöðu fyrir ungt fólk þar sem það getur verið með listsköpun af ýmsu tagi.
- Af hálfu Menningarráðs og umbjóðenda þess, sveitarstjórna á Suðurlandi, verði lögð áhersla á að efla tengsl fólks af ólíkum uppruna og draga fram þá margvíslegu menningu sem er að finna á Suðurlandi þannig að allir íbúar samfélagsins geti notið þeirra kosta sem fjölmennigarleg samfélög bera með sér.
- Leggja ber áherslu á að efla tengsl mismunandi aldurhópa.⁵⁸

Sveitastjórnir Suðurlands settu sér nokkur af eftirfarandi markmiðum:

- Að auka og nýta betur fjármagn er rennur til málaflokkans til eflingar stofnana, samtaka og einstaklinga er starfa að menningarmálum á Suðurlandi.
- Að mynda samstarfsvettvang og samstöðu um menningarmál á Suðurlandi.
- Að efla samkennd Sunnlendinga.
- Að auka víðsýni og eyða fordómum.

⁵⁶ „Stefna í menningarmálum á Suðurlandi.“ Nóvember2005, (bls. 4.)

⁵⁷ „Stefna í menningarmálum á Suðurlandi.“ Nóvember2005, (bls. 4.)

⁵⁸ „Stefna í menningarmálum á Suðurlandi.“ Nóvember2005, (bls. 6-7.)

- Að afla framlagi Sunnlendinga til íslenskrar menningar aukinnar viðurkenningar.⁵⁹

Á meðal leiða til að ná þessum markmiðum er stofnun menningarráðs og menningarsjóðs fyrirferðarmest en þar má líka sjá eftirfarandi:

- Sveitarstjórnir líti á menningarmál sem eitt af mikilvægum verkefnum sveitarfélagsins og geri ráð fyrir málaflokknum í starfs- og fjárhagsáætlunum og annarri skipulagsvinnu. Ákveðinnar viðhorfsbreytingar til menningarstarfsemi er þörf. Líta þarf á slíka starfsemi í auknum mæli sem lífsgæði sem verði að vera til staðar til að treysta búsetu í dreyfbylí. Þá þarf að huga að þeim atvinnutækifærum sem felast í aukinni menningarstarfsemi og loks þeim frjóa og skapandi jarðvegi sem menningarverkefni oft mynda. Allt eru þetta atriði sem styrkja og efla innviði samfélaganna.⁶⁰

Í kafla um „sögu, minjar og söfn“ er stefnan sögð eiga að vera sú að rannsóknir, kynning og varðveisla menningarverðmæta skuli vera öflug og markviss. Markmiðið er að vekja athygli á þeim miklu menningarverðmætum sem eru á Suðurlandi og gera þau aðgengileg. Leiðir að þessum markmiðum eru eftirfarandi:

- Skilgreint verði menningarsögulegt gildi og sérkenni sveitarfélaga og svæða á Suðurlandi. Slík skilgreining auðveldar íbúum meðal annars að vinna með sérkenni og sögu í atvinnuskyni, til dæmis innan ferðaþjónustunnar. Sveitarstjórnir á Suðurlandi hafi forgöngu að þessu starfi í samstarfi við þjóðmenningarstofnanir á Suðurlandi, Minjavörð Suðurlands og Menningarráð Suðurlands. Gert verði ráð fyrir því að Menningarsjóður geti úthlutað fjármagni til þessa verkefnis.
- Aukin áhersla verði lögð á rannsóknir og varðveislu menningarminja og þær gerðar sýnilegri, til dæmis með merkingum, umhirðu og upplýsingamiðlun. Sveitarfélög og ríki hafi samvinnu um að verja auknu fé til endurbóta mannvirkja sem hafa sögulegt gildi og gegna menningarlegu hlutverki.⁶¹

Sett eru líka fram markmið um aukna samkennd og samstöðu Sunnlendinga í menningarmálum. Bæta aðgengi almennings að menningarstarfi, auka samstarf og treysta starfsgrundvöll stofnana áhugafólks og samtaka á þessu sviði. Til að ná því markmiði skal unnið skipulega að því að íbúar Suðurlands sækji menningarviðburði meira en verið hefur á milli byggðarlaga og líti á sig sem hluta af stærri heild. Þróað verði samstarf er lýtur að skipulagningu og kynningu menningarviðburða á Suðurlandi, ekki síst hátíða og stærri viðburða.⁶²

Hópurinn stefnir að því að efla hátíðir og menningarviðburði sem höfða til Sunnlendinga og auka þannig fjölbreytni, gæði og aðgengi að menningarstarfi á Suðurlandi. Leiðir til þess eru meðal annars:

- Þróað verði og byggt upp metnaðarfullt starf er taki mið af menningu og áhugamálum ungs fólks. Lögð verði áhersla á að efla samhug og samstöðu með ungu fólki á Suðurlandi.
- Lagt er til að sveitarfélög og félagasamtök veiti listamönnum viðurkenningu fyrir störf að sinni listgrein, til dæmis á grunni sveitarfélaga eða samtaka þeirra. Leitað verði leiða til að efna til starfslauna bæjarlistamanna þar sem það á við.
- Á Suðurlandi eru margar bæjar- og sveitarhátíðir orðnar hefðbundnar og njóta athygli og viðurkenningar heima fyrir sem út á við. Þessar hátíðir byggja á menningarlegri sérstöðu viðkomandi byggðarlags og hafa mikilvægu hlutverki að gegna í því að koma á framfæri sérstöðu hvers byggðarlags hvað varðar atvinnulíf

⁵⁹ „Stefna í menningarmálum á Suðurlandi.“ Nóvember2005, (bls. 8.)

⁶⁰ „Stefna í menningarmálum á Suðurlandi.“ Nóvember2005, (bls. 8.)

⁶¹ „Stefna í menningarmálum á Suðurlandi.“ Nóvember2005, (bls. 11.)

⁶² „Stefna í menningarmálum á Suðurlandi.“ Nóvember2005, (bls. 13.)

og menningu. Hvatt er til þess að bæjar- og sveitarhátíðum verði haldið við og þær eflar og á þeim lögð aukin áhersla á að draga fram sérkenni í sögu og menningu hvers staðar.

- Á Suðurlandi er töluverður fjöldi fólks af erlendum uppruna sem mikilvægt er að virkja samfélaginu til góðs. Stutt verði við fjölmenningsleg viðhorf með því að gera menningu fólks af ólíkum uppruna sýnilegri. Um leið og nýbúar eru hvattir og studdir til samstarfs og þátttöku í málefnum samfélagsins, eru gamlir íbúar hvattir til þess að laga sig að fjölbreytni menningarsamfélagsins.⁶³

Í samningi ríkis og sunnlenskra sveitarfélaga um Menningarráð Suðurlands sem undirritaður var 2. maí 2007 kom fram áherslur ríkis:

- Menningarráð Suðurlands starfi í nánnum tengslum við þær stofnanir í menningarmálum sem eru á svæðinu
- atvinnustarfsemi á sviði tónlistar og sviðslista verði eflar
- efla menningartengda ferðapjónustu og styðja sérstaklega verkefni sem geta laðað að ferðamenn
- efla samstarf um menningarmál
- styðja við menningarhátíðir, verkefni og viðburði í því skyni að auka menningarlega fjölbreytni
- auka stuðning við menningarstarf ungs og aldraðs fólks og markvisst brúa bil á milli aldurshópa
- stofna til samstarfs listasafna og við önnur listasöfn á landinu
- efla nýsköpun í verkefnum tengdum menningu.⁶⁴

Menningarráðið gerir sérstakan þjónustusamning við stofnanir er sinna menningarmálum, um að sinna verkefnum á vegum ráðsins.⁶⁵ Megin verkefni ráðsins er þó stofnun og umsjón með menningarsjóði sem það fjármagnar með fjárframlögum frá ríki, sveitarfélögum og öðrum aðilum. Auglýst er eftir umsóknum til styrkja og við mat á veitingu fjármuna skal horfa til gæða verkefna, jafnræðis og fjölbreytni menningarstarfs.

Fjármunum menningarráðsins er veitt til að:

- til að efla samstarf innan samstarfssvæða um menningarmál og til að styðja við þau verkefni er hafa menningarlegt gildi
- í verkefni er hafi það hlutverk að skilgreina menningarlegt gildi og sérkenni sveitarfélaga og svæða
- til stuðnings fornleifarannsókna og minjaverndar
- til sérstaks þjónustusamnings við stofnanir í menningarmálum um að sinna verkefnum á vegum Menningarráðs Suðurlands
- til að styðja við menningarhátíðir og viðburði í því skyni að auka menningarlega fjölbreytni
- til að efla atvinnustarfsemi á sviði lista
- til stuðnings við menningarstarf ungs fólks
- til stuðnings söfnum sem ekki njóta opinberra framlaga.
- til eflingar menningartengdri ferðapjónustu.⁶⁶

Menningarráðið hefur nú starfað í eitt ár og úthlutað styrkjum tvisvar sinnum. Samtals hefur það veitt 122 aðilum styrki fyrir um það bil 42 milljónir.⁶⁷ Styrkþegar endurspeglar ólíkar áherslur og sókn ólíkra aðila eftir styrkjum yfir víðfemt menningarlandslag Suðurlands. Menningarráð Suðurlands hefur ákveðið sérstakar áherslur við úthlutanir sínar og nú við haustúthlutun 2008 er litið sérstaklega til menningarverkefna sem fela í

⁶³ „Stefna í menningarmálum á Suðurlandi.“ Nóvember 2005, (bls. 14.)

⁶⁴ 5. grein. „Menningarsamningur Suðurlands.“

⁶⁵ „Samstarfssamningur sveitarfélaga á Suðurlandi um menningarmál.“ maí 2007 20, 2008

⁶⁶ „Samstarfssamningur sveitarfélaga á Suðurlandi um menningarmál.“ maí 2007 20, 2008, (bls. 2.)

⁶⁷ „Heimasíða Menningarráðs Suðurlands,“ , <http://www.sunnanmenning.is/index.php>, sótt 19. júlí 2008.

sér samstarf milli tveggja eða fleiri aðila, byggðarlaga eða listgreina og uppsetning viðburða á fleiri en einum stað, eða verkefni sem stuðla að þátttöku listnema eða ungra listamanna frá Suðurlandi í listsköpun og menningarstarfi.⁶⁸

Ef rýnt er í samning ríkis og sveitarfélaga sést líka að undirliggjandi stefna á bak við menningarstarfsemina er samvinna og atvinnusköpun. Það fellur til dæmis vel að menningartúrísma þar sem ferðamenn skynja yfirleitt ekki hvar einu sveitarfélagi sleppir og annað tekur við. Aukin samvinna í ferðapjónustu eykur líkur á að halda ferðamönnum lengur á viðkomandi svæði og þar af leiðandi auka tekjur og fjölga störfum.⁶⁹ Samvinnuþætti menningarráðsins er sérstaklega fylgt eftir haustið 2008 við úthlutun umsókna. Með áherslum ráðsins á ákveðin málefni hefur sveitarfélögum tekist að leggja fram stefnumótandi áherslur sem eru í samræmi við mikilvægi slíkra vinnubragða og bent hefur verið á hér að ofan.

Hvernig er svo þessi valddreifing á menningarstjórnun menntamálaráðuneytis að skila sér heim í hérað? Hvernig virkar starf menningarfulltrúa í sveitarfélögum? Til að svara þessum spurningum skulum við skoða starfsemi menningarmálanefnda í uppsveitunum.

5.3 Menningarmálanefndir í uppsveitum Árnassýslu

Ljóst er af framansögðu að ríki og sveitarfélög leggja aukna áherslu á svæðisbundna menningu þar sem fulltrúar sveitarfélaganna hafa aukið umsagnarvald um hvernig menning skuli skilgreind og áherslur við að móta og hrinda í framkvæmd metnaðarfullum menningaráætlunum.

Mótun slíkrar menningaráætlunar í uppsveitunum er þó skammt á veg komin. Í Hrunamannahreppi starfar Ferða-, menningar og æskulýðsnefnd [FMÆ] sem er ætlað að vinnu stefnumótandi vinnu en stofnanir sveitarfélagsins munu annast framkvæmdir.⁷⁰ Sú nefnd hefur ekki fengið erindisbréf en fulltrúi sveitarstjórnar í nefndinni, Eva Marín Hlynsdóttir, hefur miðlað áherslum meirihluta sveitarstjórnar til annarra nefndarmanna. Verksvið nefndarinnar er þó lausmótað og mótast nokkuð af virkni og áhuga nefndarmanna. Dæmi um vinnubrögð og verklag nefndarinnar er að finna í drögum að *Staðardagskrá 21* sem sveitarfélagið hefur unnið.⁷¹ Innan Grímsnes- og Grafningshrepps starfar Æskulýðs- og menningarmálanefnd.⁷² Sú nefnd hefur ekki verið sett stefna né verksvið. Var upphaflega starfsnefnd sem skipuð var árlega til að undirbúa hátíðarhöld á 17. júní með fulltrúum frá sveitarstjórn og félögum innan sveitarinnar. Nefndin starfar aðallega sem starfsnefnd við undirbúning uppákoma en setur ekki markmið.⁷³ Ekki starfar nein nefnd innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps sem hefur beinlínis það hlutverk að sjá um menningar- og æskulýðsmál.⁷⁴ Sveitarstjórnin tekur á einstökum atburðum og uppákomum sjálf og skipar þá gjarnan starfshópa svo sem fyrir 17. júní og „Landnámsdagur 2008“. Að öðru leyti veitir sveitarstjórnin styrki til einstaklinga og félaga vegna menningarmála.⁷⁵ Í Bláskógabyggð er starfandi Menningarmálanefnd.⁷⁶ Þessi nefnd

⁶⁸ „Menningarráð Suðurlands - Styrkveitingar Menningarráðs Suðurlands haustið 2008,“ (bls. 11. október 2008.)

⁶⁹ Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnumótun og aðgerðir í ferðamálum í uppsveitum Árnassýslu 2004-2008* (2003), (bls. 37.)

⁷⁰ „2. fundur Ferða- menningar og æskulýðsnefndar,“ http://www.fludir.is/index.php?option=com_docman&task=cat_view&gid=23&Itemid=133, sótt 18. júní 2008.

⁷¹ „Símtal við Evu Marín Hlynsdóttur, form. Ferða-, menningar- og æskulýðsnefndar Hrunamannahrepps,“ 19. júní 2008.

⁷² „Grímsnes- og Grafningshreppur.“ júní 18. jún 18, 2008 sótt 18. júní 2008.

⁷³ „Símtal við Hörð Óla Guðmundsson, form. Æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps.“ 2008 19. júní 2008.

⁷⁴ „Skeiða- og Gnúpverjahreppur.“ júní 18. jún 18, 2008 Sótt 18. júní 2008. .

⁷⁵ „Símtal við Gunnar Örn Marteinsson oddvita Skeiða- og Gnúpverjahrepps.“ 2008 19. júní 2008.

⁷⁶ Upplýsingar á heimasíðu Bláskógabyggðar eru misvísandi um hvort ein eða tvær nefndir höndla æskulýðs- og menningarmál. Hið rétta mun þó vera að skilið var á milli æskulýðs- og menningarmála í

hefur fengið erindisbréf⁷⁷ þar sem fram kemur að henni er „ætlað að vinna að æskulýðs-, tómstunda-, íþróttá- og menningarmálum í sveitarfélaginu.“ (1. gr.).

Menningarmálanefndin er „ráðgefandi nefnd sem gerir tillögur til sveitarstjórnar“ nema henni hafi verið falin sérstaklega fullnaðarafgreiðsla sérstakra mála. (3. gr.) Markmið nefndarinnar „er að styrkja og efla þá æskulýðs-, íþróttá-, tómstunda- og menningarstarfsemi sem fyrir er í Bláskógabyggð í nánu og góðu samstarfi við hin frjálsu félög sem vinna að þessum málum.“ (4. gr.) Meðal verkefna nefndarinnar er „að stuðla að eflingu og fjölbreytni í æskulýðs-, íþróttá-, tómstunda- og menningarstarfsemi í Bláskógabyggð í nánu samstarfi við aðra aðila sem vinna að þessum málum. (5. gr.)⁷⁸

Menningarmálanefndin hefur mótað „Úthlutunarreglur vegna styrkveitinga til listnáms og listtengdra viðburða“.⁷⁹ Þar kemur fram að markmið styrkveitinganna er annars vegar að styrkja einkum unga einstaklinga til listnáms og að styðja við bakið á þeim er standa að menningar- og listviðburðum innan Bláskógabyggðar. (1. gr.) Sett eru skilyrði fyrir því að umsækjendur skuli hafa lögheimili innan sveitarfélagsins (2. gr.) og tilgreint að ungt fólk njóti forgangs við styrkveitingar. Auk þess hljóti nýsköpun á sviði lista og menningarstarfs innan Bláskógabyggðar sérstakt vægi ef verkefnið miða að fjölgun starfa. (3. gr.)⁸⁰ Þrátt fyrir að hafa hlotið erindisbréf og mótað úthlutunarreglur hefur starfsemi nefndarinnar ekki verið með reglubundnum hætti.⁸¹

Sveitarfélögin starfrækja auk þess nefndir á borð við fræðslunefndir sem vinna innan lögbundins ábyrgðarhlutverks og stífs fjárlagaramma. Styrkir eru einnig veittir til félagasamtaka og einstaklinga er standa að menningarmálum. Stundum eru þeir veittir að fenginni umsögn menningarmálanefndanna en það virðist ekki vera algild regla. Þá eru starfshópar eða skammtímanefndir skipaðar til að sjá um viðburði innan sveitarfélaganna.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar var fyrst sveitarstjórn í uppsveitum Árnassýslu til að setja æskulýðs- og menningarmálanefnd erindisbréf eftir því sem ég kemst næst. Þar má sjá að nefndinni er ætlað ráðgefandi hlutverk líkt og FMÆ-nefnd Hrunamanna. Með síðari aðgreiningu æskulýðsnefndar og menningarmálanefndar virðist mér sveitarstjórn Bláskógabyggðar tilgreina starfssvið menningarmálanefndar sem viðburða- og listanefnd þar sem menning er skilgreind meir í anda hefðbundinnar menningar.

Ferða-, menningar- og æskulýðsnefnd Hrunamannahrepps er virkust menningarmálanefndanna í uppsveitunum og virðist láta til sín taka. Þó bendir Eva Marín Hlynsdóttir, formaður nefndarinnar, á að virkni hennar sé raunar tilkomin af áhuga nefndarmanna og velvilja sveitarstjórnar. Nefndin hefur ekki fjárheimildir heldur þarf hún að leggja fram umsóknir um fjárframlög og leita eftir samþykki sveitarstjórnar eftir því sem við á. Þetta erfiði starf nefndarinnar og óvíst sé um framtíðarskipulag menningarmálanefndar. Þar ráði mestu um kraftur og starfsþrek einstakra nefndarmanna. Raunar virðist sem sveitarstjórnir séu ekki farnar að læra að nýta sér starfsemi sinna eigin nefnda og veita þeim meira sjálfstæði til verka.⁸² Ef reynt er að meta skilgreiningu FMÆ-

byrjun þessa kjörtímabils. „Bláskógabyggð.“ júní 18. jún 18, 2008 sótt 18. júní 2008.

⁷⁷ Nefndin hét þá æskulýðs- og menningarmálanefnd. Við upphaf núverandi kjörtímabils var nefndinni skipt upp í æskulýðsnefnd og menningarmálanefnd en erindisbréfið var ekki uppfært. Æskulýðs- og menningarmálanefnd Bláskógabyggðar, „Erindisbréf fyrir æskulýðs- og menningarmálanefnd Bláskógabyggðar.“ Staðfestar á fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar 1. apríl 2003. Sjá einnig viðauka 9.7.

⁷⁸ Æskulýðs- og menningarmálanefnd Bláskógabyggðar, „Erindisbréf fyrir æskulýðs- og menningarmálanefnd Bláskógabyggðar.“ 2003

⁷⁹ Menningarmálanefnd Bláskógabyggðar, „Úthlutunarreglur vegna styrkveitinga til listnáms og listtengdra viðburða.“ Samþykktar 26. sept. 2007 og staðfestar af sveitarstjórn 2. okt. 2007. Sjá einnig viðauka 9.6.

⁸⁰ Menningarmálanefnd Bláskógabyggðar, „Úthlutunarreglur vegna styrkveitinga til listnáms og listtengdra viðburða.“ 2007

⁸¹ „Símtal við Hildi Maríu Hilmarsdóttur, nýskipaðan form. menningarmálanefndar Bláskógabyggðar,“ 2008 19. júní 2008.

⁸² „Símtal við Evu Marín Hlynsdóttur, form. Ferða-, menningar- og æskulýðsnefndar Hrunamannahrepps.“ 2008 19. júní 2008.

nefndarinnar á menningu þá virðist hún vera víðtækust menningarmálanefnda uppsveitanna. Það er þó erfitt að meta þar sem nefndin er samansett úr því sem voru áður nokkrar nefndir. Til að mynda er ríkt tónlistarlíf og kórastarf í sveitarfélaginu en það er ekki til umfjöllunar hjá nefndinni.⁸³

Æskulýðs- og menningarmálanefnd Grímsnes- og Grafningshrepps beinir starfsemi sinni að þátttöku í viðburðum en að öðru leyti vinna félög innan sveitarfélagsins á borð við kvenfélagið, ungmennafélagið og Hollvinir Grímsness⁸⁴ nokkuð sjálfstætt að æskulýðs- og menningarviðburðum. Það sama má segja um æskulýðs- og menningarmálastarf í Skeiða- og Gnúpverjahreppi þar sem félög innan sveitarfélagsins sinna því all sjálfstætt. Í hvorugu sveitarfélaginu virðist vera markviss stefnumörkun í menningarmálum enn sem komið er.

Ásborg Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi uppsveita Árnassýslu, er það sem kemst næst því að vera sameiginlegur menningarfulltrúi svæðisins. Stöðu ferðamálafulltrúa var komið á legg 1996 undir umsjón oddvitanefndar uppsveitasveitarfélaganna og þá fyrst til tveggja ára. Miðaðist vinnan fyrst og fremst við stefnumótunarvinnu og eftirfylgi hennar. Að tímabilinu loknu var staðan endurskoðuð og í ljósi fjölda verkefna var ákveðið að framlengja hana um tvö ár. Að þeim tíma liðnum var staða ferðamálafulltrúa gerð að föstu starfi á vegum sveitarfélaganna.⁸⁵ Að sögn Ásborgar hefur verið rætt innan oddvitanefndar uppsveitafélaganna að starfssvið ferðamálafulltrúa verði útfært og látið ná yfir menningarmál sveitarfélaganna en ekkert orðið úr framkvæmdum enn og óvíst hvað verður.⁸⁶

Þó svo að stefnumótandi vinna og menningarmálanefndir í uppsveitum Árnassýslu séu ekki öflugar enn sem komið er er ekki ástæða til að örvænta. Stutt er síðan farið var að beina sjónum að menningarmálum sem vaxtarbroddi í atvinnu og þjónustu. Mikilvægi menningar og sögu fyrir samfélög og ímyndarsköpun er einungis að hluta til farin að setja mark sitt á starfsemi sveitarfélaga. Smæð sveitarfélaganna stendur þeim líka fyrir þrifum. Þau eru tiltölulega fámenn og því er erfitt að halda úti mikilli þjónustu. Lausnin virðist felast í nánú samstarfi sveitarfélaganna í formi oddvitanefndarinnar líkt og minnst var á hér í upphafi. Áður en við drögum saman yfirferð okkar um stefnu og vinnu ríkis og sveitarfélaga í menningarmálum er rétt að líta til grannþjóðar okkar á Bretlandseyjum þar sem svipuð valddreifing á stjórn menningarmála átti sér stað.

5.4 Stefnumótun ríkis og sveitarfélaga í Bretlandi

Gott er að skoða stefnumótun menningarþjónustu sem hefur farið fram í Bretlandi undir forystu Verkamannaflokksins undanfarin ár til samanburðar. Verkamannaflokkurinn undir forystu Tonys Blair einsetti sér að færa umsjón menningarmála meira til sveita- og svæðisstjórna. Markmiðið með þessu var að gera svæðisbundnum stjórnun kleift að stýra uppbyggingu menningargeirans eftir þörfum viðkomandi svæðis. Stefnt var að því að virkja samfélagið og fólk til samræðna og þátttöku í menningarpólitík með því að auka fjölda þátttakenda og gera þá meðvitaða um getu sína til áhrifa á menningarstefnu stofnana og svæðisstjórna.⁸⁷ Þetta ferli má kalla miðstýrða afmiðjun (e. *centralised decentralisation*) þar sem ríkisstjórnin er að færa ákvörðunarvaldið til sveitastjórna og héraða.⁸⁸ Við skulum einbeita okkur að því hvernig svæðisbundin menningarráð Breta og sveitarstjórnir þeirra hafa þróað stefnu ríkisstjórnarinnar.

⁸³ „Símtal við Evu Marín Hlynsdóttur, form. Ferða-, menningar- og æskulýðsnefndar Hrunamannahrepps.“ 2008 19. júní 2008.

⁸⁴ „Hollvinir Grímsness - hollvinir.blog.is“ Sótt 19. júní 2008.

⁸⁵ Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnumótun og aðgerðir í ferðamálum í uppsveitum Árnassýslu 2004-2008* (2003), (bls. 31-32.)

⁸⁶ „Ásborg Arnþórsdóttir.“ 2008

⁸⁷ Ken Harris, *Localism, governance and the public realm. Issues for the local cultural sector* (London: Museums, Libraries and Archives Council, 2007)

Þessir svæðisbundnu samstarfshópar um menningu (e. *Regional cultural consortia* (RCC)) hafa skilgreint menningu gróflega á tvo máta. Annars vegar sem virkni og hins vegar sem upplifun. Fyrri skilgreiningin er meira notuð og má segja að sé það sem fólk gerir að jafnaði í frístundum sínum. Í svæðishóp suðvesturhluta Englands (RCC) var til að mynda menning skilgreind sem „öll sú virkni sem hjálpar til við að bæta bæði gæði daglegs lífs og hvað fólki finnst um sitt heimasvæði. ... Við getum kallað það sem menningu, tómsundur, afþreyingu eða hvað sem er. Samheitið sem við höfum valið yfir þetta allt er menning.“⁸⁹ Á West Midlands svæðinu er menning hins vegar skilgreind sem „almennt hugtak sem felur í sér íþróttir, listir, listasöfn, bókasöfn, skjalasöfn, fornleifafræði, mannvirki, náttúru, listiðnað, tómsundur, afþreyingu, skemmtigarða og opin svæði og ferðamennsku.“⁹⁰ Til viðbótar skilgreiningum á borð við þessar hefur gildishlöðnum lýsingum verið bætt við um samband menningarvirkni og fólks sem stundar menningu. Í svæðishóp suðaustur Englands (RCC) var menningarvirkni sögð vera ‘hornsteinn’ lífsgæða einstaklinga og samfélaga. Sömuleiðis var í Yorkshire menningu lýst sem efnislegum gæðum eða jákvæðum þætti í lífi einstaklinga. „Menningarleg virkni sem vegur þungt í baráttunni gegn andfélagslegum viðhorfum sem leiða til glæpa og óreglu.“⁹¹ Andstætt ofangreindum sjónarmiðum hafa hins vegar nokkrar svæðisstjórnir í Bretlandi tekið upp þá skilgreiningu að menning sé meira en bara virkni. Svæðissamstarf norðaustur–Englands (RCC) nýtti sér þannig skilgreiningu Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, að menning sé „öll andleg og efnisleg, vitsmunaleg og tilfinningaleg sérkenni sem auðkenna samfélag og hópa.“ Lýsti svæðishópurinn menningu sem líminu sem heldur samfélagi saman.⁹²

Þegar nálgun svæðisstjórnanna í Bretlandi að menningu er skoðuð sést að þær fella hugtök og atriði á borð við útivist, íþróttir, listiðnað, menntun og menningararf að menningu. Þær hafa skilgreint menningu sem lífsmáta (e. *way-of-life*) til þess fallinn að auka félagslega þátttöku íbúa með fjölbreyttari menningarþátta. Í kjölfarið hafa þær tekið upp frasa á borð við: „Menning er allt sem þú þarft ekki að gera“ og „menning er allt það sem við gerum til að geta notið lífsins en ekki bara til þess að geta lifað“ og slagorð í líkingu við: „ekki bara kvöldstund, heldur lífsmáti“.⁹³

Stjórnvöld í Bretlandi settu ekki fram kröfur um að sveitarfélög settu sér markmið eða mynduðu sér menningaráætlanir. Hins vegar gerði meirihluti þeirra það og árangurinn varð að mörgu leyti góður. Hann er sérlega mikilvægur sem skilgreining á menningarlandslagi viðkomandi svæða og er mikilvægt skref í átt til skilgreingar á þörfum og markmiðum svæðanna. Með þessar áætlanir að vopni er mögulegt að byggja upp samvinnu milli menningargeirans, svæðisbundinna yfirvalda og þrýstihópa til að byggja

⁸⁸ Neil Ravenscroft, „Developing the Cultural Agenda: The Socio-spatial Dimensions of the Regional Cultural Strategies in England,“ *Space and Polity*, 2005, sótt 18. maí 2008.

⁸⁹ "all those activities which help to improve both the quality of people's lives and the way they feel about the place they live. ... Call them culture, leisure, recreation, whatever. The shorthand word we've chosen for all of them is culture." Neil Ravenscroft, „Developing the Cultural Agenda: The Socio-spatial Dimensions of the Regional Cultural Strategies in England.“ *Space and Polity*, Access Date 2005, (bls. 156-57.)

⁹⁰ "a generic term to include sport, the arts, museums, libraries, archives, archaeology, the built and natural environment, the creative industries, leisure and recreation, parks and open spaces and tourism." Neil Ravenscroft, „Developing the Cultural Agenda: The Socio-spatial Dimensions of the Regional Cultural Strategies in England.“ *Space and Polity*, Access Date 2005, (bls. 157.)

⁹¹ "cultural involvement helps combat the anti-social attitudes which lead to crime and disorder". Neil Ravenscroft, „Developing the Cultural Agenda: The Socio-spatial Dimensions of the Regional Cultural Strategies in England.“ *Space and Polity*, Access Date 2005, (bls. 157.)

⁹² "all distinctive spiritual and material, intellectual and emotional features which characterise a society or group." Neil Ravenscroft, „Developing the Cultural Agenda: The Socio-spatial Dimensions of the Regional Cultural Strategies in England.“ *Space and Polity*, Access Date 2005, (bls. 157.)

⁹³ ""Culture's everything you don't have to do", "culture is everything we don't have to do to live, but need to do to feel alive" og "not just an evening out, but a way of life"". Abigail Gilmore, „Local Cultural Strategies: A Strategic Review,“ *Cultural Trends*, 2004, bls. 14-15.

upp menningu viðkomandi svæða.⁹⁴ Þrátt fyrir þessa samninga markar ríkisstjórnin stefnuna með fjárveitingum og stefnumarkandi fyrirmælum. Þessi afmiðjun menningarstefnunnar er því leyfi til sveitarstjórna til stefnumörkunar innan smíðaðs ramma eða ytri marka.⁹⁵

Eftir að hafa litið yfir hvernig ríkisstjórn Verkamannaflokksins í Bretlandi markaði sér stefnu í menningarmálum og dreifði ákvarðanatöku til sveitarfélaganna er gott að bera reynslu þeirra saman við okkar Íslendinga. Samhliða því skulum við skoða hvernig stefna ríkis og sveitarfélaga fellur að markmiðum *Ssa*.

5.5 Mat á stefnumótun opinberra aðila

Ljóst er að menntamálaráðuneytið er að færa stjórn menningarmála meir í hendur sveitarfélaga með því að semja við þau um stofnun menningarráða þar sem frekari útteiling fjármuna og stefnumótun fer fram svo að ekki sé minnst á byggingu menningarhúsa. Þetta er af hinu góða og gerir einstökum sveitarfélögum og landssvæðum kleyft að móta sér stefnu og huga að menningarsögu síns svæðis jafnframt því að draga fram sérkennin í menningarlandslagi sínu.

Ef breska aðferðin er skoðuð sést að svæðisbundnu samstarfshóparnir um menningu (RCC) eru gefnar nokkuð frjálssar hendur til að skilgreina og móta nálgun sína að menningu. Ríkisstjórnin markar þó stefnuna og veitir aðhald með fjárframlögum. Hérlandis virðist þetta líka vera raunin. Stefnan er sett á samvinnu og atvinnusköpun. Rannsókn mín náði ekki til annarra menningarráða en Menningarráðs Suðurlands þannig að ég get ekki borið saman hvort menningarráðin eru að taka á menningarskilgreiningum og stefnum með ólíkum hætti líkt og gert er í Bretlandi. Hins vegar gefa markmið undirbúningshóps Menningarráðs Suðurlands það til kynna að menning sé skilgreint vítt og innan umráðasviðs Menningarráðsins rúmist flest það sem skilgreint hefur verið sem menning innan *Ssa*.

Þegar gefinn er gaumur að menningarsögu ákveðins svæðis verður líka að skoða bæði einsleitni og fjölbreytni samfélagsins. Menningarsamningur Suðurlands leggur sérstaka áherslu á þetta og benda má á að samkvæmt UNESCO er fjölbreytileiki menningar hið drifandi afl þróunar. Ekki bara í efnahagslegu tilliti heldur einnig eykur það gæði vitsmunalegs, tilfinningalegs, siðferðislegs og andlegs lífs.⁹⁶ Þó svo að nokkrar nágrannasveitir á Íslandi hljóti að teljast vera einsleitt samfélag má greina mismunandi áhrif og hópa þegar rýnt er í samfélagsgerðina. Við nánari skoðun koma upp á yfirborðið hópar og einstaklingar sem mynda tengingar sín á milli til að mynda með öðrum atvinnuháttum eða menntun heldur en almennt gengur og gerist í sveitasamfélaginu. Hér má benda á áhrif ungra búnaðarskólageinginna bændasona sem hrundu af stað miklum breytingum til framfara í Árnassýslu á fyrri hluta 20. aldar. Einnig má nefna flutning margra fjölskyldna frá V.–Skaftafellssýslu í kringum aldamótin 1900 og Vestfirðinga á 7. og 8. áratug síðustu aldar í uppsveitir Árnassýslu. Til viðbótar áhrifum menntaðra hópa á samfélagið og aðflutningi fólks af afmörkuðum landssvæðum má benda á fjölskyldur sem settust að við garðyrkjustörf á svæðinu eftir að hafa starfað við uppbyggingu Búrfellsvirkjunar í Gnúpverjahreppi.⁹⁷ Áhrif slíkra aðila á samfélagið verða með

⁹⁴ Abigail Gilmore, „Local Cultural Strategies: A Strategic Review.“ *Cultural Trends*, Access Date 2004, (bls. 21-28.)

⁹⁵ Neil Ravenscroft, „Developing the Cultural Agenda: The Socio-spatial Dimensions of the Regional Cultural Strategies in England.“ *Space and Polity*, Access Date 2005, (bls. 150.)

⁹⁶ "Cultural diversity is a driving force of development, not only in respect of economic growth, but also as a means of leading a more fulfilling intellectual, emotional, moral and spiritual life." „Cultural diversity“, maí 19. 2008, http://portal.unesco.org/culture/en/ev.php-URL_ID=34321&URL_DO=DO_TOPIC&URL_SECTION=201.html, sótt 19. maí 2008.

⁹⁷ Áhrif þessara hópa hafa ekki verið rannsökuð né hefur verið gerð nákvæm úttekt á þeim. Helst hefur þó verið fjallað um áhrif menntuðu bændasonanna í upphafi aldarinnar af sagnfræðingum á borð við Pál

margvíslegum hætti og fellur þannig að skilgreiningu UNESCO á drifkrafti fjölmennningar. Þetta hefur lítið verið skoðað en krefst nánari rannsóknar og kynningar á vettvangi á borð við *Ssa*.

Aðilar sem vinna að skipulagingu menningarmála geta nýtt *Ssa* bæði til að kynna menningarverkefni í uppsveitum Árnessýslu og til að setja þar fullmótaðar afurðir þeirra. Menningarmálafulltrúar sveitarfélaganna vinna með mjög ólíkum hætti og samvinna þeirra er takmörkuð. Vettvangur *Ssa* er því hentugur til kynningar og framsetningar á menningarsögu sveitarfélaganna. Með hvaða hætti geta þá menningarfulltrúar sveitarfélaganna nýtt sér *Ssa*? Fyrir það fyrsta er að skoða hvernig *Ssa* getur tengst atvinnuuppbyggingu.

Lýðsson en vissulega kom fleira til en menntun þeirra við örar breytingar sem þá urðu á samfélaginu.

6 Menningartengd atvinnuuppbygging

Þegar hagnaður af uppsetningu menningarsögulegrar vefsíðu er skoðaður þá er óhjákvæmilegt að skoðað sé hvernig vefsvæðið geti skilað „arði til fjárfesta“ svo viðskiptafræðileg hugtök séu notuð. Lítum því nánar á hvernig uppbygging atvinnufyrirtækja getur notið góðs með tilkomu *Ssa*. Þar er fyrst að telja menningar- og sögutengda ferðaþjónustu.

6.1 Menningar- og sögutengd ferðaþjónusta

Áður en við fjöllum um hvað menningar- og sögutengd ferðaþjónusta er þá er mikilvægt að átta sig á því að ferðaþjónustan er ekki sérstök atvinnugrein heldur er hún samsett úr mörgum atvinnugreinum sem eiga það sameiginlegt að eiga viðskipti við ferðafólk en sinna jafnframt öðrum viðskiptahópum.⁹⁸ Atvinnuvegurinn sem þjónustar ferðafólk á ferðalögum þeirra er orðin ein stærsta atvinnugrein samtímans ef litið er bæði til veltu og mannafla. Það er þó einkum ferðafólk í hinum vestræna heimi, það er hinum efnadri ríkjum, sem stendur undir þessum miklu tekjum af ferðaþjónustu.⁹⁹

Þjóðflutningar og landafundir blikna í samanburði við þau menningarlegu áhrif sem stafa af flæði ferðafólks frá fyrsta heiminum um víða veröld og má segja að ferðafólk sé landafundamenn nútímans.¹⁰⁰ Vissulega gengu ferðaþjónusta og flugferðir í gegnum hremmingar í kjölfar hryðjuverkaárásanna í New York 2002 og Persaflóastríðsins 1991. Ferðaþjónustan sýndi hins vegar ótrúlegan styrk í kjölfarið og hélt áfram að aukast.¹⁰¹ Hér innanlands hafa ferðir Íslendinga breyst þannig að nú er algengara að fólk fari í fleiri en styttri ferðir um landið. Ferðaþjónusta utan sumartíma hefur aukist umtalsvert, sem einkum tengist aukinni sumarhúsa- og jeppaeign landsmanna. Íslendingar fara nú meira um hálendið en áður vegna meiri jeppaeignar. Þá hefur fellihýsaeign Íslendinga aukist svo að líkja má við sprengingu. Á móti hafa vinsældir tjaldgistingar minnkað. Langflestir Íslendingar ferðast á eigin vegum en vinsældir skipulagðra gönguferða hafa aukist umtalsvert. Vísbendingar eru líka um að Íslendingar séu viljugri til að kaupa ýmsa þjónustu og afþreyingu á ferðum sínum innanlands en áður var. Vetrarfrí í skólum landsins skapa auk þess sóknarfæri gagnvart innlenda markaðinum.¹⁰²

Um leið og fjöldi ferðafólks eykst þá yngist það og eldist sem stafar af því að það er efnahagslega sjálfstæðara fyrr og vegna betri heilsu getur það ferðast lengur. Báðir hóparnir eru betur menntaðir en áður og sjálfstæðari í ferðalögum sínum.¹⁰³ Litið hefur verið til menningartengdar ferðaþjónustu sem eins af vaxtarbroddunum í atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni. Rannsóknir sýna líka að bæði ferðalög sem bjóða upp á aukið menningarlegt efni og ferðir sem farnar eru af menningar- og náttúrulegum hvötum hafa aukist gríðarlega. Í ljós hefur líka komið að ferðamenn vilja kynna sér menningarlegan bakgrunn áfangastaðarins áður en þeir leggja upp í ferðalagið og að innanlandsmarkaður skiptir einnig miklu máli.¹⁰⁴ Í raun má líka segja að menningarferðalög séu að aukast einfaldlega vegna þess að sífellt fleiri áfangastaðir eru

⁹⁸Guðrún Helgadóttir, Edward H. Huijbens og Kristín Sóley Björnsdóttir, *Menningartengd ferðaþjónusta í Eyyjafirði* FMSÍ-S-02-2007 (Ferðamálasetur Íslands, 2007), (bls. 17.)

⁹⁹Guðrún Helgadóttir, Edward H. Huijbens og Kristín Sóley Björnsdóttir, *Menningartengd ferðaþjónusta í Eyyjafirði* FMSÍ-S-02-2007 (Ferðamálasetur Íslands, 2007), (bls. 17.) Sjá einnig tilvitn. rit.

¹⁰⁰Guðrún Helgadóttir, Edward H. Huijbens og Kristín Sóley Björnsdóttir, *Menningartengd ferðaþjónusta í Eyyjafirði* FMSÍ-S-02-2007 (Ferðamálasetur Íslands, 2007), (bls. 18.)

¹⁰¹Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnumótun og aðgerðir í ferðamálum í uppsveitum Árnesyslu 2004-2008* (2003), (bls. 11.)

¹⁰²Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnumótun og aðgerðir í ferðamálum í uppsveitum Árnesyslu 2004-2008* (2003), (bls. 14.)

¹⁰³Guðrún Helgadóttir, Edward H. Huijbens og Kristín Sóley Björnsdóttir, *Menningartengd ferðaþjónusta í Eyyjafirði* FMSÍ-S-02-2007 (Ferðamálasetur Íslands, 2007), (bls. 10.)

skilgreindir sem menningarlegir áfangastaðir og hefur þess gætt hérlendis með mikilli fjölgun menningarsetra og sögusýninga.¹⁰⁵

En hvað er menningartengd ferðþjónusta?

Í rannsókn sinni á menningartengdri ferðþjónustu í Eyjafirði viðurkenna Guðrún Helgadóttir, Edward H. Huijbens og Kristín Sóley Björnsdóttir að hugtakið sé ákaflega loðið og í raun jafn snúið og skilgreining menningar sem við höfum fjallað um hér að ofan í kafla 4.1. Gróflega má skipta flokkun á menningartengdri ferðþjónustu upp í tvær nálganir. Annars vegar eftir því hvernig menningarafþreying er í boði og hins vegar eftir því hvert menningarferðafólkið er. Lítum fyrst á skilgreiningu menningarferðalaga út frá afþreyingunni sem boðið er upp á.

„Menningarferðalög“ er almennt hugtak til að lýsa ferðalögum þar sem lífsstíll, listir, atvinnugreinar, hefðir og afþreying heimafólksins er í brennidepli. ... (Smith, 2003). ... Hughes (2000) heldur því fram að algengasta skilgreiningin á menningarferðalögum séu heimsóknir á staði tengda menningararfi (s.s [svo] söfn, dómkirkjur, kastala, sögulegar byggingar), sjónlistastaði (gallery) sem og sviðslistastaði (leikhús og tónlistarhús). Besculides o.fl. (2002) eru í stórum dráttum sama sinnis um að menningarferðalög taki bæði til minja og samtíma; þ.e. að menningarferðalög snúist um heimsóknir á sögulega staði auk þess að taka þátt í hátíðum á svæðinu, horfa á þjóðdansa eða þjóðlegar athafnir og/eða kaupa handverk frá svæðinu.¹⁰⁶


Það má skipta ferðþjónustu upp í fimm mismunandi þætti eftir framboði áfangastaða (sjá meðfylgjandi mynd). Mikilvægt er að allir geirarnir nái að vinna vel saman vegna áhrifanna sem þeir hafa á hvern annan. Seglar skipta mestu því þeir eru aðdráttaraflíð sem dregur gesti til áfangastaðarins, örvar þá og veitir ánægju tilfinningu. Seglum má skipta upp í menningarlegar og náttúrulegar auðlindir. Þær menningarlegu eru manngerðar svo sem saga, fornleifar, verslun, hefðir, trú, heilsa og íþróttir. Þjónusta við ferðafólk snýst um að undirbyggja þá heildarupplifun sem ferðafólk sækist eftir. Aðgengi lítur að innviðum en þeir verða að vera í lagi til að segullinn og þjónustan verði nýtt af ferðamönnum. Upplýsingar eru mikilvægar í ferðþjónustukerfinu, bæði svo að ferðafólkið geti fundið viðkomandi áfangastað og hafi áhuga á að koma þangað.¹⁰⁷

¹⁰⁴Guðrún Helgadóttir, Edward H. Huijbens og Kristín Sóley Björnsdóttir, *Menningartengd ferðþjónusta í Eyjafirði* FMSÍ-S-02-2007 (Ferðamálasetur Íslands, 2007), (bls. 11.)

¹⁰⁵Guðrún Helgadóttir, Edward H. Huijbens og Kristín Sóley Björnsdóttir, *Menningartengd ferðþjónusta í Eyjafirði* FMSÍ-S-02-2007 (Ferðamálasetur Íslands, 2007), (bls. 13.)

¹⁰⁶Guðrún Helgadóttir, Edward H. Huijbens og Kristín Sóley Björnsdóttir, *Menningartengd ferðþjónusta í Eyjafirði* FMSÍ-S-02-2007 (Ferðamálasetur Íslands, 2007), (bls. 13.)

¹⁰⁷Guðrún Helgadóttir, Edward H. Huijbens og Kristín Sóley Björnsdóttir, *Menningartengd ferðþjónusta í Eyjafirði* FMSÍ-S-02-2007 (Ferðamálasetur Íslands, 2007), (bls. 20-22.) Sjá einnig tilvitn. rit.



Mynd 1: Ferðaþjónustukerfi séð frá framboðshliðinni

Látum þessa skilgreiningu út frá afþreyingu áfangastaðar duga. Lítum nú til menningarferðalaga út frá því hvert menningarferðafólkið er.

Menningarferðalag hefur verið skilgreint sem allar ferðir fólks „til sérstaks menningarlegs aðráttarafls, eins og minjastaða og vettvangs listrænna og menningarlegra viðburða, fyrir utan þeirra daglega búsetuumhverfi“.¹⁰⁸ Sé tilgangur ferðar skilgreindur nánar þá er litið til þess að hvatinn að ferðinni sé að hluta til eða algjörlega „áhugi á sögulegu, listrænu og vísindalegu framboði svæðisins eða samfélagsins sem heimsækja skal“ og fólk ferðast „í þeim ásetningi að öðlast nýja þekkingu og reynslu til að fullnægja menningarlegum þörfum sínum“.¹⁰⁹ Sumir fræðimenn ganga enn lengra í skilgreiningum sínum á menningarferðalögum og skipta þeim upp í flokka eftir því hvaða menningarverðmæti draga að ferðafólkið. Má nefna menningararf, listir, borgarsamfélag, landsbyggð, frumbyggja og samtímamenningu í þessu sambandi. Ferðalag sem snýst um menningararf er þá ferð til að kynnst sögu, minjum og öðrum þáttum menningararfsins. Ferðir til að kynnst og njóta lista er að sækja listasöfn, sýningar, leikhús, tónlistarviðburði og dans. Ferðir til borgar eru stundaðar til að taka þátt í borgarmenningu. Ferðir í dreifbýli eða á landsbyggð eru til njóta lífsstíls og menningar dreifbýlis, frumbyggjar eru sóttir heim til að kynnst framandi menningu.¹¹⁰

Menningarferðalög eru afskaplega fjölbreytt og ná yfir mörg áhugasvið. Segja má að menningarferðalög séu öll þau ferðalög þar sem fólk kynnist lífsháttum og hátterni annarra. Listir, tónlist, dans, handverk, matur og drykkur, atvinnulíf og viðskipti, landbúnaður, menntun, bókmenntir og tungumál, vísindi, stjórnskipun, trú, saga og forsögulegur tími flokkast undir hugtakið.

Það má líta svo á að það sem nýtt er til markaðssetningar á áfangastað séu þættir í menningu áfangastaðarins s.s. afþreying, matur, drykkir, gestrisni, byggingalist, handverk og allt annað sem einkennir líf fólksins á svæðinu. Út frá því sjónarmiði er freistandi að álykta að með þessu vali á þáttum í markaðssetningu svæðis sé búið að leggja ákveðnar línur um menningarlega ímynd þess.¹¹¹

¹⁰⁸Guðrún Helgadóttir, Edward H. Huijbens og Kristín Sóley Björnsdóttir, *Menningartengd ferðaþjónusta í Eyjafirði* FMSÍ-S-02-2007 (Ferðamálasetur Íslands, 2007), (bls. 13.) Sjá einnig tilvitn. rit.

¹⁰⁹Guðrún Helgadóttir, Edward H. Huijbens og Kristín Sóley Björnsdóttir, *Menningartengd ferðaþjónusta í Eyjafirði* FMSÍ-S-02-2007 (Ferðamálasetur Íslands, 2007), (bls. 13-14.) Sjá einnig tilvitn. rit.

¹¹⁰Guðrún Helgadóttir, Edward H. Huijbens og Kristín Sóley Björnsdóttir, *Menningartengd ferðaþjónusta í Eyjafirði* FMSÍ-S-02-2007 (Ferðamálasetur Íslands, 2007), (bls. 14.)

¹¹¹Guðrún Helgadóttir, Edward H. Huijbens og Kristín Sóley Björnsdóttir, *Menningartengd ferðaþjónusta í Eyjafirði* FMSÍ-S-02-2007 (Ferðamálasetur Íslands, 2007), (bls. 14-15.)

Með þessu sést hve markaðsetning og ímynd svæðis haldast náð í hendur og því verður að gæta að því hvaða menningarímynd er haldið á lofti. Ef ekki reynist innistæða fyrir markaðsetningunni getur ímyndarsköpunin endað með óánægju bæði ferðalanga og heimamanna vegna þeirrar sýnar sem kynnt er af samfélaginu á svæðinu.

Menningarferðafólk skilgreinir yfirleitt sig ekki sjálf sem slíkt. Það sem gefur frekari vísbendingu um þróun í átt til menningarferðalaga er að ferðafólk er farið að velja fjölbreyttari afþreyingu á sviði menningar á áfangastöðunum og í því samhengi hafa listasöfn, hátíðir og atburðir sem byggja á einhvers konar sviðslist heldur dregið til sín ferðafólk og aukið hlutdeild sína á markaðnum. Flestir njóta menningar sem hluta af ferð sem farin er í ýmsum öðrum tilgangi. Því má segja að menningartengd ferðaþjónusta sé sú þjónusta sem menningarstofnanir og – fyrirtæki sem fyrir eru á svæðinu veita ferðafólki. Ferðalangar í menningarferð eru vel efnaðir og eyða meiru en almennt gerist um ferðafólk. Stafar það sennilega af því að svo virðist sem menningarferðafólk hafi þriðjungi hærra laun en meðaltal launa er í Evrópusambandinu samkvæmt könnunum. Eyðslan stafar sennilega af því að menningarferðafólk dvelur lengur á hótelum eða gistiheimilum og er líklegri til að versla heldur en almennt ferðafólk. Menntun er líka almennt meiri hjá þessu ferðafólki.¹¹² Kannanir sýna að yfir 80% erlendra ferðamanna hér á landi hafa áhuga á sögu og menningu Íslendinga. Um 60% þeirra heimsækja sögulega staði og um helmingur þeirra skoðar kirkjur eða söfn. Stór hluti landsmanna er líka áhugasamur um sögu og sérstöðu einstakra staða og svæða enda má segja að sagan sé hér við hvert fót.¹¹³

Hér að ofan í kaflanum um menningararf á bls. 14 var farið nokkrum orðum um heimsminjanefndina ICOMOS og samþykktir um menningartengda ferðaþjónustu. Þar var bent á hve mikilvæga og verðmæta ICOMOS telur menningarferðaþjónustu vera. Sáttmáli ICOMOS segir ennfremur að samspil ferðalaga og menningararfs eigi að vera virkt. Vísað er þannig til hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og kallað eftir þátttöku og samstarfi heimamanna, verndunargeirans, ferðaþjónustuaðila, landeigenda, stjórnmalamanna og skipulagsyfirvalda til þess að byggja upp sjálfbæra ferðaþjónustu sem stuðlar að varðveislu menningarverðmæta fyrir komandi kynslóðir.

Markmið sáttmálans eru:

- Að fá þá sem fara með varðveislu og stjórnun menningararfs til að kynna mikilvægi hans og gera almenningi (gestum sem heimamönnum) kleift að njóta hans.
- Að fá ferðaþjónustuna til að efla og stýra ferðamennsku með þeim hætti að menning og menningararfur áfangastaða séu virt og efla.
- Að koma á og efla samræðu hagsmunaaðila í varðveislu menningararfs og í ferðaþjónustu til að auka skilning á mikilvægi og viðkvæmu ástandi minja, samfélaga og safna með það fyrir augum að þróun þeirra verði sjálfbær.
- Að hvetja þá sem skipuleggja og móta stefnu til að setja nákvæm og mælanleg markmið og leiðir til kynningar og sýningar á minjastöðum og menningarviðburðum með þeim hætti sem tryggir vernd þeirra og varðveislu.¹¹⁴

Kynning, markaðssetning og ímyndarsmið eru afskaplega mikilvæg fyrir menningarferðaþjónustu. Guðrún Helgadóttir, Edward H. Huijbens og Kristín Þóra Björnsdóttir benda á að markaðsetning

byggir alltaf í grunninn á landfræðilegri aðgreiningu; heimsálfa, land, landssvæði og síðast staður eða nærsamfélag. Vandinn við markaðssetningu einstakra staða

¹¹²Guðrún Helgadóttir, Edward H. Huijbens og Kristín Sóley Björnsdóttir, *Menningartengd ferðaþjónusta í Eyjafirði* FMSÍ-S-02-2007 (Ferðamálasetur Íslands, 2007), (bls. 16 og 27.) Sjá einnig tilvitn. rit.

¹¹³Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnuátun og aðgerðir í ferðamálum í uppsveitum Árnesyslu 2004-2008* (2003), (bls. 15.)

¹¹⁴Guðrún Helgadóttir, Edward H. Huijbens og Kristín Sóley Björnsdóttir, *Menningartengd ferðaþjónusta í Eyjafirði* FMSÍ-S-02-2007 (Ferðamálasetur Íslands, 2007), (bls. 18-19.)

er að það nærsamfélag sem staðinn skapar, ímynd hans og menningu, er oft of lítið og ekki með næg fjárráð til að standa í beinni markaðssetningu útávið.¹¹⁵

Líkt og nefnt var hér að framan um menningarsvæði uppsveitanna þá er erfitt að aðskilja menningarsvæðið frá nærliggjandi svæðum. Það eru sérkenni til staðar sem hægt er að draga fram og geta skilað sér vel gagnvart innlendum ferðamönnum en einföldun til markaðsetningar á alþjóðavettvangi er erfðari. Þar er náttúrutengd ímyndarmið einfaldari.

Markaðssetning áfangastaða byggir á sköpun jákvæðrar ímyndar af menningarlegri sérstöðu, þ.e. þjóðmenningu, menningararfi eða staðbundnum menningarverðmætum. Þetta er þó alls ekki einfalt mál. Svæðisbundin menning er flókið hugtak, í fyrsta lagi er vandi að skilgreina svæði, í öðru lagi menningu og síðast en ekki síst; samspil hins staðbundna, svæðisbundna og heimsins alls eða annarra sem á staðinn/svæðið koma.¹¹⁶

Þetta leiðir til þess að fyrirtæki og stofnanir markaðssetja oft svæði og menningu með einfölduðum hætti sem stangast á við raunveruleikann. Markaðssetning áfangastaðar þarf að byggja á hugmyndafræði staðar, „það er þekkingu á orðræðunni sem hefur mótað anda staðarins, ímynd og sögu.“¹¹⁷ Ekki síður þarf ímynd að byggja á veruleika staðarins svo sem því sem ferðafólki stendur til boða á staðnum. Þetta vísar allt að lykillhugtaki í menningararfsferðaþjónustu sem er falsleysi (e. *authenticity*), sem einnig hefur verið kallað upprunaleiki eða áreiðanleiki. Þetta er hversu trúverðug

framsetning menningararfsins er, þ.e. hvort byggt er á traustum heimildum þ.e. rannsóknum um sögulegan veruleika, hvort endurgerðir og/eða viðhald og verndun minja fari fram eftir viðurkenndum aðferðum forvörslu, hvort fornleifafræðilegar og/eða sagnfræðilegar rannsóknir hafi verið nýttar o.s.frv. (Timothy og Boyd, 2003). Jafnframt snertir þetta spurninguna um hvort um lífandi, skapandi menningarstarf/menningararf sé að ræða eða hvort ferðafólki er boðið uppá staðalmyndir sem ekki þróast með aukinni þekkingu, umræðu og viðhorfsbreytingum s.s. eins og þróun söguskoðunar eða straumum og stefnum í listgreinum.¹¹⁸

Ferðamenn eru yfir höfuð vel menntaðir og gera kröfu um falsleysi upplifunar á áfangastaðnum til þess að ferðareynslan sé ánægjuleg. Væntingar og upplifun skipta því miklu máli fyrir ferðamenn.¹¹⁹

Hvernig hafa ríki og sveitarfélög nálgast menningarlega ferðaþjónustu? Svo ekki sé minnst á falsleysið sem Guðrún, Huijbens og Kristín Þóra minnst á?

Árið 1995 samþykkti Alþingi ályktun um að „fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd til að setja fram hugmyndir og tillögur um það hvernig nýta megi sögu þjóðarinnar, sögustaði, þjóðhætti, verkmenningu og bókmenntir til að efla og bæta ferðaþjónustu innan lands.“¹²⁰ Í kjölfarið skipaði samgönguráðuneytið nefnd sem skilaði skýrslu af sér 18. maí 1995.¹²¹

¹¹⁵Guðrún Helgadóttir, Edward H. Huijbens og Kristín Sóley Björnsdóttir, *Meningartengd ferðaþjónusta í Eyjafirði* FMSÍ-S-02-2007 (Ferðamálasetur Íslands, 2007), (bls. 24.)

¹¹⁶Guðrún Helgadóttir, Edward H. Huijbens og Kristín Sóley Björnsdóttir, *Meningartengd ferðaþjónusta í Eyjafirði* FMSÍ-S-02-2007 (Ferðamálasetur Íslands, 2007), (bls. 22-24.)

¹¹⁷Guðrún Helgadóttir, Edward H. Huijbens og Kristín Sóley Björnsdóttir, *Meningartengd ferðaþjónusta í Eyjafirði* FMSÍ-S-02-2007 (Ferðamálasetur Íslands, 2007), (bls. 24-25.) Sjá einnig tilvitn. rit.

¹¹⁸Guðrún Helgadóttir, Edward H. Huijbens og Kristín Sóley Björnsdóttir, *Meningartengd ferðaþjónusta í Eyjafirði* FMSÍ-S-02-2007 (Ferðamálasetur Íslands, 2007), (bls. 26.) Sjá einnig tilvitn. rit. .

¹¹⁹Guðrún Helgadóttir, Edward H. Huijbens og Kristín Sóley Björnsdóttir, *Meningartengd ferðaþjónusta í Eyjafirði* FMSÍ-S-02-2007 (Ferðamálasetur Íslands, 2007), (bls. 58.)

¹²⁰*Skýrsla nefndar um tengsl menningarsögu þjóðarinnar við ferðaþjónustu* (Samgönguráðuneytið, 1995), (bls. 2.)

¹²¹Nefndina skipuðu Valgarður Egilsson lækni, Erla Kristjánsdóttir M.Ed. kennslustjóri KHI, Gunnlaugur Eidsönn leiðsögumaður, Jón Böðvarsson íslenskufraeðingur, Margrét Hallgrímsdóttir fornleifafræðingur forstöðum. Árbæjarsafns. *Skýrsla nefndar um tengsl menningarsögu þjóðarinnar við ferðaþjónustu*

Skýrsla nefndarinnar fjallaði fyrst og fremst um þjónustu við íslenska ferðamenn. Nefndarmenn töldu meðal annars að söfn yrðu að miðla fróðleik betur. Um sögustaði og minjar í héröðum taldi nefndin skorta mjög á um merkingar og vegvísun, ritaðan fróðleik, bæklinga og sögukort. Samstarf margra aðila þyrfti að koma til því mjög skorti á að ferðalangar viti hvað er af skoðunarverðum minjum og sögustöðum. Myndefni um sögustaði og minjar í héraði þyrfti að vera til staðar. Leiðsögumenn frá heimabyggð til leiðsagnar um héröð. Skráning og verndun markverðra örnefna ásamt ferðamiðstöðvum. Nefndin gerði tengsl bókmennta og lista við sögustaði sérstök skil og ítrekaði mikilvægi slíkra upplýsinga fyrir ferðamenn. Fornsögur, skáld- og ævisögur, þjóðsögur, ferðabætur og kveðskapur eru ríkur vettvangur fyrir ánægjulega leiðsögn. Menntun og fræðsla leiðsögumanna væri mikilvæg og þá oft heimamanna sem fjölluðu bara um sérsvið menningarinnar svo sem kynningu verkhefða eða bændaglímu. Ungt fólk þarf að laða að menningarsögunni.¹²²

Nefndarmenn töldu að bragarbót þyrfti að gera á kynningu menningarsögunnar til ungmenna og lögðu til áttahafræðslu í skólum sem tengja mætti forfeðrum.

Framreiðsla á kynningarefni skiptir hér öllu máli. Fyrirlestrar ná ekki alltaf marki; aðrir kostir eru myndefni, tónlist og leikfærsla ákveðinna atriða.

Markmiðið er að vekja forvitni ungs fólks, undrun, oft þarf þá til nokkurt drama.¹²³

Í skýrslunni benda nefndarmenn einnig á mikilvægi þess að ferðamiðstöðvar nái að kynna sig og upplýsingar sínar með sem bestum hætti. Benda þeir sérstaklega á veraldarvefinn þar sem ótæmandi möguleikar séu á að kynningu og upplýsingagjöf.¹²⁴ Nefndarmenn stungu upp á því að gera mætti tilraun með reynslusveitarfélög um uppbyggingu þemaverkefnis á sviði menningar og ferðaþjónustu. Nefndu þeir sérstaklega síld í Siglufirði og bókmenntir í Borgarfirði.¹²⁵

Mikilvægi þess að kynna menningarefni á mörgum tungumálum og á margmiðlunaforni er ítrekað af nefndarmönnum. Vekja þurfi athygli erlendra ferðamanna ekki síst Vestur-Íslendinga. Þeir fá þannig áhuga á að koma og skoða viðkomandi menningarsvæði. Bent er á mikilvægi hátíða, lands og lífshátta sem alþjóðlegt aðdráttarafl.¹²⁶ Að lokum eru í skýrslunni nokkur dæmi um hvernig hugmyndir nefndarinnar eru í framkvæmd. Þar nefna þeir til að mynda Bláskógaheiði sem dæmi um bókmennta- og söguferð. Fara mætti yfir heiðina á rútu og fylgja eftirfarandi sögustöðum:

Upphaf Íslandsklukkunnar: öldungurinn, böðullinn og Jón Hreggviðsson –
 upphafserindi Skúlaskeiðs við Tröllháls og Víðiker – andlát Jóns Vídalíns við
 Biskupsbrekku – sagan um Snæbjörn galta við Hallbjarnarvörður – Fjallið
 Skjaldbreiður eftir Jónas og tengja það jarðfræði svæðisins (helst við Brunna) –
 Uxahryggjaleið og viðureign Glúms og Þjóstólfs í Njálu¹²⁷

Iðnaðarráðuneytið hefur einnig látið menningartengda ferðaþjónustu til sín taka. Það telur sóknarfæri landsbyggðarinnar liggja meðal annars á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu því hún endurspeglar sérkenni og arfleifð Íslands og er vel til þess fallin að styrkja samkeppnisstöðu landsins á alþjóðlegum ferðaþjónustumarkaði. Vísar ráðuneytið til þess að Íslendingar tóku þátt í verkefni á vegum Norðurslóðaáætlunar Evrópusambandsins, er snérist um eflingu menningartengdrar ferðaþjónustu. Íslenski hlutinn fólst í nokkrum verkefnum sem gengu út á uppbyggingu ferðaþjónustu á grunni

(Samgönguráðuneytið, 1995), (bls. 2.)

¹²² Skýrsla nefndar um tengsl menningarsögu þjóðarinnar við ferðaþjónustu (Samgönguráðuneytið, 1995), (bls. 2-11.)

¹²³ Skýrsla nefndar um tengsl menningarsögu þjóðarinnar við ferðaþjónustu (Samgönguráðuneytið, 1995), (bls. 10.)

¹²⁴ Skýrsla nefndar um tengsl menningarsögu þjóðarinnar við ferðaþjónustu (Samgönguráðuneytið, 1995), (bls. 11.)

¹²⁵ Skýrsla nefndar um tengsl menningarsögu þjóðarinnar við ferðaþjónustu (Samgönguráðuneytið, 1995), (bls. 12.)

¹²⁶ Skýrsla nefndar um tengsl menningarsögu þjóðarinnar við ferðaþjónustu (Samgönguráðuneytið, 1995), (bls. 13-17.)

¹²⁷ Skýrsla nefndar um tengsl menningarsögu þjóðarinnar við ferðaþjónustu (Samgönguráðuneytið, 1995), (bls. 24.)

víkingasagna. Þau voru fjölbreytt og dreifð víða um landið og tengdust Gísla sögu Súrssonar, Egilssögu, Grettissögu, Þjóðveldisbænum í Þjórsárdal, Leifi heppna og víkingaskipinu Íslendingi. Styrkjum frá þessu verkefni var meðal annars ætlað er að virkja unga frumkvöðla á norðurlóðum, styrkja upplýsingatækni í dreifbýli og styðja símenntun og fjarkennslu.¹²⁸ Iðnaðarráðuneytið styður nú dyggilega við menningartengda ferðaþjónustu og stendur að „Gáttum – þróunarverkefni í menningartengdri ferðaþjónustu“ sem er nýtt átaksverkefni á vegum ráðuneytisins. Það er kynnt af Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Ferðamálastofu á heimasíðu miðstöðvarinnar.¹²⁹

Tilgangur verkefnisins er að efla ferðaþjónustu með því að vinna úr svæðisbundnum menningarverðmætum, bæði í einstökum héruðum og á landsvísi. Ennfremur að efla skilning og samstarf milli héraða og innan héraðs á við að þróa vöru og þjónustu byggða á menningu og menningararfi landsbyggðarinnar.¹³⁰

Á meðal faglegra forsenda fyrir umsókn að verkefninu er eftirfarandi: Atvinnuhættir og atvinnusaga; Menningarlandslag; Þjóðhættir; Þjóðsögur, siðir, hátíðir og þjóðtrú; Sagnaarfur okkar; Íslendingasögur; Sambúð manns og náttúru; Samtímamenning; Bygðasaga.¹³¹

Á meðal samtaka sem einbeitt hafa sér að menningartengdri ferðaþjónustu eru Samtök um sögutengda ferðaþjónustu.¹³² Þau voru stofnuð að Þingeyrum í Húnavatnssýslu í maí 2006 og telja nú um 50 aðila um allt land. Helsta markmið samtakanna er að vera samvinnu- og samráðsvettvangur þeirra er stunda sögutengda ferðaþjónustu á Íslandi. Auk þess er markmiðið að auka samvinnu í kynningarmálum, gæðamálum og stuðla að aukinni fagmennsku. Skynsamlegt þótti að afmarka starfsemina við tímabilið frá landnámi og fram til síðaskipta 1550 fyrst í stað og ekki er loku fyrir það skotið að tímabilið verði víkkað út síðar.¹³³

Menningarstofnanir miðla og varðveita menningararfinn. Þær koma því óhjákvæmilega mikið að því að hafa áhrif á ferðaþjónustu og markaðssetningu áfangastaða. Þær eru markverðasti viti falsleysis menningarímyndarinnar. Þær eru hins vegar í fjárþröng, mjög staðbundnar og vegna sjálfstæðis síns eru þær ekki í viðamikilli kynningarstarfsemi og ímyndarsköpun með einstaklingum, fyrirtækjum og sveitastjórnnum. Í raun má segja að því meiri áhersla sem lögð er á menningarferðaþjónustu þá megi búast við því fleiri og fjölbreyttari ímynda af sama svæði. Er það jákvætt eða neikvætt? Erfitt að segja. Fjölbreytileiki ímynda, svo lengi sem hann er ekki beinlínis rangur, túlkar væntanlega fjölbreytta flóru mannlífsins og margbreytileika þess. Um leið verður markaðsetning ferðaþjónustunnar erfiðari því hún byggist að mörgu leyti á einföldun og skýrum áherslum sem greina sig að frá keppinautum hennar hvort sem þeir eru annað landssvæði, sveitarfélag eða fyrirtæki.

Skýrar áherslur áfangastaða er hægt að færa yfir á uppsveitirnar til að mynda með hugmynd menningarsögunefndar Samgönguráðuneytis frá 1995 um sérstöðu svæða eða sveitarfélaga. Hér mætti nefna skólasamfélagið á Laugarvatni, garðyrkjan á Flúðum, sandgræðslan á Skeiðum og svo framvegis. Hægt er að skapa merka áfangastaði með slíkum áherslum en veikleiki þeirra er ávallt fámennið og fjárskortur til kynningar. Eðlilegt er að skoða í kjölfarið hvaða vinna hefur verið unnin í menningarferðaþjónustu í

¹²⁸Fimm meginstöðir byggðaáætlunar: Traust og fjölbreytt atvinnulíf; Öflug byggðarlög; Aukin þekking og hæfni; Bættar samgöngur; Áhersla á sjálfbæra þróun (Iðnaðarráðuneytið).

¹²⁹„Gáttir - þróunarverkefni í menningartengdri ferðaþjónustu - Nýsköpunarmiðstöð Íslands“ sótt 3. október 2008.

¹³⁰„Gáttir - Þróunarverkefni á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu - Nýsköpunarmiðstöð Íslands“ sótt 3. október 2008.

¹³¹„Gáttir - Þróunarverkefni á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu - Nýsköpunarmiðstöð Íslands.“

¹³²„SagaTrails“ sótt 3. október 2008.

¹³³„SagaTrails“ sótt 3. október 2008.

uppsveitum Árnessýslu. Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi uppsveitanna hefur látið vinna vandaða stefnumótun og er rétt að skoða hana nánar.

6.1.1 Gæði og gestrisni

Ítarleg stefnumótun var unnin fyrir ferðaþjónustu í uppsveitum Árnessýslu 2003. Var vönduð skýrsla gefin út í kjölfarið sem bar nafnið „Gæði og gestrisni; stefnumótun og aðgerðir í ferðamáli í uppsveitum Árnessýslu 2004–2008“. Skýrslan er ákaflega fróðleg og veitir góða innsýn inn í ferðamál uppsveitanna. Skýrsluhöfundar skilgreina menningaferðaþjónustu þannig að hún snerti allt það sem við mennirnir höfum verið að fást við í nútíð og fortíð. Þeir skipta henni enn frekar upp í fræðandi og fræðilega ferðaþjónustu.

Fræðandi ferðaþjónusta byggist fyrst og fremst á því að virkja sem flesta, einkum þó gestgjafa og heimamenn, til að fræða ferðamenn um hluti og fyrirbrigði í næsta nágrenni þeirra staða sem þeir heimsækja. Fræðileg ferðaþjónusta er talsvert sérhæfðari og snýst um að sérfræðingar gefa fag- og áhugahópum hlutdeild í sérfræðiþekkingu sinni og þá gjarnan á vettvangi, t.d. á sviði jarðfræði, náttúrufræði o.fl.¹³⁴

Í skýrslunni kemur fram að um eða yfir 80% erlendra ferðamanna heimsækja uppsveitir Árnessýslu, en flestir fara að Gullfossi, Geysi og Þingvöllum en síðan að Laugarvatni, Skálholti og Flúðum. Hins vegar gista fæstir á svæðinu. Má búast við því að árið 2020 gætu erlendir ferðamenn í uppsveitunum verið orðnir um 800 þúsund. Íslendingar eru þó mikilvægari fyrir ferðaþjónustu í uppsveitunum en erlendir ferðamenn og þeir dreifast betur um svæðið. Áætlað er að um 150 þúsund Íslendingar muni koma í nálægt 700 þúsund heimsóknir í uppsveitirnar árið 2020. Hver þeirra komi að jafnaði í fjögur til fimm skipti hver og að gistinætur þeirra verði álíka margar sem verða sennilega fleiri en 70% í sumarhúsum.¹³⁵ Kannanir sýna þó að hlutfallslega færri gista af þeim sem koma í Árnes- og Rangárvallasýslur nú en gerðu áður og þeir sem gista dvelja skemur. Þrátt fyrir þetta hafa gistitekjur ekki minnkað að ráði því aðallega hefur tjaldgestum fækkað á meðan þeim sem borga herra verð fyrir gistingu hefur fjölgað. Þá mælir þessi niðurstaða einungis sumargesti en ekki ferðamenn á jaðartímum eða að vetri til en þar eru vísbendingar um að svæðið hafi sótt í sig veðrið, einkum að hausti til.¹³⁶ Innlendir ferðamenn standa líklega fyrir 92-93% af gistinóttum ferðamanna í uppsveitunum en erlendir ferðamenn 7-8%. Hins vegar greiða Íslendingar minna fyrir hverja gistinótt sökum þess hve hátt hlutfall af gistingu þeirra er í eigin bústað, í leigðu sumarhúsi eða á tjaldsvæði. Þannig má búast við að erlendir ferðamenn séu með 20-30% hlutfall af útgjöldum ferðamanna í uppsveitunum. Þá má reikna með að Íslendingar standi nú fyrir um þremur fjórðu hlutum ferða um uppsveitirnar aðallega vegna tíðra heimsókna á svæðið.¹³⁷ Þá sýna rannsóknir að erlendir ferðamenn dreifast takmarkað út fyrir Gullna hringinn.¹³⁸ Æ fleiri erlendir ferðamenn ferðast á eigin vegum eða um 70% erlendra ferðamanna 2003 og leita sér sjálfir upplýsinga um áfangastað. Nauðsynlegt er í flóknu umhverfi örra breytinga að hafa faglegan ráðgjafa sem getur fylgst með, aflað upplýsinga

¹³⁴ Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnámótun og aðgerðir í ferðamáli í uppsveitum Árnessýslu 2004-2008* (2003), (bls. 80.)

¹³⁵ Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnámótun og aðgerðir í ferðamáli í uppsveitum Árnessýslu 2004-2008* (2003), (bls. 3.)

¹³⁶ Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnámótun og aðgerðir í ferðamáli í uppsveitum Árnessýslu 2004-2008* (2003), (bls. 24.)

¹³⁷ Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnámótun og aðgerðir í ferðamáli í uppsveitum Árnessýslu 2004-2008* (2003), (bls. 27.)

¹³⁸ Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnámótun og aðgerðir í ferðamáli í uppsveitum Árnessýslu 2004-2008* (2003), (bls. 28.)

og þekkingar og miðlað áfram til þessara aðila.¹³⁹ Skýrsluhöfundar komast að þeirri niðurstöðu að lykilatriði sé að erlendir ferðamenn gisti í auknum mæli í uppsveitunum og skilji þannig eftir meiri fjármuni og stuðli að áframhaldandi fjölgun starfa.¹⁴⁰

Gert er ráð fyrir að ferðaþjónustustörf árið 2003 hafi verið orðin um 230–40 talsins og hafi fjölgað um 70 frá 1997. Ferðaþjónusta er því mannfrekasta atvinnugreinin í uppsveitunum. Þá hefur sumarhúsum og hjólhýsum fjölgað um 20% á sama tímabili, úr 3400 í 4100. Gististöðum fjölgaði á tímabilinu um rúmlega 50% og gistiherbergjum um 18%. Afþreying hefur einnig aukist umtalsvert og ferðamannatíminn í uppsveitum hefur heldur verið að lengjast í báðar áttir.¹⁴¹ Rétt er þó að benda á að erfitt er að aðgreina störf í ferðaþjónustu frá almennri þjónustu við heimamenn. Hér má nefna þjónustu iðnaðarmanna við sumarhúsaeygndur, bifreiðaverkstæði, garðyrkjubændur, þjónusta heilsugæslustöðva og svo framvegis. Með því að beita sömu viðmiðunum 1997 og 2003 sést þó skýr aukning starfa tengdum ferðaþjónustu.¹⁴²

Á meðal helstu markmiða með stefnumótun og aðgerðum í ferðamálum fyrir uppsveitir Árnessýslu 2004–2008 eru fjölgun ársverka í ferðaþjónustu, aukning tekna af ferðafólki og styrking jákvæðrar ímyndar uppsveitanna.¹⁴³ Til að fá gesti til að dvelja lengur og eyða meiru er hvatt til aukins framboðs afþreyingar.¹⁴⁴ Mælst er til þess að nýta hráefni af svæðinu í veitingum og að hafa í boði íslenskan skyndibita auk þess hefðbunda. Verslunarfolk er hvatt til að skoða möguleika á að stofna þematengdar sérværslanir með skýra sérstöðu. Á sviði handverks og lista er lagt til að Listahátíð uppsveitanna verði haldin reglulega og að kannaðir verði möguleikar á að koma á fót handverks- og listasmíðju í uppsveitunum.¹⁴⁵ Þörf er á að dreifa ferðafólki betur um svæðið með aukinni fræðslu og merkingum um sérstæð náttúrufrýrbrigði, sögustaði og þjóðsagnastaði. Í útgáfu og markaðsmálum er lagt til að stutt verði við stofnun Markaðsstofu Suðurlands. Uppsveitirnar taki þátt í að koma út Sögukorti Suðurlands og hafi sameiginlega netgátt þar sem ferðamálum verði gerð góð skil.¹⁴⁶ Mælst er til þess að góð upplýsingamiðstöð verði rekin að Geysi, á Laugarvatni og Flúðum. Þá verði upplýsingagjöf á Þingvöllum eflað og auk þess verði helstu ferðabæklingar um Suðurland og uppsveitirnar fánlegir víðar á svæðinu. Gera ferðamönnum kleyft að bæði framkvæma og læra í afþreyingu. Lagt er til að efla afþreyingu á öllum sviðum með sérstakri áherslu á ungu kynslóðina. Auka til dæmis afþreyingu er tengist jarðhita, söfnum og sýningum, göngu- og skoðunarferðum.¹⁴⁷

Í menningarferðaþjónustu er hvatt er til þess að saga og sérstæða svæðisins og einstakra staða verði kynnt ferðamönnum á fjölbreytilegan og lifandi hátt.¹⁴⁸ Hvert

¹³⁹ Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnumótun og aðgerðir í ferðamálum í uppsveitum Árnessýslu 2004–2008* (2003), (bls. 34.)

¹⁴⁰ Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnumótun og aðgerðir í ferðamálum í uppsveitum Árnessýslu 2004–2008* (2003), (bls. 29.)

¹⁴¹ Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnumótun og aðgerðir í ferðamálum í uppsveitum Árnessýslu 2004–2008* (2003), (bls. 3.)

¹⁴² Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnumótun og aðgerðir í ferðamálum í uppsveitum Árnessýslu 2004–2008* (2003), (bls. 30.)

¹⁴³ Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnumótun og aðgerðir í ferðamálum í uppsveitum Árnessýslu 2004–2008* (2003), (bls. 3.)

¹⁴⁴ Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnumótun og aðgerðir í ferðamálum í uppsveitum Árnessýslu 2004–2008* (2003), (bls. 31.)

¹⁴⁵ Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnumótun og aðgerðir í ferðamálum í uppsveitum Árnessýslu 2004–2008* (2003), (bls. 4.)

¹⁴⁶ Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnumótun og aðgerðir í ferðamálum í uppsveitum Árnessýslu 2004–2008* (2003), (bls. 4.)

¹⁴⁷ Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnumótun og aðgerðir í ferðamálum í uppsveitum Árnessýslu 2004–2008* (2003), (bls. 4.)

¹⁴⁸ Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnumótun og aðgerðir í ferðamálum í uppsveitum Árnessýslu 2004–2008* (2003), (bls. 5.)

sveitarfélag uppsveitanna hefur sína sérstöðu á sviði náttúru, sögu og atvinnulífs og er mikilvægt að nota þá sérstöðu til að efla ferðaþjónustuna á hverjum stað.¹⁴⁹ Mikilvægt er að gera menningu heimamanna sýnilegri gestum og gangandi því rannsóknir sýna að ferðamenn hafa mikinn áhuga á staðbundinni menningu og listum. Er horft til listamanna, jafnt atvinnumanna sem áhugafólks, til samvinnu við uppbyggingu ferðaþjónustunnar í uppsveitunum. Merk tímamót eru góð til að vekja athygli ferðamanna á viðkomandi stað eða svæði. Þau geta verið af ýmsum toga svo sem afmæli sveitarfélaga, þéttbýlisstaða, stofnana, fyrirtækja eða ártíðarminningar nafntogaðra einstaklinga sem voru fæddir eða uppaldir í uppsveitunum.¹⁵⁰ Þjóðsögur og sagnir ýmiss konar geta vel nýst til að auka fjölbreytni í menningarferðaþjónustu. Benda skýrsluhöfundar á bók Bjarna Harðarsonar, *Landið, fólkid og þjóðtrúin*,¹⁵¹ sem er kærkomin fyrir þá sem nýta vilja þjóðsögur úr Árnessýslu í ferðaþjónustu og víðar. Þar kemur fram að um 70 þessara sagna eiga uppruna sinn í uppsveitunum.¹⁵² Það er talið til styrkleika svæðisins hve áhugi heimamanna á sögu svæðisins er mikill¹⁵³ og bent er á að við mótun stefnu í ferðaþjónustu í uppsveitunum 1998 var lögð mikil áhersla á tengsl ferðaþjónustunnar við sögu og menningu.¹⁵⁴ Ennfremur er bent á að ýmsir aðilar hafa unnið verkefni sem tengjast svæðinu og nefnt sem dæmi umfangsmikil skráning þjóðsagna í bók Bjarna Harðarsonar og þjóðfræði kirkjustaða sem var verkefni þjóðfræðinema. Ráðstefnur og námskeið um þjóðlegan fróðleik eru líka gnægtarhorn.¹⁵⁵ Með því að sækja til verkefna á borð við þessi má kynna menningu svæðisins á auðveldan og áhrifaríkan máta. Bent er á að leikrit, kórtónleikar og aðrar menningarsamkomur eru fjölmargar í félagsheimilum og á ferðaþjónustustöðum á svæðinu, jafnt sumar sem vetur, og eru þær jafnan fjölsóttar af heimamönnum og gestum.¹⁵⁶

Rétt er að nefna listviðburði og hátídir. Listahátíðin *Gullkeistan* hefur verið haldin á Laugarvatni með góðum árangri. Helstu listviðburðir í uppsveitunum hafa hingað til einkum tengst Skálholti, svo sem *Skálholtstónleikarnir* og ýmsar listsýningar þar innan dyra sem utan. Þá má nefna sönghátíðina *Undir Bláhimni* auk tónleika fjölmargra frábærra kóra í uppsveitunum og metnaðarfullra leiksýninga. Margir góðir gestir hafa sótt uppsveitirnar heim fyrir tilstuðlan heimamanna, kórar og hljómsveitir þar á meðal Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þá hefur handverksfólki á svæðinu vaxið fiskur um hrygg á allra síðustu árum og konur héldu hátíðlegan dreifbýliskvennadaginn árið 2001.¹⁵⁷

Aukin áhersla á samvinnuverkefni hefur skilað sér í því að möguleikar Íslands á samvinnuverkefnum um nýsköpun og þróun á vettvangi Evrópusambandsins hafa aukist og árangur Íslendinga á því sviði hefur verið góður. Hér á landi fara Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands, Iðntæknistofnun og Rannsóknaráð Íslands með umsýslu Íslands á sviði slíkra verkefna. Sem dæmi um slíkan árangur má nefna að nýverið fékkst um 50 milljóna

¹⁴⁹ Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnuþótun og aðgerðir í ferðamálam í uppsveitum Árnessýslu 2004-2008* (2003), (bls. 5.)

¹⁵⁰ Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnuþótun og aðgerðir í ferðamálam í uppsveitum Árnessýslu 2004-2008* (2003), (bls. 68-69.)

¹⁵¹ Bjarni Harðarson, *Landið, fólkid og þjóðtrúin. Kortlagðir álagablettir og byggðir trölla, álfa, drauga, skrimsla og útilegumanna í Árnesþingi*. (Selfoss: Sunnlenska bókaútgáfan, 2001), 313

¹⁵² Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnuþótun og aðgerðir í ferðamálam í uppsveitum Árnessýslu 2004-2008* (2003), (bls. 70.)

¹⁵³ Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnuþótun og aðgerðir í ferðamálam í uppsveitum Árnessýslu 2004-2008* (2003), (bls. 81.)

¹⁵⁴ Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnuþótun og aðgerðir í ferðamálam í uppsveitum Árnessýslu 2004-2008* (2003), (bls. 81.)

¹⁵⁵ Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnuþótun og aðgerðir í ferðamálam í uppsveitum Árnessýslu 2004-2008* (2003), (bls. 82.)

¹⁵⁶ Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnuþótun og aðgerðir í ferðamálam í uppsveitum Árnessýslu 2004-2008* (2003), (bls. 83.)

¹⁵⁷ Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnuþótun og aðgerðir í ferðamálam í uppsveitum Árnessýslu 2004-2008* (2003), (bls. 68.)

króna styrkur í verkefnið *Destination Viking Sagalands, Sagas and Storytelling* úr Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins. Meðal 15 þátttakanda í verkefninu er Skeiða- og Gnúpverjahreppur með verkefni um Þjórsárdal eins og áður hefur komið fram. Markmiðið er að kynna sögu dalsins með merkingum og kortum auk þess að auka upplýsingar til ferðamanna í og við Þjóðveldisbæinn.¹⁵⁸

Tillögur er snerta sérstaklega hvert sveitarfélag fyrir sig fá sérstakan sess í skýrslunni. Í Grímsnes- og Grafningshreppi er lagt til að komið verði upp myndarlegri þjónustumiðstöð að Borg þar sem einnig verði afþreying fyrir börn. Þá er lagt til að ferðaþjónusta á Nesjavöllum verði eflað og áttak gert í merkingum gönguleiða og útgáfu göngukorta. Í Bláskógabyggð er lagt til að Skálholt verði styrkt í sessi sem helsta menningarsetur Suðurlands og að þar verði fræðsla til ferðamanna eflað. Þá er lagt til að sérstöku þróunarverkefni um Kóningsveginn frá 1907 verði hrint af stokkunum. Fagnað er áformum um endurbætur á gufubaðinu á Laugarvatni, áformum um að lýsa Gullfoss upp eftir að dimma tekur og áformum staðarhaldara ferðamiðstöðvarinnar á Geysi um bætt aðgengi að hverasvæðinu. Hvatt er til þess að aðstaða og upplýsingagjöf við hverasvæðið verði bætt með það fyrir augum að forða svæðinu frá frekari skemmdum. Í Hrunamannahreppi er meðal annars lagt til að reist verði Fjalla-Eyvindarsetur að Flúðum er einnig geti þjónað hlutverki menningarhúss fyrir íbúana. Jafnframt er lagt til að þar verði árlega haldnir svo kallaðir Jarðarberjadagar sem eiga að vekja athygli á fjölbreyttu atvinnulífi og framleiðslu í sveitarfélaginu.¹⁵⁹ Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi er lagt til að reist verði myndarleg gestastofa í Þjórsárdal sem jafnvel geti verið jaðarmiðstöð fyrir Sprengisand og Torfajökulssvæðið. Lagt er til að árlega verði efnt til *Landnámsdags* þar sem landnámsmenn svæðisins verða heiðraðir með viðburðum. Þá er lagt til að Sveitasælusetur verði á Skeiðunum.¹⁶⁰

Skýrsluhöfundar *Gæði og gestrisni* leggja ítarlegt mat á styrkleika og veikleika sveitarfélaganna í ferðaþjónustu auk afmarkaðra þátta í ferðaþjónustunni. Ábendingarnar eru viðamiklar en gegnumsnæitt má segja að helstu annmarkar ferðaþjónustu í uppsveitum Árnessýslu séu skortur á upplýsingum og kynningu.¹⁶¹ Höfundar ganga raunar svo langt að staðhæfa að „skipulag upplýsingaþjónustu til ferðamanna í uppsveitum séu einn veikasti hlekkurinn í ferðaþjónustu á svæðinu og er brýnt að gera það [svo] bragarbot sem fyrst.“¹⁶²

Skýrsluhöfundar nefna nýtingu veraldarvefsins fyrir ferðaþjónustu. Komnar eru góðar og velhannaðar síður sveitarfélaga (Bláskógabyggð www.blaskogabyggd.is, Hrunamannahreppur www.fludir.is, Grímsnes- og Grafningshreppur www.gogg.is og Skeiða- og Gnúpverjahreppur www.skeidgnup.is) og ýmissa ferðaþjónustuaðila (Þingvellir www.thingvellir.is, Skálholt www.skalholt.is Hótel Geysir www.geysircenter.is, Lindin á Laugarvatni www.laugarvatn.is, Kerlingarfjöll www.kerlingarfjoll.is).¹⁶³ Þeir benda á hve heimasíður séu farnar að gegna gífurlega mikilvægu hlutverki í upplýsingamiðlun. Hver og einn ferðaþjónustuaðili þarf að vera sýnilegur á netinu.¹⁶⁴ Efla

¹⁵⁸ Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnumótun og aðgerðir í ferðamállum í uppsveitum Árnessýslu 2004-2008* (2003), (bls. 39.)

¹⁵⁹ Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnumótun og aðgerðir í ferðamállum í uppsveitum Árnessýslu 2004-2008* (2003), (bls. 5-6.)

¹⁶⁰ Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnumótun og aðgerðir í ferðamállum í uppsveitum Árnessýslu 2004-2008* (2003), (bls. 6.)

¹⁶¹ Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnumótun og aðgerðir í ferðamállum í uppsveitum Árnessýslu 2004-2008* (2003), (bls. 39, 45, 57-60, 94, 99, 103 og 154.)

¹⁶² Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnumótun og aðgerðir í ferðamállum í uppsveitum Árnessýslu 2004-2008* (2003), (bls. 60.)

¹⁶³ Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnumótun og aðgerðir í ferðamállum í uppsveitum Árnessýslu 2004-2008* (2003), (bls. 56.)

¹⁶⁴ Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnumótun og aðgerðir í ferðamállum í uppsveitum Árnessýslu 2004-2008* (2003), (bls. 56.)

þurfi og samræma internetkyningu svæðisins og einstakra ferðaþjónustuaðila¹⁶⁵ því er sameiginlegur vettvangur fyrir heimasíður hreppanna mikilvægur. Þar væri nokkurs konar innkoma á svæðið í heild og sameiginlegur vettvangur uppsveitanna. Þar mætti jafnframt færa inn upplýsingar um ferðaþjónustu, fréttir af vettvangi og ýmsa viðburði á svæðinu. Þannig gætu gestir fengið aðgang að öllum upplýsingum um ferðaþjónustu í uppsveitunum á einum stað.¹⁶⁶ Þetta hefur nú orðið að veruleika með vefsvæðinu www.sveitir.is.

Á meðal atriða sem nefnd eru og bæta má úr eru upplýsingar um og kynningar gönguferða.¹⁶⁷ Efla þarf afþreyingu sem tengist menningu, umhverfi og atvinnulífi í uppsveitunum.¹⁶⁸ Fram að þessu hefur Ísland fyrst og fremst verið markaðssett sem land hrikalegrar og fjölbreytilegrar náttúru. Aðgengileg fræðsla um menningu og sögu lands og þjóðar er líkleg til að dýpka skilning gesta á íslenskri þjóð og samvistum hennar við náttúruöflin. Ferðaþjónusta sem tengist íslenskri þjóðmenningu, sögu, siðum og venjum er vaxandi þáttur í ferðaþjónustu hér á landi að hluta til vegna þess að menningarauðlindir landsins hafa verið mjög vannýttar til þessa.¹⁶⁹

Af lestri skýrslunnar er ljóst að ferðaþjónusta á mikla framtíð fyrir sér innan uppsveitanna. Ekki síst menningarferðaþjónustan sem hefur einungis verið nýtt að takmörkuðu leyti. Það sem gerir menningarferðaþjónustu svo heillandi fyrir atvinnusköpun er hve mikið þjónustuaðilar ferðaþjónustunnar þjóna einnig heimamönnum. Þannig að ef fyrirtæki öðlast rekstrargrundvöll vegna þjónustu við ferðamenn eru meiri líkur en minni að það eigi viðskipti við heimamenn. Akkilesarhæll ferðaþjónustunnar árið 2003 er þó aðgengi að upplýsingum samkvæmt skýrslunni.

Að menningarferðaþjónustu slepptri hvaða atvinnusköpun tengist menningu? Þar má nefna menningarsetur, listahátíðir og samstarf við skóla svo eitthvað sé nefnt. Skoðum menningarsetrin nánar.

6.2 Menningarsetur

Menningarsetur eru ákaflega spennandi fyrirbæri. Þau geta orðið miðdepill sýninga og viðburða auk þess að laða að ferðamenn. Setrin hvetja til listsköpunar og veita aðilum aðstöðu til sýningar á afurðum sínum. Því má segja að þær hafi atvinnu- og menningarskapandi áhrif á sitt nánasta umhverfi svipað og gárur á vatnsyfirborði sem myndast þegar steinn fellur í vatn.

Lista- og menningarlíf Íslendinga er afar blómlegt og í því felast fjölmörg vannýtt tækifæri í menningarferðaþjónustu framtíðarinnar. Gera má ráð fyrir því að árið 2001 hafi um þriðjungur erlendra ferðamanna á Íslandi komið í listagallerí og eða listsýningar á ferð sinni hér á landi. Með því að gera menningu heimamanna sýnilegri ferðamönnum allan ársins hring opnast því miklir möguleikar.¹⁷⁰ Þetta leiðir til þess að rekstur listagallerís eða álíka menningarseturs á ársgrundvelli myndi laða að ferðamenn jafnt sem heimamenn.

Hugmynd um stofnun menningarseturs í uppsveitum Árnassýslu er ekki ný af nálinni því Alda Sigurðardóttir og Kristveig Halldórsdóttir settu fram vel unnar hugmyndir um

¹⁶⁵ Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnunótun og aðgerðir í ferðamálam í uppsveitum Árnassýslu 2004-2008* (2003), (bls. 57.)

¹⁶⁶ Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnunótun og aðgerðir í ferðamálam í uppsveitum Árnassýslu 2004-2008* (2003), (bls. 58.)

¹⁶⁷ Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnunótun og aðgerðir í ferðamálam í uppsveitum Árnassýslu 2004-2008* (2003), (bls. 154.)

¹⁶⁸ Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnunótun og aðgerðir í ferðamálam í uppsveitum Árnassýslu 2004-2008* (2003), (bls. 66.)

¹⁶⁹ Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnunótun og aðgerðir í ferðamálam í uppsveitum Árnassýslu 2004-2008* (2003), (bls. 80.)

¹⁷⁰ Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnunótun og aðgerðir í ferðamálam í uppsveitum Árnassýslu 2004-2008* (2003), (bls. 15.)

alþjóðlegt menningarsetur á Laugarvatni. Gerðu þær ráð fyrir sjálfseignarstofnun um reksturinn sem yrði hýstur í Héraðsskólanum.¹⁷¹

Ssa og menningarsetur hvort sem það væri staðsett væri í uppsveitum Árnassýslu eða annars staðar innan sýslunnar geta hagnast vel á samskiptum við hvort annað. Aukin kynning og framsetning á menningu og listviðburðum innan sveitarfélaganna auðgar menningarumfjöllun innan sveitanna og lyftir henni til hærri hæða.

Nátengd hugmyndinni um menningarsetur eru viðburðir á borð við listahátíðir. Þar er ekki verið að ræða um stöðuga starfsemi heldur gjarnan á tímum hátíð eða viðburð sem haldinn er reglulega. Skoðum það nánar.

6.3 Listahátíðir og aðrir viðburðir

Margar þessar hátíðir hafa náð að festa sig í sessi og eru orðnar árlegur viðburður. Hér má benda á *Grímsævintýri*,¹⁷² og *Menningarveisla Sólheima*¹⁷³ sem eru haldin árlega í Grímsnes- og Grafningshreppi og þá er *Furðubátakeppnin* árlegur viðburður á Flúðum sem ávallt nýtur mikilla vinsælda.¹⁷⁴ Aðrir viðburðir sem hafa tekist vel og vonast er til að gera megi að reglulegum skemmtunum eru hátíðin *Brú til Borgar* sem Hollvinir Grímsness héldu þetta sumar,¹⁷⁵ *Landnámsdagurinn* hefur verið haldinn með góðum árangri í Skeiða- og Gnúpverjahreppi¹⁷⁶ og listahátíðin *Gullkistan* á Laugarvatni.¹⁷⁷ Sem dæmi um einstakan viðburð sem skilar miklu til samfélagsins má nefna afmælishátíð ungmennafélags Hrunamanna sem haldin var á Álfaskeiði 15. ágúst 2008.¹⁷⁸ Við megum heldur ekki gleyma ýmsum einstökum viðburðum og menningarstarfi sem haldið er úti víða um uppsveitirnar meðal annars á Sólheimum í Grímsnes- og Grafningshreppi.¹⁷⁹ Einnig skila gönguferðir undir leiðsögn miklu, bæði til íbúa samfélaganna og til kynningar á menningu og staðhättum svæðisins.

Ofangreind atriði eru öll hluti af ríkri menningarflóru uppsveitarinnar. Þau þrífast á umtali og kynningu ekki síður en að verða varðveitt til sanninda um tilveru sína. Þá verður fleiri aðilum gert kleyft að byggja á starfi forvera sinna við menningarmál við uppbyggingu og sköpun menningar innan samfélagsins. Líkt og minnst var á hér að framan þá hagnast bæði *Ssa* og menningarsetur á sameiginlegri kynningu og framsetningu á menningu og listviðburðum. Það sama gildir um listahátíðir og aðra viðburði. Með umfjöllun innan *Ssa* um listviðburði og menningaruppákomur tengist vefsvæðið nútímanum með áþreifanlegum hætti og verður hluti af menningarlegri ólgu nútímans. Um leið styður það listamennina og menningarlíf uppsveitanna með því að vera til staðar, veita þeim þá kynningu og umfjöllun sem því miður skortir oft í fjölmiðlum á landsvísu.

Menningarsetur og listviðburðir hagnast ekki bara á samstarfi við *Ssa*. Hægt er að koma á nánú samstarfi við skóla um fræðslu yngri kynslóðarinnar um menningu- og sögu heimahaganna. Skoðum hvernig það er hægt.

¹⁷¹Aldís Sigurðardóttir, Kristveig Halldórsdóttir, „Alþjóðlegt menningarsetur. Hús lista- og fræðimanna á Laugarvatni“ sótt 3. október 2008.

¹⁷²„Grímsævintýri. Hátíð í Grímsnes- og Grafningshreppi“ sótt 4. október 2008.

¹⁷³„Sólheimar - Sjálfbært samfélag. Menningarveisla Sólheima 2008“ sótt 4. október 2008.

¹⁷⁴„Hrunamannahreppur - Furðubátakeppnin 2008“ sótt 4. október 2008.

¹⁷⁵„Hollvinir Grímsness - hollvinir.blog.is“ sótt 4. október 2008.

¹⁷⁶„Ice Fire - Fréttir. Frá Landnámsdegi,“ [http://www.sveitir.is/Frettir/default.aspx?](http://www.sveitir.is/Frettir/default.aspx?path=/resources/Controls/8.ascx&C=ConnectionString&Q=Offset)

[path=/resources/Controls/8.ascx&C=ConnectionString&Q=Offset%203%20News&Groups=0&ID=390&Prefix=147;](http://www.sveitir.is/Frettir/default.aspx?path=/resources/Controls/8.ascx&C=ConnectionString&Q=Offset%203%20News&Groups=0&ID=390&Prefix=147;) „Landnámsdagur 2008,“ júní 19. 2008, http://www.skeidgnup.is/word_skjol/Lokadagskra_landnamsd.doc, sótt 4. október 2008.

¹⁷⁷„Gullkistan“ sótt 3. október 2008

¹⁷⁸„Ice Fire - Fréttir. 100 ára afmælishátíð“ sótt 4. október 2008.

¹⁷⁹„Sólheimar - Sjálfbært samfélag. Menningarstarf“ sótt 4. október 2008.

6.4 Fræðsla og samstarf við skóla

Líkt og kom fram í kaflanum um skýrsluna *Gæði og gestrisni* þá líður ferðarþjónusta fyrir skort á upplýsingum og kynningu. Þetta sama gildir um almenna kynningu á menningu og sögu uppsveitanna. Mikilvægt er að fræða ungdóminn og ekki síður svara öllum þeim er sýna menningarauðlindum svæðisins áhuga en vita ekki hvert skal leita og vilja leita eftir ábendingum eða koma á framfæri spurningum.

Vísindavefur Háskóla Íslands hefur um nokkurra ára bil gegnt svipuðu hlutverki með ótrúlega góðum árangri. Honum var komið á legg til að fræða almenning og gefa um leið mynd af þeirri þekkingu sem Háskólinn og vísindasamfélagið í landinu býr yfir. Gestir geta lesið á vefnum svör við spurningum um flest milli himins og jarðar og einnig lagt fram nýjar spurningar um hvaðeina sem ætla má að starfsmenn Háskólans og stuðningsmenn vefsins geti svarað. Gestir geta einnig sett inn í leitarvél efnisorð sem tengjast því sem þá fýsir að vita og fengið ábendingar um svör sem varða skyld efni og eru þegar komin á vefinn. Efnid á vefsetrinu er orðið svo umfangsmikið að verulegar líkur eru á að menn geti fengið umsvifalaust svar við spurningum sínum með þessum hætti. Vefurinn hefur fastráðna ritstjórn sem mótaði sér ákveðnar starfsreglur strax í upphafi. Svör á vefnum skyldu sýna heila hugsun og yfirleitt vera á bilinu frá hálfri síðu upp í tvær síður að lengd. Þau skyldu vera læsileg, á góðu máli og vandað skyldi til fræðilegs frágangs. Einnig hefur yfirleitt verið kappkostað að leita fyrst eftir svörum hjá fróðustu mönnum sem völ er á á hverju sviði og að fá fróða aðila til að lesa svör yfir ef með þarf. Ritstjórn og yfirlestur er því yfirleitt meiri en tíðkast um sambærileg vefsetur.¹⁸⁰ Vísindavefurinn hefur einnig boðið upp á þjónustu gegn greiðslu. Er helstu verkefnum sem boðið er upp á skipt í mismunandi flokka. Má þar nefna að hópur 10-15 barna eða unglinga á aldrinum 12-16 ára heimsækir Vísindavefinn og svarar spurningum frá lesendum vefsins undir stjórn starfsmanna hans. Áhersla er lögð á að kenna fagleg vinnubrögð við heimildaleit, framsetningu efnis og að kenna grundvallaratriði við uppsetningu á netinu. Boðið er líka upp á þjónustu er nefnist „Bekkirnir spyrja“ sem felst í því að grunnskólabekkur sendir Vísindavefnum spurningar um vísindi og fræði frá tölvuveri grunnskólans. Starfsmenn Vísindavefsins sitja fyrir svörum og reyna að svara sem flestum spurningum á sem stystum tíma. „Vefrallið“ er til þess ætlað að nemendur læri að nota gagnasafn Vísindavefsins til heimildaöflunar og fróðleiks. Til viðbótar þessum atriðum býður vefurinn upp á að miðla efni sem birtist á honum til dagblaða, tímarita, vefmiðlum og öðrum fjölmiðlum auk þess sem fyrirtækjum er boðið að lífga upp á vefsíður sínar með því að fá að birta þar spurningar frá Vísindavefnum með RSS-flæði. Með þessari tækni uppfærast spurningarnar sjálfkrafa. Dæmi um þetta má sjá á forsíðu Háskóla Íslands, www.hi.is. Eftir að Vísindavefnum var komið á laggirnar árið 2000 varð hann fljótlega að einu vinsælasta vefsvæði landsins og nú hefur verið svarað yfir 7000 spurningum á vefsvæði Vísindavefsins.¹⁸¹

Starfsemi vefsins hefur verið tíunduð hér nokkuð vel vegna þess hve vel hún bregst við eftirspurn samfélagsins og miðlar upplýsingum til notenda sinna á góðan og fróðlegan máta. Þetta hefur tekist afburða vel hjá umsjónarmönnum vefsins og raunar er ekkert því til fyrirstöðu að svipað verði tekið upp hjá sveitarfélögum uppsveita Árnassýslu til kynningar á menningu svæðisins. Sérstaklega er samstarfið við skóla og yngri kynslóðina spennandi því að með því er hægt að slá tvær flugur í einu höggi: að kynna umhverfi og menningu fyrir börnum og unglíngum annars vegar og hins vegar að kynna vefsvæði *Ssa* fyrir sama hópi.

Nú þegar við höfum farið yfir nokkra af helstu menningartengdu atvinnuvegunum og skýrslu sem unnin var sérstaklega um uppbyggingu ferðarþjónustu í uppsveitunum skulum

¹⁸⁰ Jón Gunnar Þorsteinsson, Þorsteinn Vilhjálmsson, „Um Vísindavef Háskóla Íslands. 31. ágúst 2005.“ október 1, 2008, bréf til höfundar.

¹⁸¹ „Vísindavefurinn,“ sótt 12. október 2008.

við taka þessar upplýsingar saman og skoða um leið nokkrar af þeim tillögum sem skýrsluhöfundar *Gæði og gestrisni* lögðu til til úrbóta á ferðþjónustu í uppsveitum Árnessýslu.

6.5 Uppbygging menningarþjónustu í uppsveitunum

Skýrsluhöfundar *Gæði og gestrisni* lögðu til ákveðnar úrbætur er snertu aðkomu sveitarfélaga að menningarferðþjónustu. Þessi kafli tekur á þeim úrlausnum um leið og ég reyni taka saman það sem á undan er komið varðandi uppbyggingu menningarþjónustunnar.

Við skulum byrja á því að fjalla um ferðamálafulltrúa uppsveitanna. Ásborg Arnþórsdóttir hefur gegnt starfinu frá því það var sett á stofn. Starfinu má skipta upp í fjóra meginþætti sem eru:

- Stefnunótun og eftirfylgni.
- Upplýsingamiðlun, út á við sem inn á við.
- Ráðgjöf við ferðþjónustuaðila o.fl.
- Þátttaka í verkefnum.¹⁸²

Á meðal markmiða sem skýrslan setur fram er að það þurfi að efla samstarf ferðþjónustuaðila og auka virkni og samstarf ferðamálanefnda.¹⁸³

Ferðamálafulltrúastaðan er eitt stöðugildi en sívaxandi umfang ferðþjónustu á svæðinu hefur orðið til þess að Ásborg á orðið fullt í fangi með að anna því. Ferðamálanefndir uppsveitanna eru líka mismunandi virkar og á milli þeirra er takmarkað samráð.¹⁸⁴

Uppbygging menningarþjónustu hlýtur að krefjast aukinnar starfsemi af hendi sveitarfélaganna. Líkt og bent hefur verið á er starfsemi menningarnefnda sveitarfélaganna misvirk og fer eftir áhuga og virkni einstakra nefndaraðila eins og Eva Marín formaður FM/Æ-nefnar Hrunamannahrepps benti á. Í framhaldi af skoðun aðkomu sveitarfélaganna að menningarmálum og þeim möguleikum sem menning býður upp á fyrir samfélagið er ljóst að þar þarf að gera bragarbót á. Vandséð er þó að markverð breyting til frambúðar verði nema uppsveitarhrepparnir sameinist um starf menningarfulltrúa. Verksvið og starfslýsing væri svipað og ferðamálafulltrúi hefur nú þegar og jafnvel getur verið að víkka megi starfssvið ferðamálafulltrúa og fella menningarmál undir starfssvið hans að því tilskyldu að fært verði eitthvert stöðugildi undir hans stjórn.

Ssa er að grunni til kynning og miðlun menningarsögu uppsveitanna. Margvíslegar aðferðir eru mögulegar og við skulum því líta nánar á nokkrar þeirra sem menningarfulltrúar sveitarfélaganna geta nýtt sér við framsetningu á menningarefni sínu.

¹⁸²Nánari starfslýsingu er að finna í viðauka. Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnunótun og aðgerðir í ferðamálum í uppsveitum Árnessýslu 2004-2008* (2003), (bls. 33.)

¹⁸³Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnunótun og aðgerðir í ferðamálum í uppsveitum Árnessýslu 2004-2008* (2003), (bls. 34.)

¹⁸⁴Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnunótun og aðgerðir í ferðamálum í uppsveitum Árnessýslu 2004-2008* (2003), (bls. 31.)

7 Aðferðafræði

Í *Sögubrotum síðustu alda* verða margvíslegar aðferðir nýttar til að lýsa menningu í uppsveitum Árnassýslu. Beitt verður nokkrum leiðum til að sýna hvernig nálgast megi menningarsögu svæðisins með auðveldum og margþættum hætti. Með þessu móti verður bæði fjölbreyttum hópi notenda gert til hæfis sem og menningarmálafulltrúum sveitarfélaganna gert auðveldara um vik að móta og nýta þennan vettvang samkvæmt þörfum sínum.

Uppbygging *Ssa* er að stofni til tvíþætt. Annars vegar er umfjöllun um valda þætti í menningarsögu svæðisins og hins vegar er gagnagrunnur sem styður við fyrri umfjöllun, veitir upplýsingar um frumheimildir og ítarefni sem notendur *Ssa* geta leitað til auk þess sem hann ýtir undir frekari notkun safna í Árnassýslu.

Tímabil umfjöllunar *Ssa* er 20. öld og því ákvað ég að fjalla um menningarsögu uppsveita Árnassýslu út frá gömlu hreppunum sem eru landfræðileg og stjórnsýsluleg mörk svæðisins nærri alla öldina. Það er ekki fyrr en nýlega sem sveitarfélögin sameinast (Grímsnes- og Grafningshreppur (1998), Bláskógabyggð (2002), Skeiða- og Gnúpverjahreppur (2002).) Setja má spurningar við slíka aðferðafræði því að til að mynda er mannfjöldi hreppanna mjög mismunandi. Árið 1997 eru 251 íbúi í Skeiðahreppi, 311 í Gnúpverjahreppi, 695 í Hrunamannahreppi, 516 íbúar í Biskupstungnahreppi, 231 í Laugardalshreppi og 255 í Grímsneshreppi. Hins vegar eru einungis 48 innan Grafningshrepps og 45 innan Þingvallahrepps.¹⁸⁵ Til að reyna að vega upp á móti þessu misræmi verður fjallað um helmingi færri einstaklinga innan fámennu hreppanna tveggja. Yfirbygging sveitarfélaga og fjöldi félaga er hins vegar keimlíkur á milli sveitarfélaganna meðal annars vegna þess að fámennari sveitarfélögin hafa samstarf við fjölmennari hreppana í félagsmálum og fleiri mikilvægum atriðum. Því er fjöldi félaga og stofnana sem valinn er til umfjöllunar innan sveitarfélaga svipaður.

7.1 Menningarsaga uppsveita Árnassýslu

Umfjöllun um menningarsögu sveitanna er að meginstofni til textaleg¹⁸⁶ en ýmis konar margmiðlunarefni verður einnig notað til að krydda efnið og koma til skila fróðleik.

Þar sem *Ssa* mun birtast á vefsvæði gefst gott tækifæri til að birta efni svo sem kvikmyndabúta, hljódupptökur, ljósmyndir, skönnuð skjöl og fleiri semjst um birtingarmáta og –rétt. Fyrstan er að telja auðugan þjóðfræðigrunn Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi [SÁM]. Fræðimenn SÁM hafa tekið margvísleg viðtöl við aðila sem tengjast uppsveitunum með einum eða öðrum hætti. Þeir töluðu við fólk og tóku upp sögur, lýsingar á þjóðháttum og atvinnuháttum, kvæði, sálma, þulur, rímur, lausavísur og margt fleira og er það ýmist mælt fram, sungið eða kveðið. Skoðum hvernig það efni getur nýst í umfjöllun um menningarsögu uppsveitanna.

7.1.1 Þjóðfræðigrunnur Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi [SÁM]

Val á efni úr safni stofnunarinnar til birtingar í *Ssa* krefur um skilgreiningar á efnisvali. Heimildamenn stofnunarinnar eru gjarnan einstaklingar sem flytjast á milli staða yfir ævina. Þeir búa því yfir þekkingu sem þeir safna í sarpinn og getur sú þekking verið frá fæðingar- og uppvaxtarstað þeirra,¹⁸⁷ býli eða húsnaði sem þeir búa á í skamman tíma eða þar sem þeir ljúka ævidögunum eftir búsetu víða um héröð. Heimildamennirnir búa yfir fróðleik sem þeir deila með spyrnum stofnunarinnar og þá vaknar upp spurningin

¹⁸⁵ „Mannfjöldi eftir sveitarfélagi, kyni og aldri 1. desember 1997-2007“ Sótt 17. júní 2008.

¹⁸⁶ Sem dæmi um slíka umfjöllun sjá víðauka 9.9.

¹⁸⁷ Dæmi um slíkan heimildamann er Jón Erlingur Guðmundsson (1899-1985) sem fæðist á Fjalli á Skeiðum en flyst síðar að Galtastöðum í Gaulverjabæjarhreppi og býr þar með Guðlaugu Jónsdóttur (1894-1981) árin 1932-1953. Vigfús Einarsson, „Jarðir og ábúendur í Gaulverjabæjarhreppi,“ bls. 165.

hvaðan sá fróðleikur sé tilkominn þegar um er að ræða flökkusagnir og annað efni sem ekki er bundið sérstaklega við stað eða einstaklinga úr uppsveitunum.¹⁸⁸

Fyrir *Ssa* skiptir tiltölulega litlu máli ef fróðleikurinn er kominn frá fólki sem flust hefur innan hreppa í uppsveitunum. Þar verður þó stuðst við síðasta búsetustað innan sveitanna samkvæmt skráningu SÁM.¹⁸⁹ Öðru máli gegnir um ef hreyfanleiki búsetu hefur verið mikill út fyrir uppsveitahreppana. Töluvert er um búferlaflutninga til og frá Flóanum ekki síður en flutning fólks til og frá öðrum landssvæðum. Þetta samspil áhrifa milli landssvæða og hreppa við uppsveitir Árnassýslu endurspeglar þó flæði menningaráhrifa milli mismunandi svæða. Það er því óaðrjúfanlegur hluti af menningarsögu uppsveitanna. Því er ekki hægt að skilja slíkar heimildir frá menningarlandslagi svæðisins. Einhversstaðar verður þó að takmarka sig og því varð úr að upplýsingar yfir efni *Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum* er tengjast uppsveitahreppunum með einhverjum hætti fylgja með skýrslunni sem viðaukar. Vegna mikils umfangs þessa menningarefnis má sjá sýnishorn úr safni SÁM í viðauka 9.10. Valdar voru upptökur til birtingar í *Ssa* sem höfðu sérstakt vægi fyrir menningarsögu uppsveitanna og tengdust til að mynda stöðum, einstaklingum og sértækum umfjöllunarefni.

Efni á borð við það sem er að finna í upptökusafni SÁM er gríðarlega verðmætt til að kynnast munnlegum arfi fortíðar í uppsveitunum. Ekki síst hefur efnið tilfinningalegt gildi því með þessu móti verður fólki sem tengist svæðinu gert kleyft að hlusta á raddir löngu látinna ættingja og vana. En hljóð og texti eru ekki einu aðferðirnar til að miðla efni innan *Ssa* því kvikmyndabútar henta sérlega vel til menningarmiðlunar.

7.1.2 Kvikmyndir

Kvikmyndir eru tilvaldar til að sýna okkur efni sem ekki er hægt að birta með öðrum hætti. Til eru kvikmyndir sem áhugamenn hafa tekið af sveitalífinu. Dæmi um slíka mynd eru nokkrar stuttar kvikmyndir sem Gísli Bjarnason tók á sjötta áratug síðustu aldar. Hann gaf þær síðar til Biskupstungnahrepps sem lét talsetja þær og gefa út. Þær veita afskaplega merka innsýn í mannlíf í Tungunum, um klæðnað, réttarstemmingu, afþreyingu og fleiri atriði sem oft er erfitt að nálgast með öðrum hætti.

Brot úr völdum kvikmyndum verða nýtt með öðru efni til að sýna þætti úr mannlífi og menningarsögu uppsveita Árnassýslu. Þetta er sú leið sem er mest spennandi fyrir miðlun menningarefnis og fréttu af viðburðum innan nútímasamfélagsins í uppsveitunum. Við undirbúning þessa verkefnis var hins vegar athyglinni beint að textalegri úrvinnslu sem er næsta mál á dagskrá.

7.1.3 Textaleg umfjöllun

Ritað mál er uppistaða umfjöllunar um menningarsögu og kynningu á henni.

Fyrirsjáanlegt er að vægi texta muni minnka í framtíðinni í síaukinni tæknivæðingu en þó

¹⁸⁸ Sbr. t.d. *Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi*. Jón Erlingur Guðmundsson. SÁM 86/641 EF. Tunglið má ekki taka hann Óla; samtal um vísuna. Spyrjar: HJ/JS.

¹⁸⁹ Sama gildir þegar heimildamaður er fluttur á brott úr sveitunum, sbr.: *Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi*. Guðjón Bjarnason. SÁM 92/2719 EF. Draugar voru magnaðir á Vestfjörðum. Spyrill: HÖE. Guðjón er búsettur á Elliheimilinu á Grund þegar viðtalið er tekið við hann. Síðasti búsetustaður hans innan uppsveitanna var hins vegar Hruni í Hrunamannahreppi og flokkast hann því með heimildum um Hrunamannahrepp; Sjá t.d.: *Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi*. Margrét Andrésdóttir. SÁM 86/640 EF. Bokki sat í brunni. Spyrjar: HJ/JS. Margrét er skráð með þrenn heimilisföng. Syðri-Brúnastaðir á Skeiðum, Gróf og Laugar í Hrunamannahrepp. Til einföldunar er hún skráð með heimildum tengdum Skeiðum nema um sértækar tilvísanar séu að ræða; Engin er þó regla án undantekninga. Ef vitað er nánar um búsetu heimildamanna þá ráða þær upplýsingar, sbr.: *Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi*. Haraldur Matthíasson. SÁM 86/647 EF; einnig á Þs 150 : SÁM 87/1188 EF. Einu sinni bolí í bæ; Sungið tvisvar með mismunandi lögum. Spyrill: HJ/JS. Hér er upptökustaður Foss í Hrunamannahrepp sem er einnig fæðingarstaður Haraldar. Hann var hins vegar búsettur á Laugarvatni þegar viðtalið fór fram.

mun ritað mál verða undirstaðan á vefsvæðum á borð við *Ssa*. Megin hluti menningarumfjöllunar verður unnin úr eftirheimildum. Það stafar aðallega af takmörkunum sem tími og umfang setur verkefninu. Þó er ljóst að þar sem lítið hefur verið fjallað um hluta efnisins verður að sækja efni úr frumheimildum svo sem fundargerðabókum, bréfum, ljósmyndum, minningargreinum og svo framvegis eftir því sem tilefni gefur til. Þar sem texti er tekinn sem tilvitnun er stafsetningu hnikað til nútímahorfs.

Þegar menningarfulltrúar eru að fjalla um menningarsögulegt efni, eða aðrir aðilar sem til þess eru fengnir, eru mestar líkur á því að það verði með rituðum texta. Það er líka sterk hefð fyrir slíkri umfjöllun. Val á efni til birtingar getur verið með ýmsum hætti þó birting verði ávallt textaleg eða í formi hljóð- eða myndskráa. Ein slík aðferð er val efnis af málþingum, viðburðum eða öðrum uppákomum innan sveitarfélaganna.

7.1.4 Málþing, viðburðir og aðrar uppákomur

Reglulega eru haldnir fyrirlestrar, málþing og ráðstefnur um málefni er varða menningarsögu uppsveitanna. Sem gefur að skilja eru málefni sem þar er fjallað um ákaflega hentug til kynningar á vefsvæði *Ssa*. Tiltölulega auðvelt ætti að vera að semja við höfunda um birtingu fyrirlestranna á *Ssa*. Sem dæmi um hentugan fyrirlestur sem gott væri að birta á *Ssa* er erindi Eyrúnar Ingadóttur sagnfræðings sem hún hélt á málþingi um Héraðsskólann á Laugarvatni sem alþjóðlega listamiðstöð í tengslum við listahátíðina Gullkistuna 2005.¹⁹⁰ Erindið er að vísu á veraldarvefnum en erindið er óaðgengilegt. Það er því mjög gott að geta „bjargað“ erindi Eyrúnar með því að birta það á *Ssa*. Erindið er birt í viðauka 10.16.

Listahátíð á borð við *Gullkistuna* á Laugarvatni og *Landnámsdaginn* í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eru einnig tilvalin til kynningar innan *Ssa*. Afurðir þessara viðburða eru vel til þess fallnir að vera kynntir á vefsvæðinu. Sem dæmi um slíka viðburðakynningu er vefsíðan „gullkistan2005; Listahátíð á Laugarvatni 17. júní – 3. júlí.“¹⁹¹

Það má alltaf spyrja sig hvers vegna það ætti að safna öðru efni sem aðgengilegt er á veraldarvefnum til birtingar. Því er til að svara að oft er að finna gullmola um menningarsögu uppsveitanna á vefnum. Þetta efni er hins vegar forgengilegt þar sem vefsíður geta horfið óvænt og þá er oft á tíðum ekki hægt að leita í neinn frumtexta á prenti nema viðkomandi sé svo lánssamur að geta grafið upp höfund viðkomandi efnis.

Menningarleg umfjöllun þarf að vera með gagnvirku móti. Ekki er nóg að setja eingöngu fram efni eftir skoðunum og stefnumótun menningarfulltrúa sveitarfélaganna eða ritstjóra vefsvæðisins. Byggja þarf á samskiptum með einhverjum hætti við notendur *Sögubrota síðustu alda*.

7.1.5 Vefdagbækur, fréttasvæði og fleiri vefviðmót

Þar sem *Ssa* mun birtast á vefsvæði gefst gott tækifæri til að birta efni sem veitir innsýn í daglegt líf íbúa sveitarfélaganna auk þess sem þar getur verið möguleiki á fyrirspurnar-, fréttar- og umfjöllunarviðmóti. Til að mynda geta verið hlekkir á vefdagbækur einstaklinga, öðru nafni blogg, með sterk tengsl við sveitarfélögin þar sem sterk innsýn fæst í daglegt líf og umfjöllunarefni líðandi stundar. Menningarfulltrúar geta nýtt svæðið til að koma fram tilkynningum og svara fyrirspurnum. Einnig er góður kostur að fá einstaklinga til að setja fram menningarefni á vefsvæði *Ssa*. Möguleikarnir eru margir og líkt og nefnt var hér að framan í skilgreiningunni á menningunni þá styrkir fjölbreytileikinn og nærir það sem kalla má menningarlandslag uppsveitanna.

¹⁹⁰Málþingið var haldið 25. júní. „Gullkistan“ Sótt 3. október 2008.

¹⁹¹„Gullkistan“ Sótt 3. október 2008.

Vefumhverfið í dag er orðið afskaplega þróað og frítt aðgengi er að mjög vinsælum notendavænum forritum á borð við Facebook,¹⁹² Flickr,¹⁹³ Youtube,¹⁹⁴ MySpace¹⁹⁵ svo einhver séu nefnd. Þetta eru tæknilega fullkomin forrit sem hægt er að tengja innbyrðis og notendur þeirra geta sett upp tengingar sín á milli sem uppfærast reglulega. Með þessum hætti fá vefnotendurnir umsvifalaust tilkynningar um nýtt efni hjá öðrum aðilum sem þeir eru tengdir. Umfang þessara forrita, notendavænleiki og vinsældir hafa orðið til þess að sérfróðir aðilar innan hugbúnaðargeirans telja þetta vera skynsamlegustu leiðina til að koma efni á framfæri, bæði í auglýsingaskyni og við að byggja upp gagnagrunna sem aðgengilegir eru á veraldarvefnum.¹⁹⁶

Heillandi aðferð við að stofna til og viðhalda samskiptum við samfélagið er að svara menningarsögulegum spurningum líkt og Vísindavefurinn gerir og minnst var á hér að ofan á blaðsíðu 45. Með því að halda bæði spurningum og svörum til haga þá myndast öflugur gagnagrunnur um menningu og sögu uppsveita Árnessýslu. Það er þó ekki eini gagnagrunnurinn sem hægt er að byggja á til að kynna menningarlandslag svæðisins.

7.1.6 Menningarsögulegur gagnabanki

Viðamikill þáttur í menningarsögu uppsveitanna birtist í söfnum og setrum svo sem Héraðsskjalasafns Árnesinga og Minjasafnsins að Gröf. Unninn var afmarkaður gagnagrunnur með upplýsingum um hvaða efni væri að finna á helstu söfnum innan Árnessýslu sem byggðist á rafrænt skráðum gagnagrunni viðkomandi safna. Með honum fæst gott yfirlit yfir það sem varveitt er á helstu menningarstofnunum svæðisins. Auðvelt er að leita í gagnagrunninum og fá stutta lýsingu á því hvaða gögn eru varðveitt og á hvaða stofnun. Meginkosturinn við slíkan samþættan gagnagrunn er að með honum geta notendur hans séð hvort efni tengt einu viðfangsefni er víða að finna, til að mynda hvort listmálarinn Gísli Sigurðsson frá Úthlíð í Biskupstungum á málverk í Listasafni Árnesinga, skjöl á Héraðsskjalasafninu og muni á Byggðasafninu.

Gert er ráð fyrir víðtækum tengingum innan *Ssa* sem geri notendum kleyft að skoða umfjöllunaratriði sem hafa óvæntar tengingar og sömuleiðis skoða hvaða menningarefni kann að tengjast umfjölluninni. Birting í vefumhverfi gefur kost á að setja upp hlekki úr umfjöllunarefnisgrein yfir í aðra slíka ef efnisorð gefa tilefni til þess. Þá verður líka möguleiki fyrir notendur *Ssa* að slá inn leitarorð og velja umfjöllunarefni úr leitarniðurstöðunum. Með hverri umfjöllun verður birtur listi yfir efni sem kann að tengjast viðkomandi menningarefni. Listinn mun vísa í gagnagrunn sem unninn er úr skráningargrunnum safna í Árnessýslu. Þar verður vísað á frum- og eftirheimildir ef slíkar er að finna.

Fengist hefur leyfi til að skrá upp úr gagnagrunnum Byggðasafns Árnesinga, Héraðsskjalasafns Árnesinga og Minjasafnsins að Gröf. Listasafn Árnesinga og Bæjar- og héraðsbókasafnið á Selfossi hafa sömuleiðis lýst yfir áhuga á samstarfi. Byggðasafn Árnesinga hefur skráð gögn sín í Sarpi sem er miðlægur sameiginlegur menningarsögulegur gagnagrunnur í eigu gagnaeigenda.¹⁹⁷ Byggðasafnið og Minjasafnið hafa með sér samstarf og hefur það fyrnefnda sömuleiðis skráð gögn Minjasafnsins í tölvutækan gagnagrunn. Héraðsskjalasafn Árnesinga skráir upplýsingar um sín gögn í Filemaker gagnagrunn samkvæmt leiðbeiningum Þjóðskjalasafns Íslands. Bæjar- og héraðsbókasafnið á Selfossi hefur til þessa nýtt sér skráningu safnkostsins í MicroMarc en

¹⁹² „Welcome to Facebook! | Facebook.“

¹⁹³ „Welcome to Flickr - Photo Sharing.“

¹⁹⁴ „YouTube - Broadcast Yourself.“

¹⁹⁵ „MySpace.“

¹⁹⁶ Guðjón Már Guðjónsson, „Fyrirlestur.“ 29 október, 2008

¹⁹⁷ „Sarpur. Menningarsögulegt gagnasafn.“ Sótt 16. febrúar 2008.

er nú langt komin með að endurskrá safnkostinn í Gegni¹⁹⁸ sem rekinn er af Landskerfi bókasafna.¹⁹⁹

Leitað var til Persónuverndar til að fá úr því skorið hvort söfnum sem veittu *Ssa* aðgang að gagnagrunnum sínum væri slíkt heimilt og hvort leyfilegt væri að birta upplýsingar úr þeim á opinberum vettvangi svo sem vefsíðu. Svar Persónuverndar var að slíkt væri heimilt þar sem um meiri hagsmuni væri að ræða en fælust í að takmarka upplýsingarnar. Fyrirspurnin til Persónuverndar og svarbréf hennar má sjá í viðauka 9.2.

Sem von er þurfti að glíma við þó nokkrar skilgreiningar á stöðlum og álitamálum þegar tekist var á við misvísandi eða óljósar upplýsingar. Nánari lýsingu á stöðlum og úrlausnum álitamála við vinnslu gagnagrunnsins er að finna í viðauka 10.13 og upplýsingar um hvaða störf eru skráð undir hvern flokk er að finna í viðauka 9.1.

Gagnalýsingar safna og setra eru ákaflega hjálpleg og mikilvæg stöðgrind við lýsingu á menningu og sögu uppsveita Árnessýslu. Gagnalýsingarnar eru þó ekkert meir en stöðgrind því það vantar kjöt á beinin ef umfjöllun um menningarsögu svæðisins vantar. Því skulum við snúa okkur að því hvernig hægt er að lýsa menningu og sögu uppsveitanna á sem bestan máta.

¹⁹⁸ „Gegnir.is.“

¹⁹⁹ „Landskerfi bókasafna.“ February 16, 2008

8 Menningarsaga uppsveita Árnassýslu

Stór hluti verkefnisins er lýsing á menningarsögu svæðisins frá hinu smæsta til hins víðtækasta. Hér eru því einsöguleg skoðun að hluta um leið og fjallað er um félög, þéttbýli og sveitarfélög. Valin verða umfjöllunaratriði sem gefa heildstæða mynd af samfélaginu í uppsveitum Árnassýslu. Menningarsaga svæðisins byggir á aðgreiningu á milli hreppa sem voru landfræðilegar og stjórnsýslulegar einingar uppsveita Árnassýslu.

Þar sem umfjöllunin verður bundin við síðustu öld þá er ljóst að minna er fjallað um þjóðtrú og þjóðsögur í skilningi eldri þjóðsagnasafnara. Hins vegar eru flökkusögur og þjóðfræði ekki undanskilin og því verður þeim gerð skil.

Til að gefa lýsandi mynd af samfélaginu í uppsveitunum ákvað ég að skipta umfjölluninni upp í mismunandi flokka: einstaklinga, félög, afréttarmál, búsetu, mannvirki, grunnstofnanir samfélagsins, önnur menningarmálefni og lifandi menningararf. Hér á eftir er stutt lýsing á hverjum flokki fyrir sig en nánari útskýringar er að finna í viðauka.

8.1 Einstaklingar

Til að átta sig á því hvernig samfélag er uppbyggt er nauðsynlegt að sjá þverskurð af því hvernig einstaklingar mynda heildarhópinn. Það er erfitt að gefa einhverja raunsanna mynd af sveitasamfélaginu. Bæði er hún síbreytileg og sýn okkar hlýtur ávallt að vera háð því hvernig við högum rannsókn okkar og skilgreinum viðfangsefnið. Ég ákvað að halda tiltölulega opinni umfjöllun en innan ítarlega skilgreindra ramma. Innan þessara ramma væru valdir „dæmigerðir“ einstaklingar sem táknmynd fyrir sinn hóp. Slíkt er í raun aldrei hægt en þó eiga þessir einstaklingar það sameiginlegt að hafa orðið þekktir eða hafa verið samsamaðir fyrir slíka táknmynd. Hér getum við nefnd Tómas Guðmundsson skáld. Hann er þekktastur fyrir að vera skáld og því er fjallað um hann sem skáld.

Búseta stjórnar að mestu vali á einstaklingum til umfjöllunar. Í fámennari hreppunum (Grafningi og Þingvallahrepp) voru færri einstaklingar valdir til umfjöllunar til að gæta samræmis eins og áður hefur verið minnst á. Fyrst og fremst eru aðilar valdir til umfjöllunar eftir sveitarfélögum og kyni. Til hliðsjónar er líka horft til ríkidæmis, heimilisáðstæðna og hvort viðkomandi hafi orðið kunnur af einhverju sem hann hefur gert eða málefni sem hann hefur tengt. Taka þarf líka tillit til ætta í sveitunum. Umfjöllun þarf að dreifast á milli ætta en algengt er að sumar ættir þjuggu að mestum hluta í sama sveitarfélaginu í marga ættliði. Sérlega gat þetta verið áberandi ef meðlimir þeirra völdust til áhrifastarfa og risu þannig upp svokallaðar höfðingjaættir.²⁰⁰

Fjallað verður um einstaklinga eftir starfsstétt. Starfsstéttir eru greindar í tíu hópum og verða því 20 einstaklingar valdir til umfjöllunar úr hverjum hreppi. Starfsstéttirnar eru eftirfarandi: stjórnsýsla, kennimenn, heilsugæsla, vinnufólk, kennsla, bændur og bústýrur, handverksmenn, hugverksmenn, ýmis störf og störf þrátt fyrir líkamlegar og félagslegar skorður. Varðandi einstaklinga sem fjallað er um og ástæður umfjöllunar vísast í viðauka 10.8.

²⁰⁰ Á meðal ætta sem hafa látið mikið að sér kveða í félagsmálum má nefna Birtingaholtsættina í Hrunamannahreppi. Helgi Magnússon (1823–1891) var hreppstjóri líkt og faðir hans Magnús Andrésson (1790–1869) sem einnig var alþingismaður. Magnús Ágúst Helgason (1862–1948) varð líkt og afi hans hreppstjóri og alþingismaður. Kjartan Júlíus Helgason (1865–1931) varð prestur og prófastur í Hruna. Sigurður Ágústsson (1907–1991) varð hreppstjóri og skólastjóri. Ótalin eru önnur ættmenn sem komust í áhrifastöður í nágrannasveitum og þá urðu til að mynda fedgarnir Ágúst og Sigurður formenn fjölda félaga í sveitarfélaginu. Á meðal næstu ættliða eru fedgarnir Ágúst Sigurðsson (f. 1932) og Sigurður Ágústsson (f. 1966) sem gefa sig mikið að félagsmálum og Ólafur Skúlason (1929–2008) verður biskup Íslands. Ættarmeðlimir eru fleiri sem sinna félagsmálum og hreppsnefndarseta er sömuleiðis áberandi innan ættarinnar. Þorsteinn Jónsson, *Hrunamenn. Ábúendur og saga Hrunamannahrepps frá 1890.*, bls. 417-33.

Opinber umfjöllun um einstaklinga hefur oftast tekið mið af því hve mikinn þátt viðkomandi tók í félagsstarfi. Því gefur að skilja að karllæg sjónarmið eru áberandi í heimildum. Þetta er sömuleiðis áberandi í ævisögulegum ritum þar sem einungis fimmtungur ævisögurita fjalla um konur og spyrja má sig að því hvort sum þessara rita séu tilkomin vegna eiginmannanna fremur en kvennanna sjálfa.²⁰¹ Umfjöllun verður þó skipt jafnt upp á milli kynja og búsetu. Umfjöllun um einstaklinga er ekki kynbundin eða um stöðu kynjanna. Hins vegar verða einstaklingar valdir með tilliti til þess að jafnt hlutfall sé á milli kynja. Rétt er þó að benda á að hlutfall kynja var misskipt á milli hreppa. Töluvert fleiri karlar voru í Biskupstungnahreppi um 1970 heldur en konur. Hinir hrepparnir voru aftur á móti með tiltölulegt jafnt hlutfall á milli kynja um þetta leyti.

Maðurinn er félagsvera og því er líka nauðsynlegt að gera félagslegri þátttöku skil og er viðamikill hluti af umfjöllun um menningarsögu uppsveitanna fölginn í lýsingu félaga.

8.2 Félög

Félagssamtökum er skipt upp í fjóra meginhópa til að einfalda umfjöllun. Um er að ræða trúfélög, mannræktarfélag, hagsmunafélög og svo afréttarmál.

Undir mannræktarfélag fellur félagsskapur sem oft er sjálfbóðaliðastarfsemi og er ætlað að lifga upp á menningu svo sem kórar, aðstoða hjálparþurfi til dæmis björgunarstörf og félög sem leitast við að bæta umhverfi og samfélag til að mynda ungmennafélög, kvenfélög og margvíslegir klúbbar.

Öfugt við mannræktarfélagin eru hagsmunafélagunum yfirleitt ætlað að berjast fyrir hagsmunum félagsmanna sinna út á við svo sem búnaðarfélag og Garðyrkjubændafélag uppsveita Árnessýslu. Einnig teljast til hagsmunafélaga félög sem beita sér fyrir betri fjárhagslegri afkomu eða reyna að bæta kunnáttu í iðn eða búskap félagsmanna sinna svo sem veiðifélög, vatnsveitufélög og jarðabótafélög.

Trúfélög eru eðlilega nær eingöngu umfjöllun um þjóðkirkjuna. Þótt kirkjan sé í dag einungis lítill hluti af menningu uppsveitanna var það ekki svo hér áður fyrr. Kirkjur voru samkomustaðir þar sem fólk hittist, sóknarnefndir voru virðingarverð embætti, presturinn og kona hans þóttu meðal fyrimanna samfélagsins og voru eftirsótt í nefndir og menningarstarf. Þó ég noti hér þátt um virðingarstöðu kirkjunnar þjóna þá er ekki ætlunin að tala niður til starfsemi kirkjunnar. Það er samfélagið sem hefur breyst í dag og í stað þess að draga oft á tíðum vagninn í sveitunum þá hafa kirkjunnar þjónar stigið skref aftur á bak og beita sér nú frekar að því að vera fólki stoð og stytta. Samfélagið var áður fyrr samtvinnuð sóknarkirkjunum auk þess sem töluvert er varðveitt af munum og skjölum frá kirkjum og sóknum. Umfjöllun um kirkjur er því felld saman undir trúfélög með sóknarnefndum. Um nánari skilgreiningu á trúfélögum og sóknum vísast til viðauka 10.14.

Afréttarmál er samstarf þar sem bændur og hreppur sameinast um smölun afréttar og réttir. Þetta er vissulega hagsmunafélagsstarf en áhrif þess á sveitirnar og samfélagið eru svo mikil að rétt þykir að fjalla sérstaklega um þau. Notkun bænda á afrétti er forn og hefur verið rannsökuð allvel í þjóðlendumálanum. Í *Ssa* verður skoðaður nýting hans á síðustu öld, fjallferðirnar og fyrirkomulagið. Þetta reyndi mikið á fjallmennina en engu að síður þótti gaman að fara þessar ferðir. Sumir fjallmenn urðu að ríða 130 km. í lengstu leitum líkt og í Gnúpverjaafrétti. Oft var um brött fjöll að fara svo sem í Laugardalsafrétti en andstaðurnar voru líka til því Hrunamannaafréttur var tiltölulega flatur og í Þingvallasveit var enginn afréttur heldur var smalað úr heimalöndum. Rekin voru bæði hross og sauðfé og samstarf var mikið með Húnavetningum áður en sauðfjárveikivarnir hófust og girðingar voru reistar upp. Leitir voru að mestu kostaðar af bændum en hreppurinn kostaði sumar leitar. Þegar komið var með fé og hross til byggða var réttað

²⁰¹Monika Magnúsdóttir, „Viðauki 1. Skrá um útgefnar sjálfsævisögur, endurminningarit og samtalsbækur (viðtöl) frá upphafi til ársins 2004. Monika Magnúsdóttir tók saman,“ bls. 353-404.

og urðu réttirnar um leið samkomustaður hreppsþúa. Tungnaréttir, Klausturhólaréttir, Hrepparéttir eru á meðal þekktara rétta en aðrar eru minna þekktar sem lögðust síðar af.²⁰²

Eftir að hafa fjallað um íbúa sveitarfélaga uppsveita Árnessýslu og félagsleg samskipti þeirra liggur beinast við að skoða hvar þeir völdu sér búsetu.

8.3 *Búseta*

Helstu byggðakjarnar í uppsveitum Árnessýslu eiga það allir sameiginlegt að hafa risið á síðustu öld. Þeir eiga hins vegar fátt annað sameiginlegt og saga þeirra er merkilega ólík allt frá fyrsta þéttbýlinu sem reis við Sog en lognaðist síðan út af til menntasamfélagsins við Laugarvatn sem reis utan um skólana þar. Þeim verður öllum gerð skil í *Ssa*.

Jarðir eru grundvallareining bændasamfélagsins. Afkoma einstaklings byggðist á sínum tíma á því að eiga jörð eða búa í koti. Ef því var ekki til að flíka þá varð að ráða sig í vist og þar var erfitt fyrir fjölskyldur að dvelja sem heildstæð eining. Tímarnir hafa breyst en fjallað verður um gæði og sögu nokkurra jarða, til að mynda jarðir sem stóðu undir myndarlegum búskap en hafa síðan hlutast niður í smáar einingar með mismunandi starfsemi.

Nú þegar við höfum skoðað búsetumynstrið í uppsveitunum er ekki úr vegi að skoða hin efnislegu mannanna verk, það er að segja mannvirki hvort sem um íbúðarhús, brýr, íþróttamannvirki eða samkomuhús.

8.4 *Mannvirki*

Fjallað verður um einstaka byggingar og mannvirki sem sett hafa svip sinn á menningarlíf og sögu samfélagsins svo sem félagsheimili sem byggð voru með vinnukvöðum og samhentu átaki íbúa innan hvers hrepps. Skálholtskirkja er mikilvægur hluti af samfélaginu, að hluta til vegna þess hve mikil utanaðkomandi umsjón var með verkinu en einnig vegna þess hve miklar væntingar voru bundnar við byggingu kirkjunnar. Brýr eru áberandi hluti af sögu svæðisins vegna áhrifa þeirra á samgöngur og eru því ómissandi hluti af umfjöllun um menningarlandslag svæðisins.

8.5 *Grunnstofnanir samfélagsins*

Fjallað verður um helstu stofnanir og grunnviði sem einkenna samfélag. Flestar lúta þær stjórn utanaðkomandi aðila svo sem póstur og löggæsla en voru samofin lífi hreppsþúa og má hér nefna póst- og símstöðvarnar auk hreppstjóranna. Umfjöllun um grunnstofnanir sveitarfélaganna er skipt upp í eftirfarandi flokka: hreppsnefndir, löggæslu, tryggingar, dýralækna, heilsugæslu, vatnsveitur, rafmagn, póst og síma, skóla og samgöngur. Um nánari greiningu og umfjöllun á þeim vísast til viðauka 10.15.

Hér að ofan hefur verið um efnislega hlið samfélagsins í uppsveitum Árnessýslu. Einungis hefur verið boðið upp á frásagnir af einstaklingum og félagsstarfssemi þeirra. Mannlegt samfélag er þó svo mikið meira en þetta og því er rétt að skoða dæmi um slíka umfjöllun. Vegna þess hve birtingarform menningar og mannlífs er margvíslegt er þetta flokkað saman undir „Önnur menningarmálefni.“

²⁰² „Grímsneshreppur, sveitarlýsing,“ bls. 84-90; „Grafningur, sveitarlýsing,“ bls. 247; „Þingvallasveit, sveitarlýsing,“ bls. 205-06; „Laugardalur, sveitarlýsing,“ bls. 17-21; Arnór Karlsson o.fl. „Jarðir og ábúendur í Biskupstungum,“ bls. 32-39; Emil Ásgeirsson „Hrunamannahreppur, sveitarlýsing,“ bls. 190; Steinþór Gestsson „Fjarleitir og fjallkóngar í Gnúpverjahreppi,“ bls. 121-41.

8.6 Önnur menningarmálefni

Menningarumfjöllun er fátækleg ef einungis er fjallað um efnislega menningu, stofnanir og einstaklinga. Hér er því leitast að skoða málefni sem snerta uppsveitirnar frá ýmsum hliðum bæði hvernig hægt er að birta þessi málefni og hvaða málaflokkar gætu fallið hér undir.

8.6.1 Ljósmyndir

Það er vissulega álitamál hvort ljósmyndir geti staðið einar sem sérstakt menningarmálefni en hins vegar er sýn ljósmyndara á samfélagið í uppsveitunum heillandi heimur út fyrir sig. Ljósmyndir segja svo mikið meir en eingöngu texti og þær bjóða líka upp á stöðugt endurmat og túlkun eftir því sem nýjar upplýsingar koma fram eða leitað er að nýjum upplýsingum í viðkomandi myndum. Hér má nefna dæmi um tísku í klæðaburði, hífýli að utan sem innan, skeggtíska, vinnubrögð og svo framvegis. Hér nýtast jafnt ljósmyndir atvinnuljósmyndara sem áhugamanna. Sjónarhorn þeirra á uppsveitirnar eru mismunandi og gefa stöðugt nýja sýn og fleiri upplýsingar.

Rétt er að benda á að mjög miklu máli skiptir að upplýsingar fylgi myndunum, bæði um ljósmyndara, tókustað, hvenær myndin var tekin, hvað er á myndinni og svo framvegis. Dæmi um góða heimildarljósmynd með viðbótar upplýsingum er að finna í viðauka 10.16.

Af öðrum sjónarhornum á samfélagið í uppsveitunum má nefna orðuveitingar og viðurkenningar líkt og næsti kafli ber með sér.

8.6.2 Viðurkenningar

Æðstu viðurkenningar á Íslandi voru lengi vel danska Dannebrogörðan og síðan tók Íslenska fálkaörðan við er lýðveldið var stofnað. Einstaklingar í uppsveitunum fengu þessar orður og því er tekinn saman listi yfir viðkomandi og hvers vegna þeir fengu þær orður. Riddarar Dannebrogörðunnar eru nokkuð einsleitir hópur en sýnir vel hvaða hópur var verðlaunaður til sveita með slíkri viðurkenningu.

Enn hefur ekki verið tæpt á afurðum listamanna en nauðsynlegt er að gera þeim góð skil enda eiga sumir af færustu listamönnum landsins tengsl við sveitirnar í ofanverðri Árnessýslu.

8.6.3 List

Listviðburðir og listaverk er stór hluti af tjáningarformi menningar. Mjög hentugt er að kynna og skrá listviðburði, listamenn og listaverk á vefsvæðinu. Með því að nýta sér margmiðlun geta listamenn í samstarfi menningarfulltrúa sveitarfélaganna kynnt listfengi sitt á síðunni. Hér er ekki verið að tala um auglýsingar heldur kynningu á listviðburði og sýningu listaverks í skemmri eða lengri tíma með hvaða hætti sem það svo yrði.

Best væri að geta sýnt dæmi um listfengi listamanna á vefsvæðinu en um það þarf að ná samningum samkvæmt höfundarréttarákvæðum enda þurfa viðkomandi að lifa af list sinni og í sumum tilfellum þarf að semja við afkomendur listamanna eða listasöfn.

Listaverk eru ekki eina kynningin sem gott er að setja fram á *SSA* því munnlegur menningararfur er ómetanlegur. Ekki síst þar sem við getum birt margra áratuga gamalt efni á vefsvæðinu.

8.6.4 Munnlegur menningararfur

Frásögn frásagnarinnar vegna er eftirsóknarverður þáttur í menningararfi uppsveitanna. Þannig hefur það ótanlegt gildi fyrir ættingja og fyrrum vini látins heimildamanns að geta hlustað á upptöku af viðtali við hann.

Þær upplýsingar sem koma fram í gagnagrunni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum [SÁM] eru vel til þess fallnar að fella inn kafla úr viðtali við einstakling inn í umfjöllun um hann hvort sem hann sjálfur er viðmælandinn eða aðrir heimildamenn veita upplýsingar um hann. Þá eru viðtöl SÁM vel tengd heimilum í uppsveitunum sem auðgar umfjöllun um einstaka bæi og býli. Þannig er hægt að fjalla um menningarlíf heimila í hverri sveit. Þá bjóða heimildirnar upp á góða umfjöllun um þjóðhætti, atvinnuhætti, sönglíf, kveðskap, þulur og margt fleira.²⁰³

Sem gefur að skilja er erfitt að koma menningu og samfélagslýsingu til skila eingöngu með textavinnslu. Hér er því líka boðið upp á talað mál í formi samtala og viðtala úr fórum höfundar, annarra heimildamanna og úr safni Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi.

Þegar hlustað er á hljódupptökur þá lifnar upp endurminningaheimur innra með manni. Í mörgum tilfellum þekkja hlustendur persónur sem koma fram eða rætt er um. Stundum vekur vísan sem kveðin er eða sagan sem er sögð upp minningar á meðal áheyrenda. Þetta sama gerist þegar horft er á gamlar kvikmyndir. Þá lifna upp minningar og tengingar vakna sem erfitt er að kalla fram með hreinni textalegri vinnslu.

8.6.5 Lifandi myndir

Í dag færast það æ meir í vöxt að hægt sé að horfa á kvikmyndir á veraldarvefnum í gegnum vefsvæði á borð við „youtube,“ <http://www.youtube.com/>. Með stöðugt betri tækni er auðveldara að koma hreyfanlegum myndskleiðum á netið og gera þau aðgengileg almennum notendum. Með stöðugt betri samskiptatækni og aukinni flutningsgetu gagnaleiðara er tölvunotendum í dreifbýli gert æ auðveldara að nýta sér þessa tækni.

Auðvelt er orðið að færa gömlu heimiliskvikmyndina yfir á stafrænt form og þar er oft að finna ómetanlegan fjársjóð. Þessar myndir sýna oft á tíðum sýn á mannlíf sem ekki hefur verið markvisst varðveitt en birtist ljóslifandi þegar byrjað er að skoða myndefnið út frá öðrum sjónarhornum. Þessar gömlu kvikmyndir og nýtt efni sem tekið er upp í samtímanum og sett á *Ssa* á eftir að verða dýrmæt sýn á menningararf uppsveitamanna.

²⁰³ Starfsmenn SÁM "töluðu við fólk og tóku upp sögur, lýsingar á þjóðháttum og atvinnuháttum, kvæði, sálma, þulur, rímur, lausavísur og margt fleira og er það ýmist mælt fram, sungið eða kveðið." „Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum“. Sótt 18. júní 2008.

9 Lokaorð

Sú tíð er liðin þegar litið var á menningu og sögu sem ánægjulegt frístundagaman. Engum til gagns eða gróða. Fyrst og fremst til uppfyllingar hvötum og þrám fólks sem þráði að miðla fróðleik og fagurfræði til annarra. Nú hafa menn áttað sig á því að menning og saga er mikilvægur og í raun ómissandi þáttur í mannlegu samfélagi og það sem meira er að þetta er í raun mjög arðbær og atvinnuskapandi þáttur.

Faglegar rannsóknir fræðimanna á menningarferðaþjónustu hafa sýnt hve mikilvæg menningin er fyrir ferðaþjónustu, bæði tekjuöflun og atvinnusköpun. Ferðamenn koma oft ekki gagnert vegna menningar en þegar þeir eru á annað borð komnir á áfangastað þá vilja þeir í flestum tilfellum skoða eitthvað menningarlegt um leið. Þetta á sérstaklega við um þá sem gista á meðan ferðalaginu stendur. Stærstur hluti erlendra ferðamanna sem koma til Íslands koma við í uppsveitum Árnassýslu en þeir hafa til þessa ekki stoppað nógu lengi til að kanna menningu svæðisins. Innlendir ferðamenn dvelja hins vegar mikið í uppsveitunum sérstaklega í sumarbústöðum og á tjaldstæðum. Menningarsögulegt efni höfðar því sérstaklega vel til þessa hóps. Sérstaklega vegna þess með bættu netaðgengi verður dvalargestum í sumarbústöðum kleyft að kynna sér fjölbreytt menningarframboð á svæðinu.

Sérfræðingar á sviði ferðaþjónustu hafa bent á hve markaðssetning og menningarsaga svæðis sé vandmeðfarin. Markaðssetning byggir á skýrum og einfölduðum skilaboðum á meðan menningarlandslag uppsveitanna er mikið flóknara en svo. Saga og menning í uppsveitahreppum Árnassýslu er viðamikil, kröftug og spennandi. Innan svæðisins eru miklar andstæður sem vekja upp spurningar svo sem hver eru áhrif endurreisnar Skálholts á samfélagið, samskipti ríkisvalds og sveitarfélaga vegna menningarverðmæta á borð við Þingvelli, Gullfoss og Geysi. Hvernig þorpinn myndast í uppsveitahreppunum og áhrif þéttbýlismyndunar á sveitabýlin. Hvaða áhrif virkjunarframkvæmdir hafa haft á sveitirnar – til að mynda af hverju fyrsta þorpssamfélagið í uppsveitum Árnassýslu myndaðist fyrir tilstilli virkjana og hvers vegna það leystist síðar upp. Fjölbreytt menning og saga er einmitt líkleg til að höfða til innlendra ferðamanna. Vönduð stefnumótunarvinna Ásborgar Arnþórsdóttur ferðamálafulltrúa uppsveita Árnassýslu benti á að einn helsti vandi ferðaþjónustu í uppsveitunum er skortur á upplýsingum. Þetta gildir einnig á við um menningarferðaþjónustuna. Það er því áriðandi að geta komið upplýsingum henni til framdráttar á framfæri.

Markmið þessa vefsvæðis er fyrst og fremst miðlun menningarsögulegs efnis. Menning og saga er hins vegar ekki bara passivur efniviður sem ætlaður er til skoðunar sér til dægrastyttingar. Hann er svo mikið meira. Menningarsögulegur arfur er gagnvirkur því með því að túlka hann og tjá er hægt að koma efni á framfæri sem kallar á viðbrögð og nýtingu efnisins.

Tölverð áhersla hefur verið lögð á það í þessari skýrslu að *Sögubrot síðustu alda* sé í raun tæki sem menningarfulltrúar sveitarfélaganna í uppsveitum Árnassýslu geti nýtt til að koma menningarsögulegu efni og áherslum á framfæri. Í þeim tilgangi geta þeir myndað samskiptaleiðir við markhópa innan samfélagsins og virkjað þá í umfjöllun og túlkun á menningu og sögu uppsveitanna. Bent hefur verið á hve vel vefsvæði á borð við *Sögubrot síðustu alda* getur náð til skóla og ungdómsins og þannig gert yngri kynslóðina vel meðvitaða um menningarsögu svæðisins sem mun skila sér til framtíðarinnar.

Hverju samfélagi er nauðsynlegt að henda reiður á menningu sinni og sérkennum. Þetta á ekki síst við þegar horft er til menningartengdar ferðaþjónustu. Til að styðja við slíka ferðaþjónustu þurfa íbúar sveitanna að vera meðvitaðir um menningarsögu sína, sóknarfæri og leiðir til upplýsingaöflunar til vinna með þann efnivið. *Sögubrot síðustu alda* miðar að því að vera tæki fyrir sveitarfélögin í uppsveitum Árnassýslu til að styrkja menningarlega innviði sína og græða upp frjóan jarðveg sem hægt er að nýta til

uppbyggingar menningartengdra mála. Þannig eiga einstaklingar og fyrirtæki að geta nýtt sér *Sögubrot síðustu alda* til menningarsköpunar og tækifæra í viðskiptalegum tilgangi.

Í skýrslunni hefur verið rakið að mörgu leyti ágætt menningarstarf sveitarstjórna í uppsveitunum. Þeir fara ólíkar leiðir að marki sínu en eru allir háðir því vandamáli að menningarstarfsemi sveitarfélaganna er háð áhuga, virkni og velvilja menningarfulltrúa og sveitarstjórna á hverjum tíma. Markviss menningarstefna er háð samfellu og samstarfi. Því er lagður fram rökstuðningur í þesari skýrslu að uppsveitahrepparnir sameinist um menningarfulltrúa til að halda úti öflugum og arðbærum menningarstarfi. Bent hefur verið á hve starfslýsing ferðamálafulltrúans er svipuð þeirri sem menningarfulltrúi gæti unnið eftir og í raun væri hægt að víkka út starfssvið ferðamálafulltrúans og færa stöðugildi undir umsjá hans.

Sameiginlegt vefsvæði með margþætta og mótaða menningarstefnu gerir sveitarfélögunum kleyft að vera í fararbroddi svæðisbundinnar kynningar á menningarsögu hérlendis. Færð hafa verið rök fyrir því að mögulegt er að nýta gjaldfrjálsa tækni sem býðst á vinsælum vefsvæðum og tengja á milli efnis *Sögubrota síðustu alda* með hlekkjum. Miðlægur upplýsingar væri að finna á vefsvæðinu www.sveitir.is en þaðan lægju hlekkir yfir á önnur svæði. Einn af stórum kostum þessarar aðferðar er að þá eru gögnin varðveitt á meðal vinsælla samskiptaleiða vefnotenda sem auðveldar aðgengi þeirra að efninu.

Með því að viðhalda slíku vefsvæði, bæta stöðugt við það og gæta þess að þar ríki fjölbreytni og aðgengileiki þá gefst sveitarfélögunum einstæður möguleiki bæði á að kynna eldri menningu og um leið gefa færi á að skapa ný menningartækifæri í framtíðinni.

10 Viðaukar

Meðfylgjandi eru viðaukar skýrslunnar.

10.1 Flokkun starfsstétta

Skráning mismunandi stofnana eftir margvíslegum heimildum og lauslegum skráningarreglum veldur því að mörg ólík starfsheiti eru skráð við fólk. Upphafleg skráning var látin halda sér en til aðgreiningar í leitarvél og vegna notendaviðmóts var tilraun til grófrar flokkunar gerð. Myndaðir voru 11 mismunandi flokkar: Stjórnsýsla, kennimenn, heilsugæsla, vinnufólk, kennsla, bændur, bústýrur, handverksmenn, hugverksmenn, ýmis störf og störf þrátt fyrir líkamlega og samfélagslegar hömlur.

Eðlilega eru mörg starfsheiti sem skarast á milli starfslýsinga og deila má til dæmis um hvort ekki hefði verið rétt að styðjast við starfslýsinguna „Listamaður“ en lokaniðurstaðan var að skipta eingöngu upp á milli handverks- og hugverksmanna.

Stjórnsýsla	Alþingismaður	Hreppstjóri	Sýslunefndarmaður
Kennimaður	Prestur	Prestsfrú	
Heilsugæsla	Héraðslæknir	Hjúkrunarkona	Sjúkraliði
Vinnufólk	Húsmaður	Vinnukona	
Kennsla	Íþróttakennari	Kennari	Skólastjóri
Bóndi	Bóndi	Garðyrkjubóndi	
Bústýra	Bústýra	Húsfreyja	Húsmóðir
	Ráðskona		
Handverksmaður	Gullsmiður	Ljósmyndari	Málari
	Myndhöggvari	Smiður	Staðarsmiður
	Myndskeri	Rokkasmiður	Silfursmiður
	Snikkari	Söðlasmiður	
Hugverksmaður	Fræðimaður	Safnamaður	Sálmaskáld
	Stúdent	Skáld	
Ýmis störf	Ferjumaður	Leiðsögumaður	Póstur
	Skrifari	Rútubílstjóri	
Störf þrátt fyrir líkamlegar og samfélagslegar hömlur	Niðursetningur	Umrenningur	

10.2 Persónuvernd

Svarbréf Persónuverndar til birtingar á upplýsingum úr opinberum gagnasöfnum.

Skúli Sæland sagnfræðingur
Reykholti
801 SELFOSSI



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 24. október 2007
Tilvísun: 2007100687 DS/--

Efni: Skráning upplýsinga, sem tengjast menningarsögu uppsveita Árnessýslu, í gagnagrunn sem leita má í á Netinu

1.

Persónuvernd vísar til tölvubréfs yðar frá 7. október 2007 varðandi meðferð upplýsinga sem tengjast menningarsögu uppsveita Árnessýslu, en fyrirhugað er að skrá þær í gagnagrunn sem leita má í á Netinu. Spurt er hvort upplýsingavinnslan snerti persónuverndarákvæði og, ef svo sé, hvernig yður beri að umgangast upplýsingarnar.

Í viðhengi með tölvubréfinu er þessari vinnslu lýst. Þar kemur fram að útbúa á vefgátt þar sem notendum sé vísað á þau söfn sem varðveita upplýsingar um menningarsögu þessara sveita, þ.e. muni og skjöl frá einstaklingum, félögum og stofnunum. Svo að notendum verði kleift að finna tiltekna upplýsingar þurfi að koma á fót leitarbærum gagnagrunni þar sem hægt sé að leita eftir efnisorðum, t.d. jarðarheitum, ábúendum, félögum og stofnunum sem varðveita upplýsingar í viðkomandi söfnum. Um þetta segir nánar:

„Í þeim tilgangi hefur gerð gagnagrunnsins verið skipt upp í fjóra hluta:

1. Grunnupplýsingavinnsla sem felur í sér skráningu á nöfnum einstaklinga, líftíma (fæðingarár/dánarár), búsetu (hvaða jörðum viðkomandi bjó á í uppsveitunum) ásamt búsetutíma, atvinnu og ábyrgðarstöðum, s.s. hreppstjóri.
2. Samþættingu upplýsinga úr rafrænum skjalaskráum viðkomandi safna og tengingu upplýsinga um muni/skjöl við:
 - a. Einstaklinga, félög og stofnanir myndaðar úr lið 1).
 - b. Leitarbæra lýsandi flokka, s.s. opinber stjórnsýsla, búrekstur o.þ.h.
3. Útbúin stutt lýsing á því efni (munum/skjölum) sem er að finna á viðkomandi stað og tengjast a) og b) sem byggist að mestu á innihaldslýsingu viðkomandi safna.
4. Stuttir textar samdir um einstaklinga, byggðarkjarna, félög, byggingar og jarðir. Gerðar eru tengingar við grunninn í liðum 2) og 3) til að sýna hvaða gögn tengjast viðkomandi atriðum og hvar þau er að finna.

Sögubrot síðustu aldar

Vinnsla vegna einstakra þátta gagnagrunnsins:

- A. Upplýsingar vegna liðs 1) eru flestar fengnar úr byggðasöguritam, fræðigreinum, ættartölum og öðrum opinberum eða útgefnum gögnum. Þá er mikill hluti gagnanna tilkominn vegna veru viðkomandi á tilteknu býli/jörð í ákveðinn tíma. Því er þörf á að skrá upplýsingar um hvar og hvenær viðkomandi dvaldi.
- B. Gagnagrunnar safnanna eru byggðir upp á ólíkan máta. Flokkun og skráning gagna er með ólíkum hætti og því á margan hátt erfitt að tengja þá saman svo vel sé. Einstaklingar og jarðir eigenda eru bestu tengingarmátinn. Jarðir sem viðkomandi skjal/munur tengist með afgerandi hætti er annar. Ein leiðin enn liggur í að samræma og skrá gögnin innan ákveðinna efnisflokka. Nöfn einstaklinga eru sótt úr gagnagrunninum á eftirfarandi máta:
 - a. Skráðir fyrri eigendur skjala/muna. Í tilfelli Héraðsskjalasafns er það einn aðili sem safnið er myndað utan um og í tilfelli Byggðasafns er það síðasti eigandi munar.
 - b. Byggðasafnið heldur innri skrá sem útlistar geranda hlutar og notanda.
 - c. Héraðsskjalasafnið skráir sömuleiðis aðila sem tengjast skjölum á markverðan máta, s.s. bréfitara, skýrslur einstaklinga fyrir hreppa o.m.fl.
- C. Textarnir eru samdir upp úr útgefnum heimildum eða með rannsóknarvinnu höfundar. Tengingarar við upplýsingarnar úr liði 2) og 3) byggjast á að gagnagrunnur hafi verið unninn með tengslum einstaklinga við skjöl og muni til að geta vísað notendum áfram á safnstaði.

Í gagnagrunninum felast því upplýsingar um hvaða munir og skjöl hafa verið afhent til varðveislu á sófnum. Einnig upplýsingar um eigendur skjala og muna og í sumum tilfellum notendur gripa áður en afhending fór fram til safnanna.

Upplýsingar um einstaklinga fela ávallt í sér fullt nafn og í flestum tilfellum fæðingar- og dánarár, heimilisföng, atvinnu og ábyrgðarstöður, t.d. hreppstjórar.

Hér er því um að ræða opinber skjöl, t.a.m. gerðabækur hreppsnefnda á Héraðsskjalasafninu, muni úr einkaeigu á Byggðasafninu og cinkaskjalasöfn á Héraðsskjalasafni, upplýsingar um listaverk á Listasafninu.

Safnverðir munu fara yfir viðkomandi upplýsingar til að tryggja að viðkvæmar lýsingar á gögnum og efni sem skráð er sérstaklega sem trúnaðarmál í innri skráningu safnanna hljóti ekki óvandada umfjöllun.

Varsla efnis gagnagrunnsins verður á vefþjóni sem sveitarfélög uppsveita Árnessýslu reka í sameiningu, www.sveitir.is.

2.

Þau lög, sem Persónuvernd starfar eftir og hefur það hlutverk að framfylgja, eru lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Svo að upplýsingavinnsla falli undir þau þau lög þurfa upplýsingarnar að vera persónuupplýsingar, sbr. 3. gr. laganna. Með persónuupplýsingum er átt við persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna. Þær upplýsingar, sem hér um ræðir, lúta í mörgum tilfellum að einstaklingum og er því ljóst að þær eiga undir lögin.

Svo að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil verður hún að falla undir einhverja af heimildunum í 8. gr. laganna. Persónuvernd telur umrædda vinnslu geta helgast af 7. tölul. 1. mgr. þeirrar greinar þar sem segir að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg til að gæta megi lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra.

Ætla má að í mörgum og í jafnvel flestum tilfellum séu viðkomandi einstaklingar látnir. Almennt er talið að því lengra sem líði frá andláti einstaklings, því ríkari þurfi þeir hagsmunir samkvæmt

Sögubrot síðustu aldar

framangreindu ákvæði 8. gr. að vera, sem mæli í mót vinnslu upplýsinga, til að þeir haggi hagsmunum af vinnslunni. Einkum má telja að þar skipti máli hagsmunir sem tengist viðkvæmum einkamálefnum, s.s. heilsufari, auk þess sem hagsmunir ættingja kunna að hafa þar þýðingu. Má til hliðsjónar í því sambandi benda á 3. mgr. 25. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. XXV. kafla laganna, um rétt nánna ættingja til þess að höfða einkarefsimál vegna brota gegn æru manna og friðhelgi einkalífs.

Sé um að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 (t.d. um refsiverða háttsemi og heilsuhagi), nægir ekki að heimild sé til vinnslu í 8. gr. laganna heldur þarf einnig að vera fullnægt einhverju skilyrðanna í 9. gr. laganna. Persónuvernd telur hér einkum 9. tölul. 1. mgr. koma til greina, en þar er mælt fyrir um heimild til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga sé vinnslan nauðsynleg vegna tölfræði- eða vísindarannsóknna.

Þetta ákvæði hefur verið túlkað svo að það kalli á hagsmunamat, þ.e. vega þurfi hagsmuni af friðhelgi einkalífs og vernd persónuupplýsinga andspænis hagsmunum af vinnslu upplýsinganna. Með sama hætti og fyrir greinir vega síðarnefndu hagsmunirnir æ meira eftir því sem lengra líður frá andláti einstaklings.


Í tengslum við framangreint má hafa hliðsjón af ákvæðum upplýsingalaga nr. 50/1996 sem veita almenningi rétt til aðgangs að gögnum sem varða stjórnslumál. Sé um að ræða upplýsingar um einkamálefni einstaklinga skal fyrst veita aðgang að þeim 80 árum eftir að þau urðu til, sbr. 4. mgr. 8. gr. laganna. Geta þetta bæði verið upplýsingar, sem samkvæmt 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 eru viðkvæmar, sem og aðrar upplýsingar sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari (t.d. um félagsleg vandamál og hjónaskilnaði).

Samkvæmt 9. gr. laga nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands gilda reglur upplýsingalaga um aðgang að skjölum og öðrum gögnum sem þar eru varðveitt. Lög nr. 66/1985 hafa einnig að geyma ákvæði um héraðsskjalasöfn, sbr. og nánari ákvæði í reglugerð nr. 293/1994 um héraðsskjalasöfn, sbr. 14. og 17. gr. laganna. Samkvæmt 10. gr. þeirrar reglugerðar fer um aðgang að skjölum á slíkum söfnum eftir sömu reglum og um aðgang að skjölum á Þjóðskjalasafninu. Við birtingu skjala í umræddum gagnagrunni frá Héraðsskjalasafni Árnesinga ber því að fara að framangreindu ákvæði 4. mgr. 8. upplýsingalaga.

3.

Meðan ekkert hefur komið fram um að sú vinnsla persónuupplýsinga, sem hér um ræðir, fái ekki samrýmst ákvæðum laga nr. 77/2000 gerir stofnunin ekki athugasemdir við gerð og birtingu umrædds gagnagrunns.

Virðingarfyllt
f.h. forstjóra Persónuverndar


Þórður Sveinsson
lögfræðingur

10.3 Ráðgjafar

Við vinnslu *Ssa* hafa eftirtaldir aðilar veitt ómetanlega aðstoð við verkefnið á ýmsum stigum þess. Fleiri hafa komið til en ómögulegt að telja þá alla til en þeim eru færðar þakkir.

- Aðalheiður Helgadóttir
- Ásborg Arnþórsdóttir
- Björn Pálsson
- Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir
- Guðjón Emilsson
- Halldór Gestsson
- Inga Jónsdóttir
- Jón Hermannsson
- Lýður Pálsson
- Páll Lýðsson

10.4 Drög að Staðardagskrá 21 í Hrunamannahreppi

Ferða-, menningar- og æskulýðsnefnd Hrunamannahrepps hefur ekki verið úthlutað né hefur hún sett sér markmið og stefnu. Hins vegar komu fulltrúar hennar að mótun draga að Staðardagskrá 21. Það er gagnlegt að skoða aðkomu FMÆ-nefndarinnar að þeirri dagskrá því þar sést hluti stefnumótunarvinnu nefndarinnar og vinnubrögð hennar sem eru lofsverð.

Menningar- og náttúruminjar

Menningarminjar

Staða:

- Fornleifastofnun vann svæðisskráning menningarminja í Hrunamannahreppi árið 2001. Mikið er af fornum bæjarstæðum og minjum frá fyrri öldum. Hins vegar hefur verið sléttað yfir mikið og oft er fátt til vitnis um forna tíð.
- Eftirtaldir staðir eru friðlýstir samkvæmt Þjóðminjalögum. Laugahvammur á Hrunamannafrétt. Þórarinsstaðir fyrir innan Stangará, Búðarárbakki á suðausturbakka Búðarár, Hörgsholt og Laxahjallstöft uppi á Hjallaási í landi Hrepphóla.
- Í hreppnum eru þrjár kirkjur sem allar falla undir húsafriðunarlög. Hrunakirkja, Hrepphólakirkja og Tungufellskirkja. Um þær hefur verið fjallað ítarlega í ritinu Kirkjur Íslands 1 bindi 2001
- Þá fellur undir hverfisvernd vegna samgönguminja svonefndur Kóngsvegur frá Brúarhlöðum og fram Hrunamannahrepp en hluti hans var lagður 1906 og 1907 vegna komu Friðriks VIII Danakonungs.
- Fjöldi minja á hálendinu fellur undir hverfisvernd vegna búsetuminja t.d. Rógshólar, Djáknadyngja Stangarnes og Hrísalækur svo nokkur séu nefnd.
- Minjasafnið í Gröf er í einkaeigu en Emil Ásgeirsson bóndi í Gröf hóf að safna munum á sjötta áratug 20 aldar. Alls er á tíunda hundrað muna skráðir í safnið. Flestir munir tengjast íslenskri bændamenningu og búnaðarstarfi.

Náttúruminjar

Staða:

- Eftirtalin 3 svæði eru á náttúruminjakrá: Kerlingarfjöll, Austurbakki Hvítárgljúfurs og Brúarhlöð.
- Hverfisvernd vegna náttúruminja á hálendinu gildir um. Þjórsárver- Kerlingarfjöll og Stóru- Laxá vestur að Búðará. En þarna er í báðum tilvikum um víðáttumikil og ósnortin landssvæði að ræða.
- Hverfisvernd vegna landslags með útivistargildi á láglandi. Laxárgljúfur, Hrunalaug, Miðfell, Álfaskeið.
- Hverfisvernd vegna námuvinnslu gildir um stuðlabergsnámu Hólahnúka.
- Hverfisvernd vegna mikilvægra búsvæða fugla. Kópsvatn og Kópsvatnseyrar, Álatjörn, Litla Laxá, Stóra Laxá og Grafartjörn. Þá gildir sérstök hverfisvernd um Hverahólma sem er hverasvæði við Litlu-Laxá.

Framtíðarsýn :

Að varðveita sögu svæðisins og miðla þeim fróðleik til íbúa og gesta, m.a. með reglulegri útgáfu fræðirita.

Þau svæði sem þarfnast verndar vegna sérstæðs náttúrufars/fuglalífs/jarðmyndana verði varðveitt eftir bestu getu.

Skrá náttúru- og menningarminjar svæðisins og flokka eftir mikilvægi þeirra.

Verkefni:

- Vinna að aðalskráningu menningarminja í sveitarfélaginu.
- Tryggja tilvistargrundvöll Minjasafnsins í Gröf
- Koma upp upplýsingaskiltum um áhugaverða staði í sveitarfélaginu.
- Bæta aðgengi almennings að bókasafni.
- Gera menningar og náttúruminjar aðgengilegri, til dæmis í tengslum við menningartengda ferðaþjónustu.
- Æskilegt er að gæta hófs í framkvæmdum sem geta skaðað viðkvæmar náttúruminjar.
- Skilgreina svæði undir náttúruvá.
- Gera úttekt á jarðmyndunum og vistkerfum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum.²⁰⁴

²⁰⁴ „Drög að staðardagskrá 21 fyrir Hrunamannahrepp júní 2008“. Sótt 19. júní 2008.

10.5 Landnámsdagur 2008 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Landnámsdagur 2008

Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Laugardaginn 31. maí,

Dagskráin hefst kl. 10:00

- Opið á tveimur bæjum í sveitinni frá kl 10:00-12:00.

Reykjahlíð á Skeiðum, opið fjós, nýfædd lömb, landgræðsla o.fl.

Skaftholt, sjálfbær búskapur, gróðurhús, ostagerð o.fl.

Báðir bæir hafa hlotið umhverfisviðurkenningu.

- Landgræðsla ríkisins, býður upp á fræðslu- og gönguferð kl. 10:30 frá Reykjahlíð á Skeiðum.

- Skógrækt ríkisins, býður í gönguferð í Þjórsárdalsskóg kl 13:00.

Lagt af stað frá nýju göngubrúnni norðan Sandártungu. Skilti við Þjórsárdalsveg.

- Bæjarrústirnar að Stöng, sérfræðingur frá Fornleifavernd ríkisins á staðnum kl. 11:00-13:00.

Þjóðveldisbærinn opinn frá 13:00:

Dagskrá verður í bænum frá kl. 14:00 - 17:00

- Handverk. Þingborgarkonur stunda forn handverk við langeldinn.
- Víkingar. Félagar úr víkingahópnum Hringhorna frá Akranesi og fleiri víkingar verða á staðnum og bregða á leik.
- Tónlist. Þjóðleg tónlist í umsjá Magneu Gunnarsdóttur; einsöngur, tvísöngur, víóluleikur, harmonikuleikur, djamba tromma, stiginn vikivaki, fjöldasöngur ofl.
- Sagnamenn:

Björgvin Sigurðsson, viðskiptaráðherra, fyrrum bæjarvörður í Þjóðveldisbæ

„Gaukur gengur aftur“

Bjarni Harðarson, þingmaður „Flagðkonan og kristnidómurinn í Þjórsárdal“

Jón Eiríksson bóndi í Vorsabæ: „Olavur Tvennumbrúni landnámsmaður á Skeiðum“

Einar Ólafsson, rithöfundur „Landnámsmenn í Gnúpverjahreppi, Þrándur mjögsiglandi og Þorbjörn laxakar!“

- Örmessur í litlu kirkjunni, sr. Axel Árnason.
- Þjóðlegar veitingar, kjötsúpa að hætti landnámsmanna og reykt sauðalæri úr sveitinni

Hólaskógur, opið hús og fjórhjólaferðir kl. 10:00-12:00

Félagsheimilið Árnes opið frá kl. 19:00- 01:00, landnámstilboð.²⁰⁵

Úthlutunarreglur vegna styrkveitinga til listnáms og listtengdra viðburða

Úthlutunarreglur vegna styrkveitinga til listnáms og listtengdra viðburða

²⁰⁵ „Landnámsdagur 2008“, sótt 19. júní 2008.

10.6 Úthlutunarreglur vegna styrkveitinga til listnáms og listtengdra viðburða í Bláskógabyggð

Úthlutunarreglur vegna styrkveitinga til listnáms og listtengdra viðburða

1. Markmið styrkveitinga er:
 - a. Að hvetja fólk, og þá einkum ungt fólk, til listnáms og þátttöku í lista- og menningarstarfi innan Bláskógabyggðar.
 - b. Að styðja við bakið á þeim einstaklingum / félagasamtökum sem standa að menningar- og listviðburðum innan Bláskógabyggðar.
 - c. Að styrkja þá einstaklinga sem stunda listnám í sérskólum utan Bláskógabyggðar.
2. Umsækjendur geta ýmist verið einstaklingar eða félagasamtök með búsetu og aðsetur í Bláskógabyggð. Skilyrði er að umsækjendur hafi lögheimili í Bláskógabyggð og hafi haft lögheimili þar í lágmark 2 ár samfelld frá þeim degi sem viðkomandi senda inn styrkumsókn.
3. Ungt fólk, búsett og með lögheimili í Bláskógabyggð nýtur forgangs þegar kemur að styrkveitingum. Til að hljóta styrkveitingu þurfa einstaklingar / félagasamtök að uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinnna atriða:
 - a. Listnám ungs fólks – þeir einstaklingar hafa forgang sem þurfa að sækja listnám útfyrir Bláskógabyggð, ef um sérskólanám er að ræða sem ekki er hægt að stunda í sveitarfélaginu.
 - b. Ýmsir listviðburðir haldnir innan Bláskógabyggðar– þeir viðburðir hafa forgang þar sem börn á grunnskólaaldri í Bláskógabyggð eru þátttakendur í.
 - c. Nýsköpun á sviði lista og menningarstarfs innan Bláskógabyggðar – sérstakt vægi fá verkefni sem miða að fjölgun starfa.
4. Styrkir til listnáms utan Bláskógabyggðar (skv. grein 3.a.)
 - a. Styrkumsókn skal fylgja afrit af umsóknareyðublaði nemenda, staðfestingu á skólavist og upplýsingum um fjárhæð skólagjalda.
 - b. Umsækjandi skal í lok þess skólaárs sem styrkurinn er veittur – og eigi síðar en 15. júní ár hvert - skila inn vottorði frá skóla um að viðkomandi hafi stundað nám sitt og lokið skólaárinu með fullnægjandi árangri.
 - c. Skilyrði fyrir styrkveitingu er að styrkþegi taki þátt í eða standi fyrir a.m.k. einum listviðburði innan Bláskógabyggðar, sveitarfélaginu að kostnaðarlausu – á meðan á námstíma stendur eða þegar námi er lokið.
5. Styrkir til listtengdra viðburða innan Bláskógabyggðar:
 - a. Styrkumsókn skal fylgja greinargóð lýsing á viðburðinum með verkáætlun og tímasetningum, fjárhagsáætlun (kostnaðar- og tekjuáætlun) og upplýsingar um aðstandendur viðburðar.
 - b. Aðstandendur ábyrgjast að fullnægjandi leyfi séu fyrir hendi varðandi framkvæmd menningarviðburðar.
 - c. Styrkþega ber að veita Bláskógabyggð upplýsingar um framkvæmd verkefnisins, þegar og ef eftir því er leitað.
 - d. Styrkþegi skal skila skriflegri lýsingu (lokaskýrslu) á framkvæmd og árangri verkefnisins í lok árs, eða eigi síðar en 15. desember ár hvert.
 - e. Bláskógabyggð áskilur sér rétt að ákveða að í stað fjárhagslegs stuðnings, geti sveitarfélagið lagt til aðstöðu fyrir viðkomandi menningarviðburð, aðstandendum að kostnaðarlausu.
6. Ef styrkþegar nýta ekki styrkfjárhæð er viðkomandi skylt að endurgreiða sveitarfélaginu styrkfjárhæðina að fullu.
7. Styrkfjárhæð getur aldrei verið hærri en sem nemur helmingi heildarkostnaðar.
8. Reglur þessar skal endurskoða 1 sinni á ári, eigi síðar en í september ár hvert.

Sögubrot síðustu aldar

Reglur samþykktar í Menningarmálanefnd Bláskógabyggðar, þann 26. september 2007 og staðfestar af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 2. október 2007.²⁰⁶

²⁰⁶ Menningarmálanefnd Bláskógabyggðar, „Úthlutunarreglur vegna styrkveitinga til listnáms og listtengdra viðburða.“ 2007

10.7 Erindisbréf Æskulýðs- og menningarmálanefndar Bláskógabyggðar

Erindisbréf fyrir æskulýðs- og menningarmálanefnd Bláskógabyggðar.

1. gr.

Æskulýðs- og menningarmálanefnd er skipuð af sveitarstjórn Bláskógabyggðar og er henni ætlað að vinna að æskulýðs- tómstunda- íþróttá- og menningarmálum í sveitarfélaginu. Æskulýðs- og menningar-málanefnd skal starfa samkvæmt erindisbréfi þessu, sem sveitarstjórn hefur staðfest og almenningur skal hafa greiðan aðgang að, IV. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, II. kafla stjórnslulaga nr. 37/1993 og að öðru leyti eftir því sem lög og reglugerðir segja fyrir og sveitarstjórn felur henni.

2. gr.

Æskulýðs- og menningarmálanefnd er skipuð fimm aðalmönnum og jafnmörgum til vara. Sveitarstjórn skipar formann nefndarinnar en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

3. gr.

Hlutverk.

Æskulýðs- og menningarmálanefnd er ráðgefandi nefnd sem gerir tillögur til sveitarstjórnar. Nefndin getur enga bindandi ákvörðun tekið nema með samþykki sveitarstjórnar, enda hafi nefndinni áður verið falin fullnaðar-afgreiðsla einstakra mála.

4. gr.

Markmið.

Markmiðið með starfi æskulýðs- og menningarmálanefndar er að styrkja og efla þá æskulýðs- íþróttá- tómstunda- og menningarstarfsemi sem fyrir er í Bláskógabyggð í nánú og góðu samstarfi við hin frjálsu félög sem vinna að þessum málum. Nefndin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og vinna skuli fyrst og fremst vera í þágu allra íbúa sveitarfélagsins, sem leggur þær skyldur á herðar fulltrúum í nefndinni, að setja ávallt almannahagsmunum ofar sérhagsmunum hvort heldur er sínum eigin eða einstakra hópa.

II. kafli.

Verkefni.

5. gr.

Meðal verkefna æskulýðs- og menningarmálanefndar er, að stuðla að eflingu og fjölbreytni í æskulýðs-, íþróttá-, tómstunda- og menningarstarfsemi í Bláskógabyggð í nánú samstarfi við aðra aðila sem vinna að þessum málum.

Að öðru leyti skal nefndin vera sveitarstjórn til ráðgjafar um allt sem lýtur að þessum málaflokkum.

III. kafli.

Fundir og starfshættir.

6. gr.

Boðun funda.

Formaður boðar til funda svo oft sem þurfa þykir, þó ekki sjaldnar en tvisvar á ári og stjórnar þeim.

Boða skal til fundar ef a.m.k. tveir nefndarmanna óska eftir því enda tilgreini þeir fundarefni.

Til fundar telst löglega boðað hafi allir nefndarmenn, eða varamenn í forföllum þeirra, verið boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og þeim jafnframt greint frá dagskrá fundarins. Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar getur fyrirvari um fundarboðun verið skemmri ef enginn nefndarmanna mælir gegn því.

Fundir nefndarinnar skulu að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum. Nefndin getur boðað á sinn fund starfsmenn sveitarfélagsins ef hún telur þess þörf. Einnig getur hún boðið öðrum aðilum að koma á fund nefndarinnar til viðræðna um ákveðin mál.

7. gr.

Réttindi og skyldur.

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi æskulýðs- og menningarmálanefndar nema lögmæt forföll hamli.

Þeir sem sitja fundi nefndarinnar skulu gæta fyllsta trúnaðar um þau einkamæl er rædd eru á fundum hennar. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum.

Um réttindi og skyldur fer að öðru leyti samkv. IV. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og 11. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

8. gr.

Ályktunarhæfi.

Æskulýðs- og menningarmálanefnd getur enga ályktun gert nema meirihluti hennar sitji fund. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði fornanns.

Nefndarmaður getur ekki fjallað um mál sem varða hann sjálfan eða nána venslamenn hans svo mjög, að ætla megi að afstaða hans mótist að einhverju leyti þar af og skal hann í slíkum tilvikum víkja fyrir varamanni, sbr. 47. og 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

9. gr.

Fundargerðir.

Rita skal í fundargerðarbók öll mál sem fjallað er um í æskulýðs- og menningarmálanefnd og skulu allir viðstaddir rita nöfn sín undir fundargerðina. Með fundargerðir fer að öðru leyti samkv. 48. gr. sveitarstjórnarlaga.

Fundargerðabók, afrit af skýrslum og skjölum æskulýðs- og menningarmálanefndar, lög, reglugerðir og erindisbréf skulu vera tiltæk á öruggum stað. Formaður skal sjá um að afrit af fundargerðum nefndarinnar séu send sveitarstjórn til kynningar og/eða samþykktar að loknum hverjum fundi. Nefndarmenn eiga einnig rétt á að fá afrit af fundargerðum hennar.

10. gr.

Meðferð mála.

Æskulýðs- og menningarmálanefnd skal á fundum sínum taka fyrir öll þau erindi sem berast henni, fjalla um þau og gera tillögur um afgreiðslu þeirra til sveitarstjórnar, nema sveitarstjórn hafi falið henni fullnaðarafgreiðslu málsins sbr. 3. gr. samþykktar þessarar. Þá skal formaður, strax að lokinni afgreiðslu, tilkynna málsaðilum niðurstöður málsins sé mál þannig vaxið.

Staðfest á fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar 01. 04. 2003

10.8 Einstaklingar sem fjallað er um

Hér er gerð grein fyrir hvernig einstaklingar eru valdir til umfjöllunar í Ssa. Valið er út frá búsetu, kyni og starfstétt. Ákveðið var að skipta valinu upp eftir búsetu í gömlu hreppunum, það er að segja: Biskupstungnahrepp, Gnúpverjahrepp, Grímsneshrepp, Hrunamannahrepp, Laugardalshrepp, Skeiðahrepp og Þingvallahrepp. Innan hvers hrepps voru valdar tíu „starfsstéttir“ sem eiga að gefa þokkalegan þverskurðna af samfélaginu. Þær eru: stjórnýsla, kennimenn, heilsugæsla, vinnufólk, kennsla, bændur og bústýrir, handverksmenn, hugverksmenn, ýmis störf og störf þrátt fyrir líkamlegar og félagslegar skorður. Innan hvernar starfsstéttar voru svo valdir einstaklingar af hvoru kyni. Gerð verður stutt grein fyrir vali hvers og eins. Þetta er ætlað sem dæmi um með hvaða hætti umfjöllunin er og því er látið duga að nefna hvernig einstaklingar voru valdir til að gefa mynd af Biskupstungum.

10.8.1 Stjórnýsla

Aðilar sem gegnt hafa stjórnýslu. eru þá meðalín störf í sveitarstjórnnum, hreppstjórar, störf og ábyrgðarstöður í félagasamtökum og nefndum. Hafi slík ábyrgðarstörf verið áberandi þáttur eða einkennandi í lífshlaupi einstaklings þá kemur hann til greina til umfjöllunar.

Skúli Gunnlaugsson, Bræðratungu

Oddviti Biskupstungnahrepps um áratugaskeið auk fjölda annarra trúnaðarstarfa.

Jörundur Brynjólfsson alþingismaður, Skálholti

Jörundur Brynjólfsson var bóndi í Tungunum 1919-48 auk þess að vera þingmaður sýslunnar 1923-56.

10.8.2 Kennimenn

Prestar gegndu jafnan ábyrgðarmiklu hlutverki á meðal sóknarbarna sinna og þeir sátu oft á myndarþúum. Erfitt er að finna kvenkyns presta en hér er einnig fjallað um prestsfrúr sem stöðu sinnar vegna tóku þátt í menningar- og trúarlegu hlutverki eiginmanna sinna.

sr. Guðmundur Óli Ólafsson, Skálholti

Var sóknarprestur í Skálholti og Torfastöðum 1955-2002. Skjalasafn hans til á Héraðsskjalasafni Árnesinga.

Sigurlaug Erlendsdóttir, Torfastöðum

Sigurlaug var prestsfrú á Torfastöðum 1906-55. Reit meðal annars greinar í *Inn til fjalla*.

10.8.3 Heilsugæsla

Fólk sem starfað hefur við heilsugæslu. Hvort sem um er að ræða lækna, hjúkrunarkonur eða ljósmæður.

Skúli Árnason læknir, Skálholti

Fyrsti læknir aukalæknishéraðsins eftir að það var formlega stofnað 1899. Fékk búsetu í Skálholti og svo fór að hann sagði læknisstarfi sínu lausu en bjó áfram myndarþú.

Pórdís Símonardóttir ljósmóðir

Pórdís er hvorki fæddur né uppalinn Tungnamaður. Henni var hins vegar veitt Tungnaumdæmi sem nýútskrifaðri ljósmóður og gegndi því um nokkur ár. Aðsópsmikil og ágætar frásagnir til af henni.

10.8.4 Vinnufólk

Fyrri hluta aldarinnar voru stétt vinnufólks fjölmenn og margir unnu alla ævi sína sem vinnuhjú hjá einum eða fleiri húsbændum.

Rannveig Ólafsdóttir, Drumboddsstöðum

Hún var vinnukona á Drumboddsstöðum. Fæddist 1831 og dó um 1920. Blind síðustu 20 árin.

Jón Halldórsson, Stóra-Fljóti

Jón var að mörgu leyti óvenjulegur vinnumaður. Hann gegndi aldrei búsföræði en varð eignamaður og gaf til að mynda land undir barnaskólann í Biskupstungum.

10.8.5 Kennsla

Farkennsla var í upphafi aldar en þegar hrepparnir reisa sér skóla þá verða kennarar, kennslukonur og skólatjórar/–stýrur hluti af menningarlífi sveitanna og eru hér til umfjöllunar.

Stefán Sigurðsson

Farkennari og fyrsti skólastjóri Reykholtsskóla um langt árabil. Hefur lýst því vel við hvaða aðstæður hann þurfti að glíma fyrstu árin.

Anna Magnúsdóttir prestsfrú, Skálholti

Anna var kennaralærð og gegndi kennarastöðu við Reykholtsskóla frá því að hún kom í sveitina 1953/54.

10.8.6 Bændur og bústýrur

Undir þennan flokk falla hjón með búforráð. Ýmist sem eigendur jarðarinnar eða bústjórar/–stýrur.

Sigríður Tómasdóttir, Brattholti

Sigríður varð landsfræg fyrir baráttu sína gegn sölu og hugsanlegri nýtingu á Gullfossi. Hefur af sumum því verið nefnd fyrsti náttúruverndarsinninn á Íslandi. Hér er horft meir til búskapar hennar og persónu. Baráttu gegn girðingu milli Brattholts og afréttar sem hún taldi ógna búsetu á jörðinni.

Þorsteinn Sigurðsson, Vatnsleysu

Þorsteinn var sagður bændahöfðingi. Mikill forystumaður á meðal bændastéttarinnar. Hann rak þó stórt býli og var einkenndi fyrir þá bændur sem störfuðu að félagsmálum að hann átti góða að sem sinntu búskap heima fyrir á meðan hann sá um félagsmál.

10.8.7 Handverksmenn

Hér er fjallað um þá sem þekktir urðu fyrir leikni sína við handið n.s. smíðar eða listið. Listamenn unnu gjarnan fyrir sér við skylda starfsemi og því er höfð einföld flokkun og listamenn sem unnu með höndunum innan handverks.

Þórdís Egilsdóttir frá Kjóastöðum

Þekkt fyrir handverk sitt. Útsaumur hennar prýðir meðal annars Bessastaði. Flyst snemma á brott úr Tungunum.

Egill Þórðarson, Kjóastöðum

Orðlagður hagleikkssmiður. Skar út og gripir voru keyptir af honum.

10.8.8 Hugverksmenn

Hér eru skáld, fræðimenn og stúdentar. Yfirleitt þeir sem skiluðu af sér hugverki eða urðu kunnir fyrir lærdómskunnáttu.

Hannes Þorsteinsson frá Brú

Þjóðskjalavörður, alþingismaður Árnesinga 1900-11 og forseti neðri deildar 1909-11. Vann að ritstörfum og reit meðal annars ævisögu sína.

Guðríður Þórarinsdóttir, Drumboddsstöðum

Rak bú með tvíburabróður sínum um tíma en eftir andlát hans flutti hún á mölina. Var þar mjög virk í félagi Biskupstungnamanna og ritstýrði *Inn til fjalla* auk þess að skrifa fjölda greina í ritin.

10.8.9 Ýmis störf

Ekkert flokkunarkerfi er svo gott að ekki séu til undantekningar. Það á ekki síst við um starfsstéttaramma sem reynt er að byggja utan um samfélag sem gengur í gegnum viðamestu samfélagsbreytingar sem íslenska þjóðin hefur upplifað. Hér er því haft opið á innsetningu starfslýsinga sem ekki á við fyrrgreinda flokkun svo sem ferjumaður, rútbílstjóri og póstur.

Sigurður Greipsson, Haukadal

Glímukóngur, byggði upp íþróttaskóla í Haukadal og rak hann um árabil, formaður HSK um áratugabil.

Vilborg Bjarnadóttir, rjómabússtýra

Vilborg var síðasta rjómabússtýra rjómabúsins við Torfastaðakotslæk. Hún var bústýra þar 1922–1927.

10.8.10 Störf þrátt fyrir líkamlegar og félagslegar skorður

Helst eru flakkarar og niðursetningar sem koma til greina innan þessa flokks. Þá eru líka fatlaðir svo sem blindir og heyrnarlausir mögulegir kandidatar. Flestir þessir aðilar gegndu þó ýmsum störfum en sameiginlegt er þeim öllum að þau urðu að þiggja störf innan þess ramma sem þeirra líkamleg geta og félagslegar aðstæður settu þeim.

Steinunn Egilsdóttir, Spóastöðum

Bóndakona á Spóastöðum. Fékk lómunarveiki sem barn og varð upp frá því að ganga með þungar umbúðir vegna visins fótar. Missti eiginmann sinn eftir fimm ára hjónaband og frá fjórum börnum. Sá þó um búið og kom börnunum til mennta með miklu harðfylgi.

Hallgrímur Halldórsson

Hallgrímur Halldórsson, fæddur 7. ágúst 1844, dáinn 27. jan. 1920 í Auðsholti. Lengi niðursetningur í Tungum og hafði það embætti að leiða nautgripi milli bæja og var auknefndur „Kúa-Grímur“.

10.9 Dæmi um umfjöllun um einstakling

Hallgrímur Halldórsson (1844-1920)



Hallgrímur Halldórsson fæddist 7. ágúst 1844 á Galtalæk í Biskupstungum. Sonur Gunnar Guðmundsdóttur (1808-1876) og Halldórs Guðnasonar (1810-1889). Þau komu einnig upp syninum Guðmundi (1834-1905) sem síðar varð bóndi á Brjánsstöðum á Skeiðum.²⁰⁷

Hann veiktist á þriðja ári og lá lengi veikur. Talið var að hann hefði þá misst sjón á öðru auga og var stórt vagl yfir því. Hann þótti erfitt barn og lærði aldrei að lesa. Hins vegar lærði hann kristin fræði utanbókar og vitnaði óspart í þau alla sína ævi. Hallgrímur varð ekki meðalmaður á hæð, væskill og aukvisalegur.²⁰⁸

Hallgrímur flutti með foreldrum sínum að Hrosshaga 1870 og var látinn gæta kúnna á sumrin sem gátu farið víða. Hallgrímur fór ekki styðstu leið við reksturinn heldur fór hann á bæina í kring og spurði eftir kúnum. Rak svo heim í bakaleiðinni. „Það eru erfiðar kýr í Hrosshaga“ var haft eftir Hallgrími. Hann nýttist illa til annarra verka en sendiferða.²⁰⁹ Eftir að foreldrar hann féllu frá lagðist Grímur í flakk um Tungurnar og nærliggjandi sveitir. Fór líka í kaupstað árlega og til bróður síns á Kjalarnesi.²¹⁰ Grímur

²⁰⁷ Halldór Gestsson and Páll Lýðsson, „Ábúendatal Árnessýslu frá 1703 til ca. 2000. Endurbætt útgáfa 2006.“ 2006

²⁰⁸ Guðríður Þórarinsdóttir, „Síðasti förumaðurinn,“ í *Inn til fjalla. Rit Félags Biskupstungnamanna í Reykjavík I* (Prentsmiðjan Hólar hf., 1949), bls. 168-69. Helgi Guðmundsson, „Sagnir af Hallgrími Halldórssyni. II,“ í *Íslenskir sagnapattir og þjóðsögur* (VIII: Ísafoldarprentsmiðja hf., 1949), bls. 142 Þórður Kárason, „Sagnir af Hallgrími Halldórssyni,“ í *Íslenskir sagnapattir og þjóðsögur* (VIII: Ísafoldarprentsmiðja hf., 1949), bls. 126-27;

²⁰⁹ Þórður Kárason, „Sagnir af Hallgrími Halldórssyni,“ í *Íslenskir sagnapattir og þjóðsögur* (VIII: Ísafoldarprentsmiðja hf., 1949), bls. 128.

²¹⁰ Guðríður Þórarinsdóttir, „Síðasti förumaðurinn,“ í *Inn til fjalla. Rit Félags Biskupstungnamanna í Reykjavík I*. (Prentsmiðjan Hólar hf., 1949), bls. 169.

þótti skreytinn ef það hentaði honum en var oftast kátur og ræðinn og því aufúsgestur.²¹¹

Hallgrímur fékk viðurnefnið Kúa-Grímur af starfa sínum við sendiferðir með kír og nautgripi milli bæja og sveita á yngri árum. Ferðaðist Hallgrímur jafnan með staf og poka sem í voru aleigur hans. Ferðirnar tókust misvel og kannski síst flutningur Torfastaðatuddans. Átti hann að fylgja nautinu frá Torfastöðum til Reykjavíkur. Fór Hallgrímur yfir Brúará við Spóastaði. En daginn eftir finnst bolinn mannlauus með múlinn á sér við túnið á Svínavatni. Hallgrímur hafði þá farið upp með Lyngdalsheiðinni og upp í Laugardal og skilaði sér ekki heim fyrr en löngu síðar.²¹²

Hallgrími var komið fyrir á bæjum og gefið með af sveitinni á veturna. Tekinn inn með hrútunum að eigin sögn. Hann var kræsinn á þá bæi sem hann var vistaður á. Einn ábúandann sagði hann hafa verið svo fátækann að hann ætti „ekki einu sinni hland til að þvo úr sér fötin sín.“²¹³ Gísli Guðmundsson (1867-1921) í Kjarnholtum henti gaman að því að er hann ætlaði að taka Grím til sín svaraði hann svo til: „Það hafa nú margir dáðið í Kjarnholtum“ og ekki fór hann að Kjarnholtum í það skiptið.²¹⁴ Hallgrímur var aftur á móti hrifinn af Jóhönnu Jónsdóttur (1830-1908) á Stóra-Fljóti²¹⁵ og Ingveldi Guðmundsdóttur (1845-1926) í Höfða.²¹⁶

Hallgrími þótti gott að fá kaffi og út í það auk lummna. Keypti hann kaffi í kaupstað fyrir haglagða sem hann tíndi eða fékk gefna. Bar hann þá upp að Brattholti til Tómasar Tómassonar (1845–1926) og Margrétar Þórðardóttur (1845–1928) þar sem hann fékk þá geymda og þvegna. Sníkti hann líka ýmislegt smálegt til að versla fyrir. Geymdi hann kaffið til veturs þegar hann gat fengið það hitað er hann vildi og gefið öðrum.²¹⁷

Hallgrímur var veislukær og hagaði oft ferðum sínum þannig að hann kom oft óboðinn í brúðkaupsveislur degi áður en þær voru haldnar. Bauðst hann til að sækja vatn og var til aðstoðar. Var hann uppfullur tilhlökkunar fyrir veislurnar og sagði oft: „Þetta verður sungið í veislunni“ en eftir veisluna lifði hann í endurminningunum og sagði gjarnan: „Þetta var sungið í veislunni.“ Hann virtist hafa unun af söng en sjálfur var hann gersamlega laglaus og með skræka rödd og mjóa.²¹⁸

Hann var viðkvæmur fyrir því ef honum fannst hallað á sig vegna stöðu hans í samfélaginu. Hann áttaði sig á að hann stóð ekki jafnfætis á við aðra en hann leit svo á að þeir hefðu ekki rétt til að líta niður á hann þrátt fyrir það. Svaraði hann skjótt og meinlega fyrir sig ef hann varð var við slíka framkomu. Kunnu menn best við að vera lausir við skens hans og meinyrði.²¹⁹

Hallgrímur dó 27. janúar 1920 í Auðsholti hjá Tómasi Tómassyni (1874-1952) og Vilborgu Jónsdóttur (1879-1960). Þar hafði hann dvalist síðustu veturna. Grímur var fluttur fyrir til kirkju en venja var því óttast var að Hvítá ryddi sig og ófært yrði til kirkju. Því var fámenn er líkið var borið í kirkju. Heyrðust klukkurnar óma sjálfar og varð það tilefni margra sagna og blaðaskrifa. Sagt var að æðri máttarvöld hefðu hringt til að sýna Hallgrími tilhlýðilega virðingu því viðstaddir hefðu ekki hirt um það. Mun hvassviðrið

²¹¹ Guðríður Þórarinsdóttir, „Síðasti förumaðurinn,“ í *Inn til fjalla. Rit Félags Biskupstungnamanna í Reykjavík* I. (Prensmiðjan Hólar hf., 1949), bls. 170.

²¹² Þórður Kárason, „Sagnir af Hallgrími Halldórssyni,“ í *Íslenskir sagnaþættir og þjóðsögur* (VIII: Ísafoldarprentsmiðja hf., 1949), bls. 129-30.

²¹³ Helgi Guðmundsson, „Sagnir af Hallgrími Halldórssyni. II,“ í *Íslenskir sagnaþættir og þjóðsögur* (VIII: Ísafoldarprentsmiðja hf., 1949), bls. 141.

²¹⁴ Þórður Kárason, „Sagnir af Hallgrími Halldórssyni,“ í *Íslenskir sagnaþættir og þjóðsögur* (VIII: Ísafoldarprentsmiðja hf., 1949), bls. 129.

²¹⁵ *Ibid.*, bls. 132-33.

²¹⁶ Helgi Guðmundsson, „Sagnir af Hallgrími Halldórssyni. II,“ bls. 140.

²¹⁷ Þórður Kárason, „Sagnir af Hallgrími Halldórssyni,“ bls. 132. Guðríður Þórarinsdóttir, „Síðasti förumaðurinn,“ bls. 172.

²¹⁸ Þórður Kárason, „Sagnir af Hallgrími Halldórssyni,“ bls. 131.

²¹⁹ *Ibid.*, bls. 134-35.

hafa valdið ómi klukkanna. Á greftrunardaginn þegar sr. Eiríkur Þ. Stefánsson jarðsöng var hins vegar allt samkvæmt bókinni.²²⁰

Heimildir:

Teikning af Hallgrími Helgasyni eftir Jón Helgason. (Héraðsskjalasafn Árneseinga. Ma 96:653, Jón Helgason)

Guðríður Þórarinsdóttir. „Síðasti förumaðurinn“. *Inn til fjalla. Rit Félags*

Biskupstungnamanna í Reykjavík I. Ritstj. [Guðríður Þórarinsdóttir]. 2. prentun 1991. prt. Reykjavík, 1949. Bls. 167-77.

Halldór Gestsson og Páll Lýðsson. Ábúendatal Árneseyslu frá 1703 til ca. 2000.

Endurbætt útgáfa 2006. Handrit í eigu höfunda

Árið 1932 var Íþróttakennaraskóli Íslands stofnaður en hann var í upphafi rekinn sem einkaskóli Björns Jakobssonar með nokkrum ríkisstyrk. Skólinn starfaði í húsakynnum héraðsskólans, bókasafni, sundlaug og íþróttahúsi, en það hafði verið sýningaskóli Alþingishátíðarinnar en fluttur að Laugarvatni á útmánuðum 1932. Í ársbyrjun árið 1943 var skólinn gerður að ríkisskóla og íþróttahús tekið í notkun árið 1946. Þá var einnig tekin í notkun efri hæð tengibyggingar við sundlaug héraðsskólans. Árið 1968 var tekið í notkun heimavist Íþróttakennaraskólans sem er nú Íþróttamiðstöð.

Árið 1944 var Húsmæðraskóli Suðurlands stofnaður en áður höfðu hússtjórnarnámskeið verið í héraðsskólanum og menntaskólanum. Skólinn var upphaflega rekinn í Lindinni en það var upphaflega byggt sem íbúðarhús. Tvisvar var byggt við húsið á meðan beðið var eftir ríflægri fjárframlögum frá hinu opinbera. Árið 1970 var nýi húsmæðraskólinn tekinn í

notkun. Þá var kennurum einnig fjölgað úr tveimur í fimm en nýja húsinu var ætlað að rúma 54 nemendur en flestir hafa nemendurnir verið 70.

Við setningu fræðslulaga árið 1946 tóku héraðsskólar upp kennslu til landsprófs og haustið 1947 tók til starfa við héraðsskólann á Laugarvatni framhaldsdeild sem kenndi námsefni fyrsta árs menntaskóla, svonefnd Skálholtsdeild. Þróunin var smám saman sú að stofnaður var menntaskóli árið 1953.

Fyrstu stúdentar frá Laugarvatni, sex talsins, luku prófi utan skóla við Menntaskólann í Reykjavík árið 1952 en Menntaskólinn var formlega stofnaður 1953. Þá voru í skólanum 63 nemendur í þremur bekkjum. Eftir 1966 hafa nemendur verið u.þ.b.170-190.

Barnaskólinn var reistur árið 1962 en áður var barnaskóli rekinn í húsnæði héraðsskólans.

Sumarparadísin Laugarvatn

Eins og fram hefur komið sá Jónas frá Hriflu, sem var helsti hugmyndasmiður Laugarvatns, fyrir sér að Héraðsskólinn yrði notaður allan ársins hring, sem skóli og til sumardvalar fyrir gesti.

Í skólaskýrslu Laugarvatnsskólans fyrir árið 1932-1933 var fyrst getið um starfsemi gistihúss í Héraðsskólanum. Gistihúsið var starfrækt frá 15. júní til 15. september og var gestastraumur mikill.

Á þessum tíma var að verða til borgarastétt á Íslandi. Hópur fólks sem var alinn upp í Reykjavík og hafði ekki að neinum sumardvalarstað í sveit að hverfa eða vildi fremur fara í sumarfrí en á ættarsetrið. Mín kenning er sú að Laugarvatn hafi verið fyrsti sumardvalarstaður Íslendinga og hér hafi fólk "lært" að fara í sumarleyfi að hætti Evrópubúa.

Svona eina skemmtilega sögu:

Árið 1947 brunnu Héraðsskólinn svo eftir stóð húsið án bursta. Fyrri hóteltjóri tók ekki í mál að reka sumarhótel í hálfbrunnu húsi. Bjarna skólastjóra fannst ómögulegt að geta ekki tekið á móti gestum þar sem aðsóknin var svo mikil og bað Þórarinn Stefánsson um að vera hóteltjóri sem hann hafði ekki gert áður. Þetta sumar var veður gott, alltaf sól og blíða og fólk streymdi að. Einn daginn komu tvenn brúðhjón, nýgift pör sem þekktust ekkert og báðu um gistingu en það var aðeins eitt hverbergi laust í Mörk með tveimur kojum. Þau tóku herbergið saman og Þórarinn var steinhissa að nýgiftir menn vildu fremur gista með öðrum í herbergi en að sleppa Laugarvatni.

Fram eftir öllu voru það einkum framsóknarmenn sem sóttust eftir að dvelja á Laugarvatni að sumri til en sjálfstæðismenn létu lítið sjá sig og vildi Þórarinn Stefánsson meina, þegar ég hitti hann og spurði um þetta, að sjálfstæðismenn hefðu lítið farið í frí! Hvað sem því líður þá var löngum svo lítið á að Laugarvatn væri vagga framsóknarflokksins.

Ragnar Ásgeirsson

Einn af því sem var á Laugarvatni í árdaga skólasetursins var Ragnar Ásgeirsson en hann var ráðinn til að sjá um garðyrkjustörf. Hann byggði húsið sem Húsmæðraskólinn var síðar í en hann var mikill menningar... Ragnar hafði mikinn áhuga á fegrun umhverfisins og gerði m.a. garðinn sem er fyrir utan Lindina, fann vígðulaug og gróf hana upp. Þetta var á tímum kreppunnar og skólinn mátti ekki sjá af einum einasta eyri í annað en nausynjar og því fannst Bjarna skólastjóra hann ekki einblína nóg á ræktun matjurta og vera of mikið í að fegra umhverfið. Þessi meiningarmunur á milli þeirra varð til þess að Ragnar fór frá Laugarvatni en Bjarni sá síðar mikið eftir honum.

Þar sem hugmyndir eru uppi um að gera gufubaðið að spa-stað í hæsta gæðaflokki langar mig að rifja upp grein sem Jónasa frá Hriflu skrifaði:

Í greininni talaði Jónas um tvo staði sem fólk hefði uppgötvað sem heilsubótastöðvar og gert að baðstöðum, Laugarvatn og Hveragerði. Á báðum stöðum væri jarðhitinn undirstaða annarra gæða en flest önnur náttúrugæði væru ólík á Laugarvatni og Hveragerði þannig að framtíðarafnot þessara staða yrðu ólík.

Skömmu eftir að Héraðsskólinn á Laugarvatni tók til starfa tóku gestir að sækja þangað sér til gleði og hvíldar þegar skólinn var ekki að störfum.

... Oft voru á góðviðrisdögum, að sumarlagi, á Laugarvatni á annað hundrað næturgestir. Aðkomumennirnir fundu brátt að margt var hægt að hafa sér til skemmtunar og hressingar á Laugarvatni. Þeir syntu í sundlauginni og vatninu, þeir fóru í gufubað hjá leikfímishúsinu og í hina helgu laug Jóns Arasonar. Margir lágu á heitum dögum á sandinum við vatnið, líkt og selir á sjávarfjöru, eða grófu sig niður í sandinn til að njóta jarðhitans á áhrifamikinn hátt.

Gigtveik kona kom í mörg sumur í röð í Laugarvatn og tók sér heilsubað á jarðhitasvæðinu við vatnið þannig, að komið var sandi yfir hana og höfuðið eitt stóð upp úr. Þegar hún andaði, sprakk sandbrynjan yfir brjósti hennar við andardráttinn.

Flestir gestir á Laugarvatni gengu þrásinnis í skóginum, þegar veður voru góð og tóku sér þar sól og loftbað. Gerðust menn þar hugkvæmir landnemar á góðviðrisdögum. Hver gestur valdi sér hlýlega laut í skógarhlíðinni og helgaði sér blettinn í það sinn, með því að binda vasaklút um trjágrein, sem bar hátt yfir landnámið. Næstu landnemar virtu þessa ráðstöfun og völdu sér sólskinslaut lítið eitt fjær. Þannig geta mörg hundruð manns notið sólbáðs í Laugarvatnsskógi, án þess að nábylið þrengi að hverjum einstökum. Á slíkum dögum var reynt að fullnota alla hina góðu eiginleika staðarnis.

Þegar sjómenn komu að Laugarvatni, tóku þeir báta skólans, undu upp segl og notuðu kunnáttu sína til að sigla hraðbyri yfir hið litla vatn. Hægfara göngumenn lögðu leið sína gegnum birkikjarrið eftir hlíðinni. Ungt og fjöruft fólk klifraði beint upp á Laugardalsfjall, sér til hressingar, og þeir, sem mestir voru göngugarpar, héldu alla leið inn á öræfin, til Lambahlíða og Skjaldbreiðar. Á kvöldin var stiginn dans í skólafestunum. Í suð-austan úrfellis rigningu héldu gestirnir að mestu til innan dyra, spiluðu biljard eða á spil, fengu bækur að láni í bókasafni skólans, syntu í skólalauginni og brugðu sér smá ferð í gufubaðið niður við vatnið. Fæðið var gott á Laugarvatni. Þar vöndust menn sænskri smjörgæs með kjarngóðum og þjóðlegum íslenskum mat. Þrátt fyrir óhjákvæmilegan frumbýlishátt um húsbúnað og margs konar þægindi, sem fólk í stórum löndum veitir sér á baðströndum, þá var þar á þessum árum stigið merkilegt byrjendaspor í baðmenningu Íslendinga."

Eftir stríð varð gerbreyting og sagði Jónas að tvennt hefði komið til: Bruni Héraðsskólans 1947 og greiðari samgöngur til útlanda. Laugarvatn hafði misst bestu herbergi sín á skólalofninu og Íslendingar tóku að leggja leiðir sínar til annarra landa. Þar þá eftir fátt fólk á mörgum íslenskum gististöðum. Jónas sá fyrir sér að þegar búið væri að endurbyggja Héraðsskólann og búið að fullgera borðsal og eldhús í ML yrði húsakostur á Laugarvatni svo fullkominn sem framast yrði kosið við íslenskar aðstæður, bæði fyrir nemendur á vetrum og fyrir sumargesti sem sæktu þangað hressingarheimili og á baðströnd fyrir innlenda og erlenda menn.

Skólasagan

Héraðsskólinn á Laugarvatni varð brátt fjölsóttasti héraðsskóli landsins og þegar hann varð 25 ára höfðu nálægt 2500 nemendur stundað þar nám. Á löngum tíma breytist margt í samfélaginu og milli 1980 og 1990 minnkaði aðsókn að Héraðsskólanum mikið vegna breyttrar skólafestnu. Svo fór að Héraðsskólinn á Laugarvatni var lagður niður árið 1991. Fyrst á eftir var Héraðsskólalátið notað til kennslu 9. og 10 bekkjar og sem heimavist fyrir nemendur Menntaskólans á Laugarvatni. Síðustu ár hefur Menntaskólinn haft húsið til umráða og nú hýsir það bókasafn og kennslu í myndmennt og handavinnu. Hvorttveggja verður flutt í hús Menntaskólans á næstu misserum. Héraðsskólalátið er friðað að utan en er orðið mjög illa farið þar sem engir fjármunir hafa fengist til að lagfæra það síðustu árin. Framtíð þessa fallega húss er óráðin sem stendur og þyrfti að gera gangskör að því að finna því hlutverk við hæfi og endurnýja það svo fyrri reisin þess og glæsileiki fái notið sín. Héraðsskólarnir eru minnisvarðar um

skólasögu 20. aldar, þegar almenningi gafst kostur á að sækja sér menntun í fyrsta skipti í sögu landsins. Þúsundir Íslendinga hlutu menntun sína í héraðsskólunum og fóru að því búnu til síns heima og sáðu fræjum. Þetta eru kynslóðir Íslendinga sem lögðu grunninn að velmegun heillar þjóðar.

Hugsjónir Jónasar frá Hriflu voru þær að auk skóla ætti húsið að vera helgað listamönnum landsins sem hann taldi vera draumaland listamanna. Það er tímabært að draumsýn Jónasar rætist! Nú ákalla ég alla Jónasa þessa lands um að sameinast í því að gera Laugarvatn að alþjóðlegu draumalandi listamanna!

Skólahugsjón Jónasar

Halldór Laxness komst svo að orði í ræðu á fimmtugsafmæli Jónasar að það væri engum vafa bundið að þjóðheillastofnanir þær sem héraðsskólarnir væru hefðu verið órættur draumur og kannski ódreymdur líka án Jónasar. Kannski væri Laugarvatn sem skólasetur ekki til án hans afskipta en okkur vantar fleiri Jónasa!

10.12 Starfslýsing ferðamálafulltrúa uppsveita Árnessýslu

Meðfylgjandi starfslýsingu er að finna í skýrslunni *Gæði og gestrisni. Stefnumótun og aðgerðir í ferðamálum í uppsveitum Árnessýslu 2004-2008*.

- Vinna að alsherjar stefnumótun í ferðamálum á svæðinu.
- Vinna að því að stefnumótun sé framfylgt.
- Efla samvinnu ferðaþjónustuaðila innan svæðis og út á við.
- Hafa umsjón með sameiginlegri bæklingaútgáfu.
- Veita ferðaþjónustuaðilum á svæðinu ráðgjöf og aðstoð s.s. varðandi auglýsingar, kynningarmál og bæklingaútgáfu, verðlagningu, vörubrúun og nýsköpun.
- Svара fyrirspurnum og bréfum erlendis frá, sem berast frá einstaklingum, hópum, ferðaskrifstofum og landkynningarskrifstofum.
- Svара innlendum fyrirspurnum um þjónustu og aðstöðu á svæðinu frá stofnunum, félögum, einstaklingum, fyrirtækjum og ferðaskrifstofum.
- Taka þátt í samstarfi við Ferðamálaráð og svара erindum frá þeim.
- Senda upplýsingar til fjölmiðla og ferðaskrifstofa.
- Sitja ráðstefnur og fundi um ferðamál og miðla þeim upplýsingum heim í hérað.
- Taka þátt í samstarfi ferðamálafulltrúa á landsvísu, samstarfi landshlutasamtaka og Evrópusamstarfi.
- Stuðla að námskeiðahaldi og fræðslu fyrir fólk sem starfar við ferðaþjónustu.
- Stuðla að fjölþættum kynningarheimsóknum.
- Taka á móti gestum sem vilja kynna sér aðstæður á svæðinu. Taka á móti hópum.
- Reyna á sem víðtækastan hátt að vekja athygli á svæðinu.
- Taka þátt í verkefnum.
- Í starfi sínu skal ferðamálafulltrúi gæta fyllsta trúnaðar við viðskiptavinum og ferðaþjónustuaðila á svæðinu.²²²

²²² Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnumótun og aðgerðir í ferðamálum í uppsveitum Árnessýslu 2004-2008* (2003), bls. 32

10.13 Gagnalýsing menningarsögulegs gagnabanka

Sem von er þá er stuðst nokkuð við ábúendatöl við heimildavinnu. Sá böggull fylgir skammrifi að oft fylgja ekki heimildir um búsetu eða giftingardag kvenkyns sambúaðaraðila í hreppum utan Grímsness og Hrunamannahrepps. Stafar þetta af því að einungis hafa verið gefin út vönduð byggðarit um þessa hreppa innan uppsveitanna. Því var sú regla höfð að gera ráð fyrir að konan væri ábúandi á jörð frá og með upphafi búsetu bóndans.

Hér hefur verið haldið þeirri reglu að slá inn fæðingarstaði séu viðkomandi fæddir innan sýslunnar. Þetta gildir allt þar til Sjúkrahús Suðurlands tekur til starfa 15. febrúar 1958.²²³ Eftir það er fæðingarstað sleppt enda lítil ástæða að skrá fæðingarstaði á fæðingardeildum.

Fæðingarstaður er enn fremur slegin inn með þeim hætti að fæðingarár er nefnt með sem upphafsár búsetu á staðnum. Því næst kemur nafn staðar sem viðkomandi er búsettur á sé vitað nákvæmlega um búsetu ár aðila, jafnvel þótt sá hinn sami gerist bóndi á fæðingarstað sínum.

²²³ Guðmundur Kristínsson, *Saga Selfoss. Frá 1930 til 1960*. 2. bindi, (Selfoskaupstaður, 1995), bls. 208.

10.14 Sundurgreining trúfélaga

Mest ber á þjóðkirkjunni á síðustu öld í uppsveitunum. Tengsl annarra trúfélaga en þjóðkirkjunnar við samfélagið í uppsveitum Árnessýslu eru lítil og lítið varðveitt um þau í helstu söfnum sýslunnar. Vegna uppbyggingar sóknarstarfs og kirkju í samfélaginu er vert að fjalla örlítið nánar um það.

Árnesprófastsdæmi í Árnessýslu er eitt af fimmtán prófastsdæmum landsins. Innan þess eru tíu mismunandi prestaköll. Fimm prestakallanna eru Eyrarbakka–, Selfoss–, Hraungerðis–, Hveragerðis– og Þorlákshafnarprestaköll og tilheyra lágsveitum sýslunnar en hinn helmingurinn tilheyrir uppsveitunum.

10.14.1 Prestaköll

Helmingur prestakalla prófastsdæmisins eru staðsett innan uppsveita Árnessýslu. Þau eru Skálholts–, Mosfells–, Þingvalla–, Hruna– og Stóra–Núpsprestaköll. Fjöldi og umfang prestakalla hefur breyst í gegnum tíðina. Til að mynda var Ólafsprestakall lagt niður 1925 og Ólafsvallasókn þá lögð undir Stóra–Núpsprestakall.²²⁴

10.14.2 Sóknir

Í dag eru 14 sóknir innar uppsveitanna. Innan Skálholtsprestakalls eru Skálholts–, Torfastaða–, Bræðratungu– og Haukadals sóknir. Innan Mosfellsprestakalls eru fimm sóknir: Mosfells–, Miðdals–, Búrfells–, Stóruborgar– og Úlfjótsvatnssóknir. Hrunaprestakall hefur Hruna– og Hrepphólasóknir. Þingvallaprestakall einungis Þingvallasókn en Stóra–Núpsprestakall telur tvær sóknir: Ólafsvalla– og Stóra–Núps sóknir.

Líkt og prestaköllin hafa sóknirnar verið breytilegar að stærð og fjölda. Þær fylgja ekki hreppamörkum heldur eru sérstakar landfræðilegar einingar. Til að mynda eru Auðsholtsbæirnir innan Skálholtssóknar þótt þeir séu staðsettir austan Hvítár og innan Hrunamannahrepps án beinna samgangna við sóknarborn sömu sóknar. Sóknarmörkum er þó hægt að breyta með samþykki viðkomandi safnaða.

10.14.3 Kirkjur

Misjafnt er hvort kirkjur eru í eigu og umsjá safnaða eða annarra aðila svo sem bændakirkjur. Til dæmis eru Skálholts–, Þingvalla–, Haukadals–, Búrfells– og Úlfjótsvatnskirkjur ekki í eigu safnaða sinna heldur í eigu mismunandi aðila.

²²⁴ Jón Guðmundsson, „Skeiðahreppur, sveitalýsing,“ í *Sunnlenskar byggðir. Tungur, Hreppar, Skeið, Sunnlenskar byggðir* ([Selfoss]: Búnaðarsamband Suðurlands, 1980), bls. 432.

10.15 Grunnstofnanir sveitarfélaganna

Allir einstaklingar eiga rétt á vissri þjónustu og á stundum hafa stofnanir og þjónusta byggst upp í kringum hreppana. Hér er reynt að mynda ramma utan um umfjöllun um þessi málefni.

10.15.1 Hreppsnefndir

Gerð verður grein fyrir hreppsnefndum, hlutverki þeirra og einstaklingum sem til þeirra voru kosnar. Gerð verður tilraun til að skrá hreppsnefndarmenn, hvernig kosið var til þeirra og einstaka átakamál sem gátu orðið þeim erfiður ljár í þúfu.

10.15.2 Löggæsla

Hreppstjórar lutu stjórn sýslumannsembættisins á Selfossi²²⁵ og héraðslögreglan sömuleiðis sem mönnum var einstaklingum úr hreppunum og sá m.a. um löggæslu á sveitaböllum.

10.15.3 Tryggingar

Skyldutryggingar húseigna á landsbyggðinni voru lögbundnar innan Brunabótafélags Íslands sem stofnað var 1917²²⁶ en voru síðar gefnar frjálssar. Innan hreppana störfuðu úttektarmenn sem tóku út húseignir fyrir félögin og er skýrslurnar varðveittar á Héraðsskjalasafni Árnesinga.

10.15.4 Dýralæknar

Hrepparnir taka upp samstarf um sameiginlegt dýralæknisembætti í uppsveitum Árnessýslu um miðja öldina. Sagt verður frá fyrirkomulagi dýralækninga en fastráðinn dýralæknir flyst í íbúðarhúss sem byggt er undir hann í Laugarási 1959.²²⁷

10.15.5 Heilsugæsla

Sérstakt aukalæknishérað er myndað fyrir uppsveitirnar við byrjun aldarinnar. Fljótlega leigir starfandi læknir aðstöðu í Skálholti en við uppsögn hans 1922 hófu hrepparnir formlegt samstarf til að útvega héraðslækni aðstöðu. Keyptu þeir jörðina Laugarás og hefur þar síðan verið lækniásetur og enn síðar heilsugæslustöð.²²⁸

10.15.6 Vatnsveitur

Vatnsveitur eru ólíkar eftir því hvort þær höndla heitt eða kalt vatn. Eðlismunurinn liggur í því að rétturinn til neysluvatns er löghelgaður með lögum frá 1923 og sömuleiðis gjaldtaka fyrir notkun á köldu vatni.²²⁹ Hins vegar var fjárstuðningi til stofnunar kaldavatnsveitna hagað þannig að slíkar veitur voru yfirleitt stofnaðar sem einstaklings- eða félagsstofnanir en ekki á vegum hreppana.²³⁰ Heitavatnsveitur hafa ekki lögvarinn rétt til að sækja eða nýta sér heitavatnsuppsprettur. Þær eru hins vegar nauðsynlegar blómlegri byggð auk þess að vera auðlind.²³¹

²²⁵ *Lög um hreppstjóra 1965, nr. 32 26. apríl, 2008, (Alþingistíðindi, 1965).*

²²⁶ Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, (Reykjavík: Sögufélag, 2003), bls. 407.

²²⁷ Bjarni Harðarson, „Laugarás í Biskupstungum,“ bls. 175.

²²⁸ *Ibid.*, bls. 170-75.

²²⁹ Stjórnartíðindi fyrir Ísland árið 1923. A-deild., *Vatnalög*, Greinar 25-27 og 31-33.

²³⁰ Stjórnartíðindi 1947. A-deild, *Lög um aðstoð til vatnsveitna*, bls. 8. og 9. gr

²³¹ Kristján Sæmundsson, „Jarðhiti á Suðurlandsundirlendi og nýting hans,“ í *Suðri. Þættir úr framfarasögu Sunnlendinga frá Lómagnúpi til Hellisheiðar* ([Án út.g.st.]: Bjarni Bjarnason, 1970), bls. 101-60.

10.15.7 Rafmagn

Lagning rafmagns um sveitirnar er athygliverður þáttur í sögu samfélagsins. Fyrsta tilraunin með rafvæðingu hérlendis var 1904 í Hafnarfirði. Tveim árum síðar var sett upp rafstöð við ullarkembingarverksmiðju við Reykjafoss í Varmá í Hveragerði.

Fyrsta rafvirkjun uppsveitanna var á Bíldsfelli í Grafningi þegar Guðmundur Þorvaldsson virkjaði þar bæjarlækinn 1911. Hann setti síðar upp rafstöð fyrir heimilið 1920 sem rekin var til 1950 þegar Sogsrafmagnið tengdist jörðinni.²³² Keypt var bensínrafstöð fyrir Þingvelli í tilefni af Alþingishátíðinni. Gestjafinn Jón Guðmundsson keypti stöðina að hátíðinni lokinni en byggði árið 1932 vatnsaflsstöð við Brúsastaði í Öxará og leiddi rafmagn þaðan um nágrennið. Jón endurbætti stífluna stöðugt en fyrir Lýðveldishátíðina 1944 var díselstöð komið fyrir við við Valhöll og því var rekstri vatnsaflsstöðvarinnar hætt tveim árum síðar. Þingvellir tengdust svo rafmagni frá Sogsvirkjun 1964.²³³ Með tilkomu Héraðsskólans að Laugarvatni var reist vatnsaflsvirkjun í Sandá 1928. Virkjunin var endurbyggð tveim árum síðar en það dugði ekki til. Bæði var settur rafall í virkjunina og keyptar díselrafstöðvar til að reyna að anna ört vaxandi byggð en 1955 var staðurinn tengdur við Sogsrafmagnið.²³⁴

Árið 1939 eru 12 vatnsaflsstöðvar komnar um Árnessýslu við einstök sveitabýli og 1946 eru þær orðnar 31. Þ.á m. var rafstöð sem reist var við bæinn Foss í Hrunamannahreppi 1942. Hún var nýtt þrátt fyrir ýmis vandkvæði til 1968 þegar lagt var rafmagn til bæjarins.²³⁵ Hún var samstundis endurbyggð Ein eldsneytisknúin rafstöð er við Þrastarlund 1939 en 1946 eru þær orðnar 16 í allri sýslunni.²³⁶ Bræðurnir Ormsson smíðuðu litlar vindrafstöðvar upp úr 1930 sem voru notaðar til sveita til lýsingar og til að hlaða útvarpsgeyma. Rétt fyrir 1940 var farið að flytja inn ódýrar vindrafstöðvar frá Bandaríkjunum og þeim fjölgaði mikið á stríðsárunum og gátu enst í þó nokkur ár.²³⁷

Með vígslu Sogsvirkjunar 1937 hófst rafvæðing sveitanna. Lagt var frá Írafossstöð 1955-57 um hluta af Grímsnesi, Laugardal, Biskupstungum, Hrunamannahreppi og Skeiða. Haldið var áfram að rafvæði Tungurnar 1959-62 og 1960-63 voru flest býli Hrunamannahrepps og Gnúpverjahrepps tengd rafmagni. Mestöll Þingvallasveitin fékk rafmagn 1964-65 og um sama leyti er Laugardalur að mestu rafvæddur. 1964-69 er klárað að leggja rafmagn til býla í Grafningi og Grímsnesi, mestallra Tungnabýlanna og þriggja bæja efst í Hrunamannahreppi.²³⁸

Til viðbótar þessari einföldun á sögu rafvæðingar í uppsveitum Árnessýslu verður fjallað um lagningu þriggja fasa rafmagns sem er raunar ekki enn komið á alla bæi sveitanna. Þá eru stóru virkjanirnar s.s. Búrfell og virkjanaáform Fossafélagsins Titans merkur hluti af uppsveitasögunni.

10.15.8 Póstur og sími

Meginpóstleiðin um Suðurland við lok 19. aldar lá frá Reykjavík til Hraungerðis áfram til Breiðabólstaðar áður en hún teygði sig yfir í Skaftafellsýslur. Árið 1900 voru aukapóstleiðir frá Hraungerði til Torfastaða í Grafningi og Stóranúps í Gnúpverjahreppi.

²³² Guðmundur Marteinson, „Þróun rafmagnsmála á Suðurlandsundirlendinu frá öndverðu fram til ársloka 1969,“ í *Suðri. Þættir úr framfarasögu Sunnlendinga frá Lómagnúpi til Hellisheiðar* ([Án útg.st.]: Bjarni Bjarnason, 1970), bls. 354-56.

²³³ *Ibid.*, bls. 360-61.

²³⁴ *Ibid.*, bls. 361.

²³⁵ Hjörleifur Ólafsson, „Fossárvirkjun 1940-1969,“ *Árnesingur VIII* (2007): bls. 68-70 og 72-73.

²³⁶ Guðmundur Marteinson, „Þróun rafmagnsmála á Suðurlandsundirlendinu frá öndverðu fram til ársloka 1969,“ bls. 362-63.

²³⁷ *Ibid.*, bls. 363.

²³⁸ Guðmundur Marteinson, „Þróun rafmagnsmála á Suðurlandsundirlendinu frá öndverðu fram til ársloka 1969,“ í *Suðri. Þættir úr framfarasögu Sunnlendinga frá Lómagnúpi til Hellisheiðar*, ([Án útg.st.]: Bjarni Bjarnason, 1970), bls. 353-71 (bls. 366-68).

Einnig frá Kotströnd að Úlfjótuvatni.²³⁹ 1930 voru aukapóstleiðir á Suðurlandi orðnar 30 þar af voru 12 á vegum afgreiðslunnar í Hraungerði þaðan sem farið var m.a. út frá Reykjum á Skeiðum. Síðar þegar mjólkurbílar fóru að ganga um Suðurland tóku þeir við hlutverki aukapóstferða.²⁴⁰

Eftir vígslu landsímans 29. september 1906 var mikið verk óunnið sem var að leggja símkerfi um sveitir landsins. Stefna stjórnvalda var sú að ríkissjóður kostaði lagningu símalínunnar á milli kaupstaða landsins en sýslu- og hreppsfélög skyldu kosta lagningu svokallaðra hliðarlína að þriðjungi sem næðu t.a.m. frá Reykjavík austur um Suðurlandsundirlendið. Þetta vildu Árnesingar ekki fallast á og var m.a. ályktað á þingmálafundi á Húsatóftum á Skeiðum að sjálfsgagt sé „að þingið veiti fé af landssjóði að öllu leyti til talsíma frá Reykjavík austur í Rangárvallasýslu.“ Tafði þetta lagningu símans fram til 1909 þegar sýslunefndin gaf sig og síminn var lagður austur. Tveim árum síðar var lögð lína frá Hraungerði að Kiðjabergi í Grímsnesi. Það var ekki fyrr en 1920 sem lagningu línunnar í uppsveitirnar var haldið áfram til Minniborgar. Símsstöðvar til sveita voru í umsjá bænda sem gerðu það án þóknunar og þrátt fyrir mikla fyrirhöfn.²⁴¹ Sex árum síðar vantar enn töluvert á að sími sé kominn um uppsveitirnar og hann var ekki lagður til Laugarvatns fyrr ein 1929.²⁴²

Samþykktar voru breytingar á póstlögum 1930 og pósturinn var sameinaður landssímanum. Stefnt var líka að því að koma upp bréfhirðingum á Laugarvatni vegna héraðsskólans og í Haukadal vegna íþróttaskólans og ferðamannastraumsins við sama tækifæri.²⁴³

Á fjórða áratugnum hefur Ólafur Ketilsson flutninga á pósti 1934 frá Selfossi sem þá hafði tekið við hlutverki Hraungerðis sem póstaafgreiðsla. Hann flutti póst í Grímsnes, Laugardal, Biskupstungur og Grafning en Kaupfélag Árnesinga sá um flutninga frá Reykjavík austur að Garðsauka.²⁴⁴

Í *Ssa* verður greint frá póst- og símvæðingu sveitanna og stöku póst- og símsstöðvum.

10.15.9 Skóli

Í upphafi síðustu aldar eru farskólar enn við líði. Uppbygging grunnskóla svo sem á Minni–Borg, í Reykholti og á Flúðum hefst fljótlega. Eftir mikið þóf er Héraðsskóli byggður upp á Laugarvatni og síðar rísa þar Menntaskóli, Íþróttaskóli og Húsmæðraskóli. Sérskólar hafa líka verið um stund. Má hér nefna Íþróttaskóla Sigurðar Greipssonar í Haukadal og Lýðháskólann í Skálholti. Aðrir skólar voru fyrirhugaðir en urðu ekki að veruleika svo sem Búnaðarskóli Suðurlands í Skálholti.

10.15.10 Samgöngur

Samgöngur yfir ár skipa sérstakan sess í sögu uppsveitanna því þær eru sundurskornar af ám. Vegalagnir hafa líka skipt miklu máli í þróun byggðar og atvinnulífs. Vegkerfin hafa líka breyst reglulega. Áður fyrr voru hestatroðningar sem skáru sundur flestar jarðir en með tilkomu uppbyggðra vega sem oft voru kostaðir af sýslusjóði komst vegkerfið í fastari skorður. Ekki var þó ávallt sátt um veglagninguna t.a.m. stöðvast veglagning upp Biskupstungur vegna deilna um framtíðar vegstæði og í Laugardal ákvað Ólafur Ketilsson frekar að kosta veginn frá Laugarvatns að Miðdal sjálfur en að láta Vegagerð ríkisins leggja veginn þar sem hann yrði plagaður af ófærð að vetri til.²⁴⁵

²³⁹Heimir Þorleifsson, *Póstsaga Íslands 1873-1935* ([Reykjavík]: Íslandspóstur, 2004), bls. 113.

²⁴⁰Ibid., bls. 116.

²⁴¹Heimir Þorleifsson, *Sögubræðir símans. Drónarsaga íslenskra símamála, gefin út í tilefni af 80 ára afmæli landsíma á Íslandi* (Reykjavík: Póst- og símamálastofnun, 1986), (bls. 107-10. Einnig tilvitn. bls. 108)

²⁴² Ibid., bls. 168.

²⁴³Heimir Þorleifsson, *Póstsaga Íslands 1873-1935* ([Reykjavík]: Íslandspóstur, 2004), bls. 359, 364.

²⁴⁴Ibid., bls. 378.

Sögubrot síðustu aldar

Mannvirki líkt og brýr skipa sérstakan sess í uppsveitunum sem eru sundurskornar af ám. Ár hafa verið miklir farartálmur og því skiptu samgöngur miklu máli fyrir sveitirnar. Hér má nefna brúun Hvítár við Iðu 1957 sem opnaði akveg milli eystri og vestari hluta uppsveitanna um miðbik svæðisins en áður þurftu menn að keyra um Brúarárhöð sem eru staðsett efst á milli Biskupstungnahrepps og Hrunamannahrepps eða keyra suður yfir Ölfusárbrú.

Fyrri hluta aldarinnar settu ferjur mikinn svip á samgöngur uppsveitamanna. Ferjur yfir Hvítá, Þjórsá og Tungufljót fá því nokkra umfjöllun.

²⁴⁵ Páll Lýðsson, „Einn vegur í austur - og annar í vestur. Heimildarviðtal við Ólaf Ketilsson sérleyfishafa,“ *Árnesingur* VII (2006): bls. 130-31.

10.16 Dæmi um heimildaljósmynd

Meðfylgjandi ljósmynd og texti var ásamt öðrum til sýnis á ljósmyndasýningunni „Mannlíf í Biskupstungum“ sem sýnd var í Skálholtsskóla í desember 2007 fram í apríl 2008 og ég hafði veg og vanda að.



Mynd 29. Ýmislegt gat komið upp á í kvenfélagsferðalögunum. Hér var Bjarni Sigurðsson í Haukadal bílstjóri hjá Ólafi Ketilssyni búinn að festa sig í snjónum norðan í Fjórðungsöldu á Kili vorið 1972. Urðu konurnar að leggjast á eitt við að ýta. Farið var að óttast um þær en konurnar komust í gott atlæti hjá Valdimar Örnólfssyni íþróttakennara í skíðaskálanum í Kerlingarfjöllum. Þekking má Katý (Karitas Melsteð) á Ösp, í köflóttu buxunum þriðja frá vinstri. (HérÁrn, ljósmyndari óþ.)

11 Heimildaskrá

„2. fundur Ferða- menningar og æskulýðsnefndar,“ http://www.fludir.is/index.php?option=com_docman&task=cat_view&gid=23&Itemid=133.

A-deild, Stjórnartíðindi 1947., *Lög um aðstoð til vatnsveitna* .

A-deild., Stjórnartíðindi fyrir Ísland árið 1923., *Vatnalög*.

Aldís Sigurðardóttir, Kristveig Halldórsdóttir, „Alþjóðlegt menningarsetur. Hús lista- og fræðimanna á Laugarvatni.“ <http://www.gullkistan.is/B%C3%86KLINGUR%20A4web.pdf> (sótt 2 október, 2008).

Arnór Karlsson o.fl. , „Jarðir og ábúendur í Biskupstungum,“ í *Sunnlenskar byggðir. Tungur, Hreppar, Skeið. Samið vegna 70 ára afmælis Búnaðarsambands Suðurlands*. 1 (Búnaðarsamband Suðurlands, 1980).

„Ályktanir XVI. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga 1998,“ *Vefsíða Sambands íslenskra sveitarfélaga* <http://www.samband.is/template1.asp?id=1977#Menningarm%C3%A1l> (sótt 26 september, 2008).

„Ásborg Arnþórsdóttir,“.

Ásborg Arnþórsdóttir, Rögnvaldur Guðmundsson, Sigurður Bjarnason, *Gæði og Gestrisni. Stefnunótun og aðgerðir í ferðamálum í uppsveitum Arnessýslu 2004-2008*. (2003).

Benedikt Hjartarson, „Af úrkynjun, brautryðjendum, vanskapnaði, vitum og sjáendum. Um upphaf framúrstefnu á Íslandi.“ *Ritíð* 1 (2006): bls. 79-119.

Bjarni Harðarson, *Landið, fólkíð og þjóðtrúin. Kortlagðir álagablettir og byggðir trölla, álfa, drauga, skrimsla og útilegumanna í Arnesþingi*.. (Selfoss: Sunnlenska bókaútgáfan, 2001).

---, „Laugarás í Biskupstungum.“ *Arnesingur* 3 (1994): bls. 165-79.

„Blásið til sóknar á sviði menningarmála til að efla samkeppnishæfni Norðurlandanna á heimsvísu,“ *Vefrit menntamálaráðuneytis. mrn.is* http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf_Vefrit/16_2008.pdf.

„Bláskógabyggð,“ <http://www.blaskogabyggd.is/Stjornsysla/Nefndir/> og <http://www.blaskogabyggd.is/Menningarmal/>.

Cassirer, Ernst, *The Philosophy of Symbolic Forms. Language*. (New Haven & London: Yale University Press, 1965).

„Cultural diversity,“ http://portal.unesco.org/culture/en/ev.php-URL_ID=34321&URL_DO=DO_TOPIC&URL_SECTION=201.html.

„Drög að staðardagskrá 21 fyrir Hrunamannahrepp júní 2008,“ http://www.fludir.is/index.php?option=com_docman&task=doc_download&gid=129.

- Eiríkur Þ. Stefánsson, „Ferðamaður mikinn hluta ævinnar. Kafli úr útfararræðu.“ *Lesbók Morgunblaðsins*, 1971.
- Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir, „Skrá yfir þjóðsögur og sagnir í Árnessýslu : skrásettar/útgefnar 1890-1960.“ B.A. - ritgerð í bókasafns- og upplýsingafræði nr. 2040. Leiðbeinandi Stefanía Júlíusdóttir, febrúar 2003.
- Emil Ásgeirsson, „Hrunamannahreppur, sveitarlýsing,“ í *Sunnlenskar byggðir. Tungur, Hreppar, Skeið. Samið vegna 70 ára afmælis Búnaðarsambands Suðurlands.*, Sunnlenskar byggðir. 1 (Búnaðarsamband Suðurlands, 1980).
- Fimm meginstöðir byggðaáætlunar: Traust og fjölbreytt atvinnulíf; Öflug byggðarlög; Aukin þekking og hæfni; Bættar samgöngur; Abersla á sjálfbæra þróun*, (Iðnaðarráðuneytið) http://www.idnadarraduneyti.is/media/Acrobat/Byggd_baek11.pdf (sótt 3 október, 2008,).
- Fólk og fyrirtæki. Um búsetu og starfskilyrði á landsbyggðinni.*, (Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og Bygðarannsóknastofnun, 2003) <http://www.idnadarraduneyti.is/media/Acrobat/buseta.pdf> (sótt 3 október, 2008,).
- „Gáttir - Þróunarverkefni á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu - Nýsköpunarmiðstöð Íslands,“ <http://www.nmi.is/impra/styrkir-og-studningsverkefni/gattir-menningartengd-ferdathjonusta/throunarverkefni-a-svidi-menningartengdrar-ferdathjonustu/> (sótt 3 október, 2008,).
- „Gáttir - Þróunarverkefni í menningartengdri ferðaþjónustu - Nýsköpunarmiðstöð Íslands,“ <http://www.nmi.is/impra/styrkir-og-studningsverkefni/gattir-menningartengd-ferdathjonusta/> (sótt 3 október, 2008,).
- „Gegnir.is,“ http://www.gegnir.is/F/SCYH4XC7J6TMVIHUEUFHFRID45UBTMHCIB3KFHMT1KGKP5YD2A-01606?func=file&file_name=feedback.
- Gilmore, Abigail, „Local Cultural Strategies: A Strategic Review.“ *Cultural Trends*.
- „Grafningur, sveitarlýsing,“ í *Sunnlenskar byggðir. Laugardalur, Grímsnes, Þingvallasveit, Grafningur, Ölfus, Hveragerði og Selvogur*, Sunnlenskar byggðir, ([Selfossi]: Búnaðarsamband Suðurlands, 1983).
- „Grímsnes- og Grafningshreppur,“ http://www.gogg.is/Template1.asp?Sid_NR=424&E_NR=399&VS=1VS1.asp&VT=160&VT2=424.
- „Grímsneshreppur, sveitarlýsing,“ í *Sunnlenskar byggðir. Laugardalur, Grímsnes, Þingvallasveit, Grafningur, Ölfus, Hveragerði og Selvogur*, Sunnlenskar byggðir, ([Selfossi]: Búnaðarsamband Suðurlands, 1983).
- „Grímsævintýri. Hátíð í Grímsnes– og Grafningshreppi,“ http://www.sveitir.is/resources/Files/371_grimsaei_vef_2008.pdf (sótt October 4, 2008,).

Sögubrot síðustu aldar

- Guðjón Már Guðjónsson, „Fyrirlestur.“. 29. október 2008.
- Guðmundur Kristinsson, *Saga Selfoss. Frá 1930 til 1960. 2* (Selfoskaupstaður, 1995).
- Guðmundur Marteinsson, „Þróun rafmagnsmála á Suðurlandsundirlendingu frá öndverðu fram til ársloka 1969,“ í *Suðri. Þættir úr framfarasögu Sunnlendinga frá Lómagnúpi til Helliheiðar*, ([Án útg.st.]: Bjarni Bjarnason, 1970).
- Guðríður Þórarinsdóttir, „Síðasti förumaðurinn,“ í *Inn til fjalla. Rit Félags Biskupstungnamanna í Reykjavík*, I (Prentsmiðjan Hólar hf., 1949).
- Guðrún Helgadóttir, Edward H. Huijbens og Kristín Sóley Björnsdóttir, *Menningartengd ferðaþjónusta í Eyjafirði*. FMSÍ-S-02-2007 (Ferðamálaásetur Íslands, 2007).
- „Gullkistan,“ <http://www.gullkistan.is/dagskra.htm> (sótt 3 október, 2008).
- Halldór Gestsson og Páll Lýðsson, „Ábúendatal Árnessýslu frá 1703 til ca. 2000. Endurbætt útgáfa 2006.“
- Hannes Jónsson, „Líkaböng.“ *Lesbók Morgunblaðsins*, 1971.
- Harris, Ken, *Localism, governance and the public realm. Issues for the local cultural sector*. (London: Museums, Libraries and Archives Council, 2007).
- „Heimasíða Menningarráðs Suðurlands,“ <http://www.sunnanmenning.is/index.php>.
- Heimir Þorleifsson, *Póstsaga Íslands 1873-1935*. ([Reykjavík]: Íslandspóstur, 2004).
- , *Sögupræðir símans. Þróunarsaga íslenskra símamála, gefin út í tilefni af 80 ára afmæli landssíma á Íslandi*. (Reykjavík: Póst- og símamálastofnun, 1986).
- Helgi Guðmundsson, „Sagnir af Hallgrími Halldórssyni. II,“ í *Íslenskir sagnapættir og þjóðsögur*, VIII (Ísafoldarprentsmiðja hf., 1949).
- Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*. (Reykjavík: Sögufélag, 2003).
- Hjörleifur Ólafsson, „Fossárvirkjun 1940-1969.“ *Árnesingur* VIII (2007): bls. 61-74.
- „Hof menningarhús,“ <http://www.menningarhus.is/> (sótt 3 október, 2008,).
- „Hollvinir Grímsness - hollvinir.blog.is,“ <http://hollvinir.blog.is/blog/hollvinir/> (sótt October 4, 2008,).
- „Hrunamannahreppur - Furðubátakeppnin 2008,“ http://www.fludir.is/index.php?option=com_content&task=view&id=162&Itemid=1 (sótt 4 október, 2008,).
- „Ice Fire - Fréttir. 100 ára afmælishátíð,“ <http://www.sveitir.is/Frettir/default.aspx?path=/resources/Controls/8.ascx&C=ConnectionString&Q=Offset%203%20News&Groups=0&ID=418&Prefix=147> (sótt October 4, 2008,).

- „Ice Fire - Fréttir. Frá Landnámsdegi,“ <http://www.sveitir.is/Frettir/default.aspx?path=/resources/Controls/8.ascx&C=ConnectionString&Q=Offset%203%20News&Groups=0&ID=390&Prefix=147> (sótt 4 október, 2008).
- Jón Guðmundsson, „Skeiðahreppur, sveitalýsing,“ í *Sunnlenskar byggðir. Tungur, Hreppar, Skeið*, Sunnlenskar byggðir, ([Selfoss]: Búnaðarsamband Suðurlands, 1980).
- Jón Gunnar Þorsteinsson, Þorsteinn Vilhjálmsson, „Um Vísindavef Háskóla Íslands. 31. ágúst 2005.“
- Kristján Sæmundsson, „Jarðhiti á Suðurlandsundirlendi og nýting hans,“ í Suðri. Þættir úr framfarasögu Sunnlendinga frá Lómagnúpi til Hellisheiðar, ([Án útg.st.]: Bjarni Bjarnason, 1970).
- „Landnámsdagur 2008,“
http://www.skeidgnup.is/word_skjol/Lokadagskra_landnamsd.doc.
- „Landskerfi bókasafna,“ <http://landskerfi.is/>.
- „Laugardalur, sveitarlýsing,“ í *Sunnlenskar byggðir. Laugardalur, Grímsnes, Þingvallasveit, Grafningur, Ölfus, Hveragerði og Selvogur*, Sunnlenskar byggðir, ([Selfossi]: Búnaðarsamband Suðurlands, 1983).
- Lög um breppstjóra 1965, nr. 32 26. apríl*, (2008) <http://www.althingi.is/dba-bin/unds.pl?txti=/wwwtext/html/lagasofn/134/1965032.html&leito=hreppstj%F3ra%00hreppstj%F3rana%00hreppstj%F3rann%00hreppstj%F3ranna%00hreppstj%F3rans%00hreppstj%F3ranum%00hreppstj%F3rar%00hreppstj%F3rarnir%00hreppstj%F3ri%00hreppstj%F3rinn%00hreppstj%F3rum%00hreppstj%F3runum#word1>.
- „Mannfjöldi eftir sveitarfélagi, kyni og aldri 1. desember 1997-2007,“
<http://www.hagstofa.is/?PageID=624&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN02000%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+sveitarf%00lagi%2C+kyni+og+aldri+1%2E+desember+1997%2D2007++%26path=../Database/mannfjoldi/sveitarfelog/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>.
- Margrét Ketilsdóttir, „Athugasemd við "Líkaböng" pistil Hannesar Jónssonar.“ *Lesbók Morgunblaðsins*, 1971.
- „Menning. Listir. Menningararfur. Útvarp. Málrækt. Íþróttir. Æskulýðsmál,“
http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/menning_2007.pdf.
- Menningarmálanefnd Bláskógabyggðar, „Úthlutunarreglur vegna styrkveitinga til listnáms og listtengdra viðburða.“
- „Menningarráð Suðurlands - Styrkveitingar Menningarráðs Suðurlands haustið 2008,“
http://www.sunnanmenning.is/index.php?option=com_content&task=view&id=25&Itemid=31 (sótt 11 október, 2008).
- „Menningarsamningur Suðurlands,“
http://www.sunnanmenning.is/images/stories/menningarsamningur_sudurlands.pdf (sótt 11 október, 2008).

„Menntamálaráðuneytið. Menning, menntun, vísindi,“ *Rit 19*
<http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/ummrnisl.pdf>.

Mercer, Colin, *Towards Cultural Citizenship: Tools for Cultural Policy and Development*.
(Hedemora: The Bank of Sweden Tercentenary Foundation og Gidlunds förlag,
2002).

Monika Magnúsdóttir, „Viðauki 1. Skrá um útgefnar sjálfsævisögur, endurminningarit og samtalsbækur (viðtöl) frá upphafi til ársins 2004. Monika Magnúsdóttir tók saman,“ í *Fortíðardraumar. Sjálfsbókmenntir á Íslandi*, Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar, (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2004).

„MySpace,“ <http://www.myspace.com/> (sótt 1 nóvember, 2008,).

Páll Lýðsson, „Einn vegur í austur - og annar í vestur. Heimildarviðtal við Ólaf Ketilsson sérleyfishafa.“ *Árnesingur* VII (2006): bls. 117-146.

Ravenscroft, Neil, „Developing the Cultural Agenda: The Socio-spatial Dimensions of the Regional Cultural Strategies in England.“ *Space and Polity*. 9:2. (2005) Bls. 149-66.

„SagaTrails,“ <http://sagatrail.is/> (sótt 3 október, 2008,).

„SagaTrails,“ <http://sagatrail.is/islenski/soguslodir.htm> (sótt 3 október, 2008,).

„Samningur um samstarf ríkis og sveitarfélaga á Suðurlandi um menningarmál á Suðurlandi,“
<http://brunnur.stjr.is/mrn/logogregl.nsf/FF6C260B2319251D002567BA004D88CB/12CB1537EB4877B5002572D1003C0958?OpenDocument>.

„Samstarfssamningur sveitarfélaga á Suðurlandi um menningarmál,“
http://www.sudurland.is/vefsidan/Data/MediaArchive/Files/menningarsamningur/samstarfssamningur_mars_2007.pdf.

„Sarpur. Menningarsögulegt gagnasafn,“ <http://sarpur.dev2.stefna.is/>.

„Símtal við Evu Marín Hlynsdóttur, form. Ferða-, menningar- og æskulýðsnefndar Hrunamannahrepps,“.

„Símtal við Gunnar Örn Marteinson oddvita Skeiða- og Gnúpverjahrepps,“.

„Símtal við Hildi Maríu Hilmarsdóttur, nýskipaðann form. menningarmálanefndar Bláskógabyggðar,“.

„Símtal við Hörð Óla Guðmundsson, form. Æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps,“.

„Sjálfsæignarstofnun stofnuð um Hof,“ *mbl.is*, 1 október, 2008
http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2008/10/01/sjalfseignarstofnun_stofnu_d_um_hof/.

„Skeiða- og Gnúpverjahreppur,“ http://www.skeidgnup.is/Nefndir_2006.htm.

Skúli Sæland, *Mannlíf í Biskupstungum*, 2. útgáfa, (Skálholtsstaður, 2008)

Skýrsla nefndar um tengsl menningarsögu þjóðarinnar við ferðaþjónustu, (Samgönguráðuneytið, 1995).

Skýrsla samstarfsbóps um menningarmál á landsbyggðinni, Menntamálaráðuneytið : Skýrslur og álitssgerðir (Menntamálaráðuneytið, 2000).

„Sólheimar - Sjálfbært samfélag. Menningarstarf,“
http://www.solheimar.is/Template1.asp?Sid_NR=479&E_NR=451&VS=1VS1.asp&VT=479 (sótt October 4, 2008,).

„Sólheimar - Sjálfbært samfélag. Menningarveisla Sólheima 2008,“
<http://www.solheimar.is/Efni.asp?Skoda=Article&ID=724> (sótt 4 október, 2008,).

„Stefna í menningarmálum á Suðurlandi,“
http://www.sunnanmenning.is/images/stories/stefna_i_menningarmalum_des202005.pdf (sótt 11 október, 2008,).

Steinþór Gestsson , „Fjárleitir og fjallkóngar í Gnúpverjahreppi.“ *Árnesingur* 6 (2004): bls. 121-72.

„Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum,“
http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_thjod_thjodfraedisafn.

„Sveitir. Upplýsingavefur uppsveita Árnessýslu,“ www.sveitir.is.

Vígfús Einarsson , „Jarðir og ábúendur í Gaulverjabæjarhreppi,“ í *Sunnlenskar byggðir. Flóinn. Samið vegna 70 ára afmælis Búnaðarsambands Suðurlands*, II (Búnaðarsamband Suðurlands, 1981).

„Vísindavefurinn,“ <http://visindavefur.hi.is/article.php?id=54> (sótt 12 október, 2008,).

„Welcome to Facebook! | Facebook,“ <http://www.facebook.com/index.php?lh=923e2f0cf7ebb9ee9635bdabe26a0342> (sótt 1 nóvember, 2008,).

„Welcome to Flickr - Photo Sharing,“ <http://flickr.com/> (sótt 1 nóvember, 2008,).

„YouTube - Broadcast Yourself,“ <http://www.youtube.com/> (sótt 1 nóvember, 2008,).

„Þingvallasveit, sveitarlýsing,“ í *Sunnlenskar byggðir. Laugardalur, Grímsnes, Þingvallasveit, Grafningur, Ölfus, Hveragerði og Selvogur*, Sunnlenskar byggðir, ([Selfossi]: Búnaðarsamband Suðurlands, 1983).

Þorsteinn Jónsson, *Hrunamenn. Ábúendur og saga Hrunamannahrepps frá 1890.. Íslendingar, ættir, byggðir og bú. Árnessýsla 1* (Byggðir og bú ehf., 1999).

Sögubrot síðustu aldar

Þórður Káráson , „Kúa-Grímur og kirkjuklukkurnar í Skálholti.“ *Lesbók Morgunblaðsins*, 1971.

---, „Sagnir af Hallgrími Halldórssyni,“ í *Íslenskir sagnaþættir og þjóðsögur*, VIII (Ísafoldarprentsmiðja hf., 1949).

Æskulýðs- og menningarmálanefnd Bláskógabyggðar , „Erindisbréf fyrir æskulýðs- og menningarmálanefnd Bláskógabyggðar.“